

Hagsmunagæsla

Íslands gagnvart Evrópusambandinu

--- Vöktum allt en einbeitum okkur að því mikilvægasta ---

Forgangslisti 2024 – 2029

- Útgefinn 17. október 2025
- Uppfærður 3. júlí 2026

Efnisyfirlit

Formáli	2
Forgangslistinn - Yfirlit	3
1. Gildissvið og gildistími	5
2. Aðferðarfræði og viðmið við forgangs röðun	6
2.1 Inngangur – kjörorð hagsmunagæslunnar	6
2.2 Almennir eða sérstakir hagsmunir	7
2.2.1 Skilgreining almennra hagsmuna	8
2.2.2 Skilgreining sérstakra hagsmuna – viðmið	8
2.3 Forgangs röðun vegna tafa á upptöku máls í EES-samninginn	9
2.4 Önnur sjónarmið sem réttlæta forgangs röðun	9
2.5 Vöktunarlisti vegna mikilvægra stefnumótunaráætlana	9
2.6 Skilgreining hagsmunagæslu í skilningi forgangslistans	9
3. Almennt um stefnumörkun ESB fyrir tímabilið 2024 – 2029	10
3.1 Fimm ára stefnuáætlun leiðtogaráðs ESB	10
3.2 Stefnuáherslur framkvæmdastjórnar ESB fyrir tímabilið 2024 - 2029 og árlegar starfsáætlanir	11
4. Greining á stefnumörkun ESB og einstökum málum á grundvelli settra viðmiða	12
4.1 Ný áætlun um sjálfbæra hagsæld og samkeppnishæfni	12
4.2 Nýir tímar í varnar- og öryggismálum Evrópu	36
4.3 Stuðningur við samfélög og velferðarkerfi	43
4.4 Viðhald lífsgæða: landbúnaður, fæðuöryggi, vatn og náttúra	49
4.5 Vernd lýðræðis og grunngilda ESB	53
4.6 Hnattrænt ESB: Nýtum styrkleikana og samstarfið	56
4.7 Árangur fyrir alla og undirbúningur fyrir framtíðina	57
4.8 Önnur tiltekin mál sem bíða upptöku í EES-samninginn	59
4.8.1 Mál þar sem m.a. kann að vera þörf á mikilvægum efnislegum aðlögunum	59

4.8.2 Mál þar sem upptaka í EES-samninginn hefur tafist óhóflega	64
5. Greining á helstu verkefnum sem snúa að tvíhliða samskiptum Íslands og ESB	65
5.1 Landamæravarsla og innri öryggismál – Schengen-samstarfið.....	65
5.2 Varnar- og öryggismál	67
5.3 Utanríkisviðskipti.....	68
5.4 Beiting þvingunarráðstafanna	68
5.5 Sjávarútvegsmál.....	69
5.6 Landbúnaðarmál.....	69
5.7 Heilbrigðismál.....	70
5.8 Loftslagsmál	70
5.9 Öryggisfjarskipti um gervihnetti.....	71
5.10 Norðurslóðarmál	72
6. Niðurstöður: Forgangslisti við hagsmunagæslu	72
6.1 Mál þar sem talið er að Ísland kunni að eiga sérstakra hagsmuna að gæta	72
6.2 Mál sem rétt þykir að forgangsraða á grundvelli annarra sjónarmiða.....	74
6.3 Mál þar sem upptaka í EES-samninginn hefur tafist óhóflega	75
6.4 Sérstök vöktun stefnumótunaráætlana	75
6.5 Mál sem varða tvíhliða samskipti Íslands og ESB.....	76

Formáli

Forgangslisti mála vegna hagmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) var fyrst gefinn út árið 2016. Forgangslistinn og aðferðafræðin við gerð hans var tekinn til gagnerrar endurskoðunar í aðdraganda að kosningum til Evrópuþingsins og í kjölfar skipunar á nýrri framkvæmdastjórn árið 2024. [Forgangslisti í nýju formi](#) var síðan gefinn út 17. október 2025 með hliðsjón af stefnuáherslum og starfsáætlun nýrrar framkvæmdastjórnar og tekur gildistími listans mið af stefnumótunartímabili ESB, sem afmarkast af Evrópuþingskosningum á fimm ára fresti. Er forgangslisti því samkvæmt efni sínu, til fimm ára, 2024 – 2029. Hins vegar er gert ráð fyrir heildarendurskoðun á miðju tímabili auk reglulegra uppfærsla þess á milli, m.a. með hliðsjón af árlegum starfsáætlunum framkvæmdastjórnar ESB og nýjum málum sem koma fram og endurmati á eldri málum, eftir því sem tilefni er til og þörf krefur, sbr. tímalínu hér að neðan í skjalinu. Listinn er eins og áður segir unninn samkvæmt endurskoðaðri aðferðafræði, sem miðar að því að greina með markvissari og skipulegri hætti þau mál þar sem talið er að Ísland kunni að hafa sérstaka hagsmuni, sbr. nánari umfjöllun um aðferðafræðina síðar í skjalinu.

Fyrsta uppfærsla á forgangslistanum lítur hér dagsins ljós og tekur hún m.a. mið af starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2026 sem birt var síðla í október 2025 sem og öðrum málum sem kynnt hafa verið á vettvangi ESB og framgangi eldri mála.

Um nánari efnislega umfjöllun um einstök mál á vettvangi ESB er í skjalinu vísað til umfjöllunar í [Brussel-vaktinni](#) (Vaktinni), fréttabréfi sendinefndar Íslands gagnvart ESB, þar sem við á.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur fram að ríkisstjórnin hyggist reka utanríkisstefnu sem byggir á mannréttindum, friði, virðingu fyrir alþjóðalögum og náinni samvinnu við ESB, önnur norræn ríki og Atlantshafsbandalagið. Jafnframt að mótuð verði öryggis- og varnarmálastefna. Þá mun þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að ESB fara fram 29. ágúst 2026, sbr. [ályktun Alþingis](#) um að atkvæðagreiðsluna sem samþykkt var 28. maí 2026. Þessi stefnumið og enn fremur þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað í alþjóðakerfinu gefa ríkt tilefni til þess að nánar verði fylgst með stefnumörkun ESB í víðu samhengi svo sem á sviði öryggis- og varnarmála, utanríkisviðskipta- og tollastefnu, iðnaðarstefnu og sjávarútvegs- og landbúnaðarmála og öðrum sviðum sem falla utan gildissviðs EES-samningsins, eftir því sem tilefni er til og tekur forgangslistinn m.a. mið af því.

Forgangslistinn - Yfirlit

FORGANGSLISTINN*

Eftirfarandi mál hafa verið færð á forgangslista vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB byggt á niðurstöðum greiningar á stefnuáherslum og starfsáætlunum ESB fyrir tímabilið 2024 – 2029. Sjá nánari umfjöllun um efnisatriði mála og forsendur forgangsróðunar í 4. og 5. kafla og í samantekt um niðurstöður forgangsróðunar í 6. kafla.

Sérstakir hagsmunir (EES-mál og mál sem snúa að tvíhliða samskiptum):

- [Fjárfestingaáætlun um sjálfbærar samgöngur](#)
- [Löggjafartillaga um endurskoðun á tilskipun um opinber innkaup](#)
- [Tillaga um nýjan samkeppnishæfnissjóð](#)
- [Breytingar á regluverki um áfallastjórnun banka og innstæðutryggingakerfi](#)
- [Endurskoðun á tollabandalagi og tollkerfi ESB](#)
- [Endurskoðun lyfjalöggjafar ESB](#)
- [Reglugerðir um endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna- rafeldsneyti](#)
- [Reglugerð um umbúðir og umbúðaúrgang](#)
- [Löggjafartillaga um mikilvæg og lífsmáðsynleg lyf](#)
- [Stofnun nýs varnarmálasjóðs](#)
- [Aðgerðaáætlun um öryggi sæstrengja](#)
- [Löggjafartillaga um samræmingu almannatrygginga](#)
- [Löggjafartillaga um breytingu á loftslagslögum ESB](#)
- [Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í iðnaði, sjóflutningum o.fl.](#)
- [Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í flugi](#)
- [Löggjafartillaga um breytingar á reglugerð um ráðstafanir til að vernda fiskistofna gegn ósjálfbærum veiðum](#)
- [Löggjafartillaga um rýni beinna erlendra fjárfestinga](#)
- [Ný langtíma fjármálaáætlun ESB 2028 – 2034 og samstarfsáætlanir ESB](#)
- [Tilskipun um orkunýtni bygginga](#)
- [Reglugerð um kolefnisjöfnunargjald við landamæri](#)
- [Reglugerð um vistvænt flugvélaeldsneyti](#)
- [Reglugerð um breytingar á reglugerð um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt](#)
- [Reglugerð um breytingar á reglugerð um samfélagslosun](#)
- [Vottunarrámmi vegna fjarlægingar kolefnis](#)
- [Reglugerð um Félagslega loftslagssjóðinn](#)
- [Reglugerð um stafræna markaði](#)

- [Reglugerð um stafræna þjónustu](#)
- [Reglugerð um kolefnishlutlausan iðnað](#)
- [Reglugerð um mikilvæg hráefni](#)
- [Tilskipun um hreinsun skólps frá þéttbýli](#)
- [Reglugerð um stofnun Evrópsku Peningaþvættisstofnunar](#)
- [Reglugerð um varnir gegn eyðingu skóga](#)
- [Löggjafartillaga um iðnaðarhraðal](#)
- [Löggjafartillaga um nýtt regluverk á sviði fjarskipta](#)
- [Löggjafapakki um líftækni iðnað](#)
- [Löggjafartillaga um 28. lögsagnarumdæmið fyrir nýsköpunarfyrirtæki](#)
- [Löggjafartillaga um eflingu á starfsemi Löggæslustofnunar Evrópu, Europol](#)
- [Áætlun um aukna framleiðslugetu á vistvænu eldsneyti](#)
- [Samstarf í öryggis- og varnarmálum](#)
- [Landamævaravsla og innri öryggismál – Schengen-samstarfið](#)
- [Hagsmunagæsla gagnvart ESB vegna mögulegra ráðstafanna í tollamálum](#)
- [Samstarf við beitingu þvingunarráðstafanna í þágu friðar, lýðræðis og mannréttinda](#)
- [Samningaviðræður milli Íslands og ESB um markaðsaðgang með sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir skv. endurskoðunarákvæði í samningi EES-EFTA ríkjanna við ESB um framlög í Uppbyggingarsjóð EES og um tollkvóta frá nóvember 2023](#)
- [Samningaviðræður um nýtingu deilistofna og skiptingu veiðiheimilda í Norður-Atlantshafi. Aðrar þjóðir sem koma að þessum samskiptum eru Noregur, Færeyjar, Bretland og Grænland](#)
- [Viðræður um þátttöku í heilbrigðissamstarfi sem liggur utan EES-samningsins, m.a. þátttaka Íslands í nýrri Neyðar- og viðbragðsskrifstofu ESB á sviði heilbrigðismála](#)
- [Viðræður Íslands, Noregs og ESB vegna upptöku uppfærðra loftslagsgerða í EES-samninginn byggt á uppfærðu loftslagsmarkmiði gagnvart Parísarsamningnum úr 40% samdrátt í 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030 m.v. árið 1990. Ásamt viðræðum varðandi mögulegt samstarf eftir 2030](#)
- [Viðræður um þátttöku Íslands í samstarfsáætlun ESB um öryggisfjarskipti um gervihnetti og samstarfsáætlun ESB um fjarskiptakerfi fyrir opinbera aðila](#)
- [Samstarf við ESB í málefnum Norðurslóða](#)

Forgangsöröðun á grundvelli annarra sjónarmiða:

- [Ýmsar löggjafartillögur til einföldunar regluverks, þar á meðal bandormstillögur \(e. Omnibus packages\)](#)
- [Löggjafartillaga um sameiginlega nálgun við endursendingar á fólki í ólögmati för](#)
- [Endurbætur á vegabréfsáritunarstefnu ESB](#)
- [Leiðarvísir um réttindi kvenna](#)
- [Endurskoðun á stefnu ESB í málefnum hinsegin fólks](#)
- [Tilskipun um viðunandi lágmarkslaun](#)
- [Stefnumótun um jafnrétti kynjanna 2026 – 2030](#)

Tafamál:

- [Gerðir sem varða erfðabreytt matvæli](#)
- [Hagtölugerðir](#)
- [Orkugerðir](#)

Sérstök vöktun stefnumótunaráætlana:

- [Leiðarvísir fyrir aukna samkeppnishæfni](#)
- [Stefnumótun fyrir innri markaðinn](#)
- [Hreinatvinnustefna; vegvísir til aukinnar samkeppnishæfni og afkolunar](#)

- [Aðgerðaáætlun um bætt aðgengi að orku á viðráðanlegu verði](#)
- [Stefna um sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og vöxt þeirra](#)
- [Stefnumótun um sparnaðar- og fjárfestingasamband ESB](#)
- [Gervigreindaráætlun](#)
- [Skammtafræðiaætlun](#)
- [Áætlun um lífhagkerfið](#)
- [Aðgerðaáætlun um jarðvarma](#)
- [Hvítbók um varnarmál og endurvopnunaráætlun ESB](#)
- [Viðbúnaðaráætlun ESB](#)
- [Stefna um stuðning við læknisfræðilegar mótvægisáðgerðir gegn lýðheilsuógunum](#)
- [Birgðastöðuáætlun ESB](#)
- [Stefna um innri öryggismál ESB](#)
- [Nýtt miðlægt samskiptakerfi fyrir stjórnvöld sem sinna öryggismálum, m.a. vegna skipulagðrar glæpastarfsemi](#)
- [Stefnumótun um aukna færni vinnuafls - Færniátak](#)
- [Menntastefna á sviði verkfræði, stærðfræði, raunvísinda og náttúruvísinda](#)
- [Neytendastarfsskrá og aðgerðaáætlun um bætta stöðu neytenda á innri markaðinum](#)
- [Stefna um aðgerðir gegn fátækt](#)
- [Húsnæðisstefna ESB](#)
- [Sáttmáli um málefni hafsins](#)
- [Stefnuáætlun um viðnámsþol vatns](#)
- [Aðgerðaáætlun um aðlögun vegna loftslagsbreytinga](#)
- [Áætlun um lýðræðisvarnir](#)
- [Ný efnahagsutanríkisstefna ESB](#)
- [Stefnumótun og umbætur sem talið er nauðsynlegt að ráðast í áður en til inntöku nýrra aðildarríkja kemur](#)
- [Stefnumörkun um evrópskar hafnir](#)
- [Stefnumörkun um málefni siglinga og siglingatengds iðnaðar](#)
- [Áætlun leiðtogaáðs ESB um samkeppnishæfni: Ein Evrópa, einn markaður](#)
- [Aðgerðapakki til að styrkja fullveldi ESB á sviði tæknimála og gervigreindar](#)
- [Stefnumótun um samheldni og stuðning við eyja- og strandsamfélög \(e. Communication on islands and coastal communities\).](#)

* Líkt og nánar er gerð grein fyrir í kafla 2 þar sem fjallað er um aðferðarfræði og viðmið við forgangsröðun þá endurspeglar forgangslistinn ekki endilega almennt mikilvægi mála er kemur að innleiðingu gerða í íslenskan rétt og er mikilvægt að hafa það í huga við lestur á greiningu mála og forgangsröðuninni.

1. Gildissvið og gildistími

Með hliðsjón af áhrifum breyttrar heimsmýndar á EES-samninginn sem birtist m.a. í mikilli fjölgun svonefndra þverlægra gerða á vettvangi ESB tekur forgangslistinn nú, líkt og vikið er að í formála, ekki einungis til mála sem talin eru falla undir EES-samninginn, eins og hefur verið meginstefnan hingað til, heldur endurspeglar forgangslistinn forgangsmál í hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB heildstætt. Þá er sérstaklega áréttað að forgangslistinn gildi einungis um ESB-gerðir á *mótunarstigi* þeirra hjá ESB og fram að upptöku þeirra í EES-samninginn, ef við á, eins og almennt hefur verið hingað til. Forgangslistinn eigi með öðrum orðum ekki við um gerðir á innleiðingarstigi en með innleiðingarstigi er átt við ferlið sem tekur við eftir að samþykktar ESB-gerðir hafa verið teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, þ.e. við innleiðingu gerðar í íslenskan rétt með setningu laga á Alþingi Íslendinga eða með útgáfu stjórnvaldsfyrirmæla af hálfu ráðherra eftir atvikum.

Þá er formlegur gildistími forgangslistans nú fimm ár, þ.e. frá 2024 og fram á mitt ár 2029, eða fram yfir næstu Evrópuþingskosningar.

Áætluð tímalína við mótun, samþykkt og endurskoðun forgangslistans er eftirfarandi:

Mánuður/ár	Tímalína
2024	Vinna við mótun á nýjum forgangslista hófst
Maí 2025	Tillaga að nýjum forgangslista birt í samráðsgátt stjórnvalda
Október 2025	Tillaga að nýjum forgangslista kynnt fyrir utanríkismálanefnd Alþingis og í framhaldi af því lögð fyrir ríkisstjórn til samþykktar
Október 2025 – desember 2026	Forgangslisti uppfærður tvisvar á ári að jafnaði, á vordögum og fyrir áramót, þegar ný starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB hefur verið birt (einföld málsmeðferð*)
Október 2027	Gildistímabil hálfnað, heildarendurskoðun hefst eftir að starfsáætlun fyrir árið 2027 hefur verið birt
Desember 2027	Niðurstaða endurskoðunar lögð fyrir ríkisstjórn til samþykktar
Maí 2027 – maí 2029	Forgangslisti uppfærður tvisvar á ári að jafnaði, á vordögum og fyrir áramót, þegar ný starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB hefur verið birt (einföld málsmeðferð*)
Júní 2029 – maí 2030	Gildistíma lýkur (Evrópuþingskosningar og nýtt stefnumótunartímabil ESB - vinna við mótun á nýjum forgangslista 2029 - 2034 hefst - framangreint ferli endurtekið)

*Með einfaldri málsmeðferð, í framangreindri töflu, er átt við að sendiráð Íslands í Brussel og utanríkisráðuneytið, að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, uppfæri forgangslistann reglulega, þegar tilefni er til, m.a. með hliðsjón af árlegum starfsáætlunum framkvæmdastjórnar ESB, þegar ný mál koma fram og þegar breytingar verða á stöðu mála, án þess að þær breytingar séu sérstaklega bornar undir ríkisstjórn, nema þegar sérstakt tilefni er talið til þess, sbr. lög um Stjórnarráð Íslands. Við uppfærslu verði jafnframt ávallt metið hvort tilefni sé til að kynna efni uppfærslu fyrir utanríkismálanefnd Alþingis í samræmi við þingsköp Alþingis.

2. Aðferðarfræði og viðmið við forgangsöröðun

2.1 Inngangur – kjörorð hagsmunagæslunnar

Hagsmunagæsla við framkvæmd og rekstur EES-samningsins er umfangsmikið verkefni. Meginábyrgð á rekstri samningsins liggur hjá utanríkisráðuneytinu, með aðkomu forsætisráðuneytis, og sendiráðs Íslands í Brussel. Öll ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands og hlutaðeigandi stofnanir sem undir þau heyra, bera þó ábyrgð og hafa ríka aðkomu að verkefninu, í samræmi við skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Stjórnsýsla á Íslandi er fámenn í samanburði við flest önnur ríki og eru sérfræðingar fáir á hverju málefnasviði. Þannig er fámennur hópur sérfræðinga innan stjórnsýslunnar á hverjum tíma, sem

hefur sérfræðiþekkingu á málefnum ESB og stefnumörkun á vegum sambandsins. Hið sama á við um framkvæmd og rekstur EES-samningsins. Þessi staðreynd kallar á stífa forgangsroðun við skipulagningu hagsmunagæslunnar þannig að tryggt sé að megin þunginn og fókusinn beinist að þeim málum og málefnasviðum þar sem Ísland hefur sérstaka hagsmuni.

EES-samningurinn kveður á um að fella skuli inn í samninginn nýja löggjöf sem ESB samþykkir og varðar innri markaðinn. Það leiðir því af eðli samningsins að hvaða gerðir ESB („gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir, tilmæli og aðrar reglur frá ESB) eru teknar upp í samninginn á hverjum tíma helgast af áætlunum og stefnumótun ESB. Forsenda árangursríkrar hagsmunagæslu gagnvart ESB liggur þannig að stórum hluta í því að greina, eins snemma í ferlinu og unnt er, hvort stefnumótun og löggjafartillögur á vettvangi ESB kunni að varða hagsmuni Íslands sérstaklega, þ.e. þannig að ætla megi að áhrif af löggjöf eða stefnumótun geti orðið meiri á íslenska hagsmuni eða hvort þau áhrif geti orðið sértækari en almennt á við annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við forgangsroðun er horft til tillagna framkvæmdastjórnarinnar sem beint er til Evrópuþingsins og ráðsins en síður til afleiddra gerða sem framkvæmdastjórnin setur á grundvelli heimilda í gerðum frá Evrópuþinginu og ráðinu. Eftir sem áður er vel fylgst með undirbúningi slíkra gerða, en Ísland á rétt til þátttöku í meira en 600 lagasetningarnefndum og sérfræðingahópum sem vinna m.a. að undirbúningi lagasetningar á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar. Þar er fyrst fremst reynt að fylgjast með undirbúningi gerða sem varða hagsmuni Íslands með sérstökum hætti og taka sérfræðingar hlutaðeigandi ráðuneyta þátt í þeim nefndum og hópum eftir því sem tilefni er talið til á hverjum tíma.

Í samræmi við framangreint er unnið eftir kjörorðunum: *Vöktum allt en einbeitum okkur að því mikilvægasta.*

Röðun máls á forgangslistann endurspeglar þannig ekki endilega *almennt* mikilvægi málsins er kemur að *innleiðingu í íslenskan rétt* og er mikilvægt að hafa það í huga við lestur á greiningu mála og forgangsroðuninni.

Mikilvægur liður í framangreindu hagsmunamati er samráð við Alþingi og haghafa á Íslandi og vönduð upplýsingagjöf til þeirra, m.a. á vettvangi Brussel-vaktarinnar.

2.2 Almennir eða sérstakir hagsmunir

Við undirbúning og frágang löggjafartillagna á vettvangi ESB er jafnan fylgt ítarlegum reglum og verklagi við upplýsingaöflun, mati á valkostum, viðtæku áhrifamati, þ. á m. á samkeppnishæfni (e. Competitiveness check), sem og með mati á gæðum gildandi löggjafar og samráði við aðildarríkin, stofnanir ESB, haghafa og almenning á mismunandi stigum undirbúnings. Fjallað er um verklagsreglur þessar í leiðbeiningarriti framkvæmdastjórnarinnar um vandaða lagasetningu (e. [Better Regulation Guidelines](#)), sbr. einnig „verkfærakistu“ fyrir vandaða lagasetningu (e. [Better Regulation toolbox](#)).

Almennt má ætla að áhrifamat sem unnið er samkvæmt framangreindu eigi með sama hætti við um Ísland og um aðildarríki ESB almennt. Er þannig í flestum tilvikum á grundvelli þess áhrifamats unnt að meta væntanlega löggjöf og áhrif hennar á íslenska hagsmuni með sama hætti og unnt er að meta áhrifin á hagsmuni einstakra aðildarríkja ESB. Þannig má ætla að áhrif lagagerðar á íslenska hagsmuni séu jafnan áþekk að efni og umfangi og almennt á við um áhrif á hagsmuni aðildarríkja ESB. Þegar staðan er sú má segja að Ísland hafi *almenna hagsmuni* af framgangi gerðar og væntanlegri upptöku hennar í EES-samninginn. Almennir hagsmunir geta þó

vissulega verið umfangsmiklir en það breytir því þó ekki að þeir teljast almennir þar sem þeir eru á pari við það sem almennt á við um hagsmuni aðildarríkjanna. Á hinn bóginn getur sú staða verið uppi í einstaka tilvikum að vegna tiltekinnar sérstöðu Íslands eða sérstakra aðstæðna á Íslandi séu áhrifin þar meiri en almennt á við í aðildarríkjunum eða að íslensk stjórnvöld hafi aðra hagsmuni af því að reyna að hafa áhrif á efni þeirra. Í slíkum tilvikum má segja að Ísland hafi *sérstaka hagsmuni* af framgangi gerðar og, eftir atvikum, af væntanlegri upptöku hennar í EES-samninginn.

Þegar framangreint er metið þarf að hafa í huga að áhrifamat framkvæmdastjórnarinnar tekur yfirleitt einungis mið af aðstæðum í aðildarríkjum ESB. Þannig kann að vera að við undirbúning löggjafar á vettvangi ESB hafi ekki verið tekið tillit til sérstakra aðstæðna eða hagsmuna sem eiga við um Ísland í ríkari mæli en í aðildarríkjunum almennt.

Samkvæmt framangreindu er hér lagt til að við forgangsöröðun mála í hagsmunagæslu fyrir Ísland verði hagsmunir í grófum dráttum flokkaðir í tvennt, þ.e. annars vegar í *almenna hagsmuni* og hins vegar í *sérstaka hagsmuni*. Mál þar sem Ísland hefur sérstaka hagsmuni verði með skipulögðum hætti forgangsraðað við hagsmunagæsluna.

2.2.1 Skilgreining almennra hagsmuna

Skilgreining almennra hagsmuna:

Með hugtakinu *almennir hagsmunir* er vísað til þess að hagsmunir Íslands af máli þyki almennt að umfangi og efni þeir sömu og á við að jafnaði um aðildarríki ESB.

Fyrirfram má gera ráð fyrir að mikill meiri hluti löggjafarmála sem varða EES-samninginn falli í þennan flokk.

2.2.2 Skilgreining sérstakra hagsmuna – viðmið

Skilgreining sérstakra hagsmuna:

Með hugtakinu *sérstakir hagsmunir* er vísað til þess að hagsmunir Íslands af máli á vettvangi ESB kunni í einhverju tilliti að vera sérstakir að umfangi og efni, umfram það sem á við um aðildarríki ESB að jafnaði.

Við mat á því hvort sérstakir hagsmunir séu, eða gætu verið, fyrir hendi er m.a. höfð hliðsjón af eftirfarandi viðmiðum (ekki tæmandi talning):

- Landfræðilegri legu landsins.
- Dreifbýli landsins og fámenni.
- Hvort Ísland hafi sérstöðu á viðkomandi sviði innri markaðarins m.a. vegna einangrunar eða fjarlægðar frá öðrum markaðssvæðum.
- Hvort gerð varði sérstaklega mikilvægar útflutningsgreinar Íslands.
- Hvort gerð teljist þverlæg, þ.e. með þeim hætti að hún tengist bæði málefnum innri markaðarins og málefnum sem falla utan gildissviðs EES-samningsins, eins og til dæmis utanríkisstefnu ESB eða viðskiptum við þriðju ríki.
- Hvort uppi séu álitaefni sem snúa að tveggja stöða kerfi EES-samningsins, t.d. ef talið er að gerð kunni að fela í sér að ákvörðunarvald gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES sé flutt

til stofnunar ESB í stað þess að vera hjá EFTA-ríkjunum sjálfum eða vistað hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

- Hvort gerð geti haft áhrif á viðskipti Íslands við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2.3 Forgangsröðun vegna tafa á upptöku máls í EES-samninginn

EES-samningurinn kveður á um að sameiginlega EES-nefndin skuli taka ákvörðun um upptöku gerða eins fljótt og unnt er eftir að ESB hefur samþykkt nýja löggjöf sem talin er falla undir EES-samninginn og er markmiðið með þessu að tryggja réttaröryggi og einsleitni á innri markaðinum. Engu að síður getur upptaka gerða í samninginn tafist umfram það sem eðlilegt getur talist og geta margvíslegar ástæður legið þar að baki. Hafa EFTA-ríkin innan EES og framkvæmdastjórn ESB komið sér upp aðgerðaráætlun (e. *Action Plan*) vegna slíkra gerða þar sem leitast er við að finna sameiginlegar lausnir þannig að unnt sé að ljúka upptöku þeirra gerða sem lengst hafa tafist.

Einstakir flokkar gerða eru færðar á forgangslista vegna hagsmunagæslu þar sem umtalsverðar tafir á upptöku geti raskað mikilsverðum hagsmunum sem felast í skilvirkum rekstri samningsins og orðsþori Íslands sem áreiðanlegs og trausts samningsaðila.

2.4 Önnur sjónarmið sem réttlæta forgangsröðun

Við forgangsröðun er ekki einungis gert ráð fyrir því að sérstakir hagsmunir ráði forgangsröðun heldur er gert ráð fyrir að önnur sjónarmið eða viðmið geti í einstökum tilvikum réttlætt forgangsröðun, svo sem ef talið er að Ísland búi yfir einhverri tiltekinni sérþekkingu á málefni, enda þótt hagsmunir af máli eða málefni teljist ekki sérstakir samkvæmt framangreindu eða ef mál hefur tengingu við sérstakar stefnuáherslur ríkisstjórnar líkt og vikið er að í formála eða aðra tiltekna hagsmuni eða áherslur Íslands.

2.5 Vöktunarlisti vegna mikilvægra stefnumótunaráætlana

Helstu stefnumótunaráætlanir nýrrar framkvæmdastjórnar eru settar á forgangslistann eða sérstakan vöktunarlista innan hans, svo sem hreinatvinnustefnan (e. Clean Industrial Deal) og hvítbók um varnarmál (e. White Paper on Future of European Defence). Ástæðan er sú að ekki verður unnt að leggja mat á einstakar löggjafartillögur sem jafnframt hafa verið boðaðar undir merkjum þessara áætlana með hliðsjón af hagsmunum Íslands fyrir en áformaskjöl eða beinar tillögur liggja fyrir frá framkvæmdastjórninni.

Þannig myndar vöktunarlisti þverlægra og mikilvægra stefnumótunaráætlana stoð í nýjum forgangslista samhliða forgangslista vegna löggjafartillagna og tvíhliða samskipta sem helst eru í deiglu, enda þótt hann leiði ekki endilega til sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda nema meira komi til, sbr. umfjöllun í kafla 2.6. hér á eftir.

2.6 Skilgreining hagsmunagæslu í skilningi forgangslistans

Eins og áður segir snýr forgangslisti vegna hagsmunagæslu gagnvart ESB að vöktun mála á mótunarstigi hjá ESB og á upptökustigi í EES-samninginn, ef við á. Ákvörðun um að setja tiltekið mál á forgangslistann felur í sér, að líkur séu taldar á að grípa þurfi til sértækra aðgerða til að gæta sérstakra hagsmuna Íslands, sbr. skilgreiningar hér að framan á almennum og sérstökum hagsmunum. Slíkar aðgerðir fara eftir því hvar í ferlinu málið er og geta falist í að:

- ástæða sé talin til að reyna að hafa áhrif á mótun gerðar á *undirbúnings- eða forstigi* hjá framkvæmdastjórn ESB, vegna sérstakra hagsmuna,
- ástæða sé til þess að reyna að koma að breytingartillögum við löggjafartillögu á *vinnslustigi* sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram á Evrópuþinginu og í ráðherraráði ESB, vegna sérstakra hagsmuna,
- ástæða sé til þess eftir atvikum, *eftir að gerð hefur verið samþykkt hjá ESB*, að fara fram á sérstaka efnislega aðlögun við upptöku gerðar í EES-samninginn.

Slíkar aðgerðir geta, nánar tiltekið, m.a. falist í því að:

- óska eftir fundi eða fundum vegna máls með viðeigandi aðilum innan framkvæmdastjórnar ESB, í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu til að gera grein fyrir sérstöðu og sérstökum hagsmunum Íslands af málinu,
- eiga sérstakt samráð við íslenska haghafa,
- taka saman gögn og móta skýran rökstuðning í málinu,
- senda inn umsögn vegna máls þar sem sérstakir hagsmunir Íslands eru tilgreindir og reifaðir.

3. Almennt um stefnumörkun ESB fyrir tímabilið 2024 – 2029

Stefnumörkun ESB, 2024 – 2029, byggir í grunninn á þremur meginstoðum, þ.e.:

- Fimm ára stefnuáætlun leiðtoga ráðs ESB (e. [Strategic Agenda](#))
- Stefnuáherslum forseta framkvæmdastjórnar ESB (e. [Political Guidelines](#))
- Árlegum starfsáætlunum framkvæmdastjórnar ESB
 - Starfsáætlun fyrir árið 2025 (e. [Commission work programme 2025](#))
 - Starfsáætlun fyrir árið 2026 (e. [Commission work programme 2026](#))
 - (Starfsáætlun fyrir árið 2027)
 - (Starfsáætlun fyrir árið 2028)
 - (Starfsáætlun fyrir árið 2029)

Að auki hafa formennskuáætlanir aðildarríkja ESB mikla þýðingu en formennska í ráðinu gengur á milli aðildarríkja ESB í ákveðinni röð og er formennskutímabilið sex mánuðir í senn. Enn fremur mun framkvæmdastjórnin leggja til tillögur um ýmis viðbrögð vegna ófyrirséðra atburða eða aðstæðna sem taka þarf afstöðu til hverju sinni.

3.1 Fimm ára stefnuáætlun leiðtoga ráðs ESB

Stefnuáætlun leiðtoga ráðs ESB, sem samþykkt var í leiðtogaráðinu 17. júní 2024, er skipt upp í þrjá hluta þar sem sett eru fram stefnumarkmið fyrir ESB undir merkjum:

- frelsis og lýðræðis (e. A free and democratic Europe)
- styrks og öryggis (e. A strong and secure Europe)
- hagsældar og samkeppnishæfni (e. A prosperous and competitive Europe)

Stefnuáætlun leiðtogaráðsins dregur upp breiðu línurnar í stefnumörkun ESB til næstu fimm ára, sem síðan eru nánar útfærðar í stefnuáherslum og starfsáætlunum framkvæmdastjórnarinnar. Efnistöð í stefnuáætluninni markast mjög af þeirri stöðu sem nú er uppi í Evrópu og í alþjóðasamskiptum og -viðskiptum sem og af stöðu umhverfis- og loftslagsmála. Þá hefur árásarstríð Rússlands gagnvart Úkraínu gjörbreytt stöðu öryggis- og varnarmála í álfunni, sem og breytt stefna Bandaríkjanna gagnvart Úkraínu og í varnarmálum almennt.

Meginþemu í stefnuáætlun leiðtogaráðsins eru eftirfarandi:

- að styrkja samkeppnishæfni ESB og um leið að ná markmiðum um kolefnishlutleysi og umhverfisvernd m.a. uppbyggingu og þróun græns tækniiðnaðar og stafrænum umskiptum,
- að takast á við áskoranir vegna fólksflutninga,
- að taka nauðsynlega ábyrgð á varnar- og öryggismálum,
- að takast á við alþjóðlegar áskoranir á grundvelli alþjóðalaga og á vettvangi alþjóðastofnana,
- að byggja upp samkeppnishæft félagslegt efnahagskerfi,
- að hlúa að frumkvöðlastarfsemi,
- og að næsta langtíma fjármálaáætlun ESB endurspegli framangreindar stefnuáherslur.

Sjá nánari umfjöllun um stefnuáætlun leiðtogaráðsins í [Vaktinni 26. júlí 2024](#).

3.2 Stefnuáherslur framkvæmdastjórnar ESB fyrir tímabilið 2024 - 2029 og árlegar starfsáætlanir

Eins og áður segir fela stefnuáherslur framkvæmdastjórnar ESB og árlegar starfsáætlanir hennar í sér nánari útfærslu á stefnuáætlun leiðtogaráðs ESB.

Stefnuáherslum framkvæmdastjórnarinnar er skipt í eftirfarandi sjö meginþætti, eða kafla, en undir hvern þátt falla ýmsar stefnuáætlanir og löggjafaráform:

1. Ný áætlun um sjálfbæra hagsæld og samkeppnishæfni (e. A new plan for Europe's sustainable prosperity and competitiveness)
2. Nýir tímar í varnar- og öryggismálum Evrópu (e. A new era for European Defence and Security)
3. Stuðningur við samfélög og velferðarkerfi (e. Supporting people, strengthening our societies and our social model)
4. Viðhald lífsgæða: landbúnaður, fæðuöryggi, vatn og náttúra (e. Sustaining our quality of life: farming, food security, water and nature)
5. Vernd lýðræðis og grunngilda ESB (e. Protecting our democracy, upholding our values)
6. Hnattrænt ESB: Nýtum styrkleikana og samstarfið (e. A global Europe: Leveraging our power and partnerships)

7. Árangur fyrir alla og undirbúningur fyrir framtíðina (e. Delivering together and preparing our Union for the future)

Þá er í stefnumörkuninni lögð gríðarleg áhersla á einföldun regluverks, einkum til að auka samkeppnishæfni og léttu reglubyrði af atvinnulífinu og eru boðaðar margar löggjafartillögur um einföldun regluverks, þ. á m. nokkrar bandorms-löggjafartillögur (e. Omnibus packages) sem ætlaðar eru til einföldunar á mismunandi málefnasviðum.

Sjá nánari umfjöllun um framangreindar stefnuáherslur og -áætlanir framkvæmdastjórnarinnar í [Vaktinni 26. júlí 2024](#), þar sem fjallað var um stefnuáherslur forseta framkvæmdastjórnar ESB, Ursulu von der Leyen, eins og þær voru birtar í júlí 2024 í aðdraganda að endurkjöri hennar, og í umfjöllun [Vaktarinnar 14. febrúar 2025](#), um starfsáætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2025.

Hafa ber í huga að stefnumörkun og -áherslur kunna að breytast og þróast í samræmi við breytingar sem verða innan ESB og á alþjóðavettvangi á tímabilinu og verður hagsmunaskjal þetta og forgangslisti uppfærður reglulega til samræmis, líkt og gerð er grein fyrir hér að framan, sbr. þá uppfærslu sem hér er birt.

4. Greining á stefnumörkun ESB og einstökum málum á grundvelli settra viðmiða

Í eftirfarandi kafla eru listaðar upp stefnumótunaráætlanir og löggjafartillögur sem boðaðar hafa verið í framangreindum stefnu- og starfsáætlunum framkvæmdastjórnar ESB. Málin eru flokkuð í samræmi við framangreinda sjö kafla, eða meginþætti, í stefnuáherslum framkvæmdastjórnar ESB. Innan hvers kafla er málunum skipt í tvennt, annars vegar *ný mál* (e. New initiatives) sem framkvæmdastjórnin hefur boðað að lögð verði fram og hins vegar *óafgreidd mál* (e. Pending proposals) frá fyrra stefnumótunartímabili sem framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að fái áframhaldandi framgang og afgreiðslu í Evrópuþinginu og í ráðherraráði ESB, sbr. [viðaukaskjal](#) sem fylgir starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2025. Eru málin jafnframt greind með tilliti til forgangsörðunar við hagsmunagæslu á grundvelli framangreindrar aðferðarfræði.

Í kafla 4.8 er síðan fjallað um mál sem afgangur hafa verið hjá ESB en bíða upptöku í EES-samninginn.

Í lok umfjöllunar um hverja gerð er tilgreint undir málefnasvið hvaða ráðuneytis eða ráðuneyta málin falla að meginstefnu, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Vísað er til ráðuneyta með skammstöfunum á heitum þeirra, þ.e. forsætisráðuneyti (FOR), atvinnuvegaráðuneyti (ATRN), dómsmálaráðuneyti (DMR), félags- og húsnæðismálaráðuneyti (FRN), fjármála- og efnahagsráðuneyti (FJR), heilbrigðisráðuneyti (HRN), innviðaráðuneyti (IRN), menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti (MNH), mennta- og barnamálaráðuneyti (MRN), umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti (URN) og utanríkisráðuneyti (UTN).

4.1 Ný áætlun um sjálfbæra hagsæld og samkeppnishæfni

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Leiðarvísir fyrir aukna samkeppnishæfni** (e. [Competitiveness Compass](#)).

Leiðarvísirinn fól í sér fyrsta stóra og þverfaglega stefnumótunarskjalið sem núverandi framkvæmdastjórn sendi frá sér eftir að hún tók við embætti 1. desember 2024.

Leiðarvísinum er ætlað að varða leiðina til aukins hagvaxtar með áherslu á aukna nýsköpun og framleiðslu samhliða einföldun regluverks. Markmið um græn og stafræn umskipti (e. twin transition) halda gildi sínu en leitað leiða til að þau dragi ekki úr samkeppnishæfni og áhersla lögð á tæknilegt hlutleysi, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 31. janúar 2025](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: ATRN, MNH, URN o.fl.)

- **Stefnumótun fyrir innri markaðinn (e. [Single Market Strategy](#)).**

Meginmarkmið stefnumótunarinnar er að stuðla að betri samþættingu og einföldun á innri markaðinum, sjá til hliðsjónar umfjöllun um afstöðu EES/EFTA-ríkjanna til málsins í [Vaktinni 30. maí 2025](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: ATRN o.fl.)

- **Ýmsar löggjafartillögur til einföldunar regluverks, þar á meðal bandormstillögur (e. Omnibus packages), á mismunandi málefnasviðum eru boðaðar undir þessum þætti áætlunarinnar.**

Um er að ræða eftirtaldar tillögur:

- *Bandormstillaga um einföldun regluverks á sviði sjálfbærnimála (e. [First Omnibus package on sustainability](#)).* Tillagan er komin fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#) og felur í sér markvissar breytingar á sjálfbærniregluverki ESB sem samþykkt var í tíð fyrri framkvæmdastjórnar Ursulu von der Leyen sem hluti af Græna sáttmálanum (e. The European Green Deal). Samhliða var lögð fram og samþykkt hinn 14. apríl 2025 svonefnd *Stop the clock* löggjafartillaga sem frestaði gildistöku ýmissa ákvæða í sjálfbærniregluverkinu. Samkomulag um afgreiðslu meirihluta bandormstillögunnar náðist milli ráðherraráðsins og Evrópupingsins hinn 29. september og 9. desember 2025, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#) og hefur gerðin nú verið samþykkt og birt. Áætla má að breytingarnar muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulífi í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.
- *Bandormstillaga um einföldun regluverks á sviði fjárfestinga (e. [Second Omnibus package on investment simplification](#)).* Tillagan er komin fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#). Með tillögunni eru lagðar til breytingar til einföldunar á regluverki nokkurra samstarfs- og fjárfestingaráætlana ESB, þ.m.t. Invest EU-sjóðsins. Samkomulag náðist um efni málsins milli ráðherraráðsins og Evrópupingsins 23. september 2025, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 26. september 2025](#). Áætla má að tillagan muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulífi í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.
- *Bandormstillaga um einföldun regluverks um lítil og meðalstór fyrirtæki (e. [Fourth Omnibus package, including on small mid-caps and removal of paper requirements](#)).* Tillagan er komin fram og er þar m.a. lagt til að innleidd verði ný skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum (e. Small mid-caps) og að einfaldað og sérsníðið regluverk gildi um slík fyrirtæki. Samkomulag hefur nú náðst um efni tillögunnar í þríhliða viðræðum, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 19. júní 2026](#). Með tillögunni eru lagðar

til breytingar til einföldunar á regluverki sem áætla má að muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulíf í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.

- *Tillaga um endurskoðun og einföldun reglugerðar um sjálfbær fjármál* (e. [Revision of the Sustainable Finance Disclosure Regulation](#)).

Tillagan er komin fram og eru þar lögð til umfangsmikil uppfærsla á reglum um sjálfbær fjármál. Markmiðið er að laga reglurnar að markaðsvenjum, draga úr flækjustigi og gera upplýsingagjöf skýrari og gagnlegri fyrir fjárfesta, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. nóvember 2025](#). Með tillögunni eru lagðar til breytingar til einföldunar á regluverki sem áætla má að muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulífi í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.

- *Tillaga um einföldun regluverks á sviði stafrænna mála* (e. [Digital package](#))

Tillagan var kynnt 19. nóvember 2025 og er ætlað að einfalda gildandi reglur um gervigreind, netöryggi, persónuvernd og gagnamál auk þess sem sérstök tillaga var lögð fram samhliða um Evrópska fyrirtækjaveskið (e. [European Business Wallet](#)) en markmið þeirrar tillögu er að gera auðkenningu, gagnamiðlun og samskipti fyrirtækja við opinbera aðila og önnur fyrirtæki hraðari, öruggari og samræmdari. Sjá umfjöllun í [Vaktinni 21. nóvember 2025](#) og í [Vaktinni 22. maí 2026](#). Er álitíð að tillagan muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulífi í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.

- *Tillaga um einföldun regluverks á sviði varnarmála* (e. [Defence Readiness Omnibus](#)). Fjallað var um málið í [Vaktinni 11. júlí 2025](#).

- *Tillaga um breytingar og einföldun regluverks um lækningatæki* (e. [Proposal for a regulation to simplify rules on medical and in vitro diagnostic devices](#)). Tillagan er komin fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#), sbr. einnig umfjöllun [Vaktarinnar 3. júlí 2026](#) þar sem greint er frá samkomulagi sem náðst hefur um efni málsins. Markmiðið er að einfalda regluverkið, draga úr stjórnsýslu og bæta fyrirsjáanleika í vottunarferlum fyrir lækningatæki, án þess að draga úr öryggi sjúklinga og vernd lýðheilsu. Með tillögunni eru lagðar til breytingar sem ætlað er að stuðla að auknu aðgengi að lækningatækjum og bæta virkni regluverksins. Gera má ráð fyrir að breytingarnar geti haft sambærileg áhrif hér á landi og í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.

- *Bandormstillaga um einföldun regluverks á sviði efna* (e. [Chemicals Omnibus](#)).

Tillögurnar voru kynntar 8. júlí 2025 og hafa að markmiði að einfalda efnalöggjöf ESB með því að draga úr kostnaði og stjórnsýslulegu álagi fyrir fyrirtæki í allri virðiskeðju efnaframleiðslu án þess að skerða öryggi, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 11. júlí 2025](#). Samkomulag hefur nú náðst um efni tillögunnar í príhliða viðræðum, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 19. júní 2026](#). Tillögurnar ná til reglugerða um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, um snyrtivörur og um stafræna merkingu á ESB-áburðarvörum. Áætla má að tillagan muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulíf í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.

- *Bandormstillaga um einföldun regluverks á sviði umhverfismála* (e. [Environmental Omnibus – Omnibus VIII](#)).

Hinn 10. desember 2025 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur sem er ætlað að einfalda regluverk á sviði umhverfismála og m.a. hraða ferlum við mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingum. Einfalda á reglur um losun frá iðnaði og

fyrirtækjum veittur aukinn sveigjanleiki við innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfa og bændur og rekstraraðilar í fiskeldi verða undanþegnir ákveðnum ákvæðum um skýrsluskil og reglum um búrekstur. Stafvæða og einfalda á upplýsingar um hættuleg efni í vörum, einfalda kerfi um framleiðendaábyrgð og auðvelda aðgengi að landfræðilegum gögnum, sbr. nánari umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#). Er álitíð að tillagan muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulífi í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi metnir almennir.

- *Bandormstillaga um einföldun regluverks á sviði bílaiðnaðar* (e. [Automotive package](#))
Hinn 16. Desember 2025 kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögur um einföldun tæknilegra

krafna og prófunarferla fyrir bifreiðar í gildandi löggjöf ESB o.fl., sbr. umfjöllun [Vaktinni 30. janúar 2026](#).

Bandormstillaga um einföldun regluverks á sviði matvæla- og fóðuröryggis (e. [Food and Feed Safety package](#)).

Hinn 16. desember 2025 kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögur sem er ætlað að einfalda reglur í löggjöf ESB, varðandi plöntuverndarvörur, sæfivörur, fóður, opinbert eftirlit og innflutning, með það að markmiði að hraða málsmeðferð og draga úr stjórnsýslubirgði án þess að slaka á kröfum um heilbrigði og velferð dýra eða öryggis- og umhverfiskröfum. Sjá nánari umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

Áætla má að tillagan muni gagnast íslensku atvinnulífi með áþekktum hætti og atvinnulíf í aðildarríkjum ESB og eru hagsmunir Íslands í þeim skilningi almennir.

- *Bandormstillaga um einföldun skattareglna* ([Taxation Omnibus](#))
Markmið breytinganna er að nútímavæða umgjörð ESB um beina skatta og styrkja samkeppnishæfni innri markaðarins. Áætlað er að tillögurnar geti sparað fyrirtækjum í ESB allt að 8 milljarða evra árlega. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 3. júlí 2026](#).
- *Endurskoðun* (e. *Evaluation and fitness check*) *á tilskipun um öryggi fiskiskipa*.
Lagt verður mat á niðurstöður endurskoðunar þegar hún liggur fyrir.
- *Endurskoðun* (e. *Evaluation and fitness check*) *á löggjöf um flugvelli*.
Lagt verður mat á niðurstöður endurskoðunar þegar hún liggur fyrir.

Sjá einnig umfjöllun að neðan um einföldun regluverks á sviði landbúnaðarmála (Omnibus III).

Enda þótt álitíð sé að hagsmunir Íslands af einföldunaráætlunum ESB séu að meginstefnu til almennir er engu að síður talin ástæða, m.a. með vísan til áherslna stjórnvalda á einföldun stjórnsýslu og regluverks, að færa þær áætlanir á forgangslista á grundvelli annarra sjónarmiða. Sjá til hliðsjónar umfjöllun [Vaktarinnar 11. júlí 2025](#) um EES/EFTA-álit um Omnibus.

(Málefnasvið: FJR, ATRN, URN, IRN, UTN o.fl.)

- **Hreinatvinnustefna; vegvísir til aukinnar samkeppnishæfni og afkolunar** (e. [Clean Industrial Deal: A joint roadmap for competitiveness and decarbonisation](#)).
Hreinatvinnustefna, sem framkvæmdastjórn ESB birti 26. febrúar 2025, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#), felur í sér framhald af Græna sáttmálanum og þá jafnframt af framkvæmdaáætlun (atvinnuáætlun) Græna sáttmálans. Ljóst er þó að fókusinn hefur færst til, þ.e. hann er nú í grunninn settur á atvinnuuppbyggingarmarkmiðin en síður á umhverfismarkmiðin.

Um er að ræða víðtæka og þverlæga stefnumótunaráætlun og er gert ráð fyrir að ýmsar löggjafartillögur verði settar fram undir merkjum áætlunarinnar. Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir.
(Málefnasvið: ATRN, URN, UTN, MNH, MRN o.fl.)

- **Aðgerðaáætlun um bætt aðgengi að orku á viðráðanlegu verði (e. [Affordable Energy Action Plan](#)).**

Aðgerðaráætlunin hefur verið lögð fram og er ein af meginstoðum hreinatvinnustefnu ESB. sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#). Áætlunin er í virkri innleiðingu og er hluti af orkuáherslum ESB 2026.

Er talið rétt að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir samhliða hreinatvinnustefnunni.

(Málefnasvið: URN)

- **Löggjafartillaga um iðnaðarhraðal (e. [Industrial Accelerator Act](#)).**

Hinn 4. mars 2026 lagði framkvæmdastjórn ESB fram löggjafartillögu um svonefndan iðnaðarhraðal (e. Industrial Accelerator Act). Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 13. mars 2026](#).

Tillagan er ein meginstoð við framkvæmd stefnumörkunar ESB um aukna samkeppnishæfni atvinnulífs og um aukna afkastagetu iðnaðar í lykilgeirum samhliða aukinni afkolun. Löggjafartillagan byggir á stefnumörkuninni sem sett er fram í vegvísi um aukna samkeppnishæfni (e. Competitiveness Compass) og Hreinatvinnustefnunni (e. Clean Industrial Deal). Í tillögunni er m.a. kveðið á um að vörur sem koma frá ríkjum sem gert hafi fríverslunarsamninga við ESB, eru í tollabandalagi við ESB eða eru aðilar að samningum við ESB um opinber innkaup geti fallið, að uppfylltum nánari skilyrðum, undir regluverkið um svonefndan evrópskan valkost. Má þannig ætla að vörur frá Íslandi og hinum EES/EFTA-ríkjunum og Sviss geti uppfyllt skilyrði þess að teljast evrópskur valkostur samkvæmt tillögunni. Gert er ráð fyrir að nánari afmörkun og skilyrði verði útfærð í afleiddum gerðum sem framkvæmdastjórn ESB mun setja á grundvelli reglugerðarinnar eftir að hún hefur verið samþykkt.

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu sérstakir og er tillagan færð á forgangslista á þeim forsendum. Tryggja verður að Ísland falli undir skilgreininguna á “evrópskum valkosti” og að Ísland teljist ekki þriðja ríki þegar kemur að rýni erlendra fjárfestinga og að því er varðar hömlur á erlendu eignarhaldi innan ESB, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. júní 2026](#) um umsögn íslenskra stjórnvalda um málið.

(Málefnasvið: ATRN, URN, MNH o.fl.)

- **Stefna um sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og vöxt þeirra (e. [EU start-up and scale-up Strategy](#)).**

Í stefnunni er m.a. boðuð tillaga, sem nú er komin fram sbr. umfjöllun neðar í skjalinu, um nýja sameiginlega reglubók á sviði fyrirtækjaréttar, gjaldprotaskiptaréttar og vinnu- og skattaréttar sem nefnd er 28. lögsagnarumdæmið (e. EU 28th legal regime) sem m.a. nýsköpunarfyrirtæki geti valið að starfa eftir til að einfalda regluumhverfi sitt óháð því hvar þau ákveða að fjárfesta og starfa á innri markaðinum. Fjallað var um stefnuna í [Vaktinni 13. júní 2025](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.

(Málefnasvið: MNH, ATRN, o.fl.)

- **Stefnumótun um sparnaðar- og fjárfestingasamband ESB** (e. [Savings and Investment Union](#)).

Stefnan á rót sína að rekja til skýrslu Enricos Letta um framtíð innri markaðarins og er hluti af áætlun um uppbyggingu hins sameiginlega fjármagnsmarkaðar (e. Capital Markets Union), sbr. m.a. umfjöllun í [Vaktinni 31. maí 2024](#) sem og áætlun um bankasambandið (e. Banking Union), sbr. m.a. umfjöllun í [Vaktinni 21. apríl 2023](#). Sjá einnig umfjöllun í [Vaktinni 10. október 2025](#) um stefnuáætlun um aukið fjármálalæsi og tilmæli um sparnaðar- og fjárfestingarreikninga.

Sparnaðar- og fjárfestingasambandi ESB er ætlað að stuðla að auknum sparnaði einkaaðila í þágu framleiðniaukandi verkefna sem ESB leggur áherslu á, m.a. í grænum og stafrænum umskiptum. Til þess að ná því markmiði er stefnt að breytingum á löggjöf ESB sem að uppistöðu til fellur ekki undir EES-samninginn, en breytingarnar gætu engu að síður haft áhrif á Íslandi, t.d. fyrirhuguð samræming á löggjöf um slitameðferð, sbr. nánari umfjöllun um stefnuna í [Vaktinni 21. mars 2025](#). Á grundvelli þessarar stefnumótunar lagði framkvæmdastjórnin fram stefnuáætlun um aukið fjármálalæsi og tilmæli um sparnaðar- og fjárfestingarreikninga, sem voru til umfjöllunar í [Vaktinni 10. október 2025](#). Jafnframt voru lagðar fram tillögur til að stuðla að aukinni þátttöku í viðbótarlífeyrissparnaði, en um þær var fjallað í [Vaktinni 5. desember 2025](#). Þá lagði framkvæmdastjórn ESB fram aðgerðapakka í desember 2025 sem miðar að fullri samþættingu á fjármálamarkaði, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: FJR)

- **Löggjafartillaga um styttri uppgjörstíma verðbréfavíðskipta** (e. [Shorter Settlement Cycle, T+1](#)).

Með tillögunni er lagt til að uppgjörstími í verðbréfavíðskiptum verði stytur. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 21. mars 2025](#) og [27. júní 2025](#).

Er álitid að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: FJR)

- **Löggjafartillögu um breytingar á reglum um verðbréfunarmarkað ESB** (e. [EU Securitisation Framework](#)).

Tillögurnar hafa það að markmiði að blása lífi í verðbréfunarmarkað ESB og fela í sér breytingar bæði á reglugerð um verðbréfun og reglugerð um eiginfjákröfur. Fjallað var um málið í [Vaktinni 27. júní 2025](#).

Álitid er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: FJR)

- **Löggjafartillaga um nýtt regluverk á sviði fjarskipta** (e. [Digital Networks Act](#)).

Meginmarkmið tillögunnar er að efla samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja innan ESB, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#).

Lagðar eru til veigamiklar breytingar á fjarskiptaregluverkinu sem miða að því að auðvelda fyrirtækjum að starfa yfir landamæri. Einnig eru lagðar til breytingar sem ætlað er að samræma reglur um tíðniúthlutun og auka fyrirsjáanleika við úthlutun, sbr. einnig [löggjafartillögu](#) sem ætlað er að færa framkvæmd á úthlutun tíðnisviða fyrir fjarskiptakerfi um gervihnetti frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar en fjallað var um þá tillögu í [Vaktinni 5. júní 2026](#). Loks er lagt til að einfalda núverandi regluverk og draga úr lagaóvissu við framkvæmd þess. Er álitid að Ísland kunni að hafa sérstaka

hagsmuni af tillögunni með vísan til smæðar og fjarlægðar frá öðrum markaðssvæðum á innri markaðinum og er því talið rétt að svo stöddu að færa málið á forgangslista vegna sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: IRN, MNH)

- **Löggjafartillaga um skýjalausnir og þróun gervigreindar** (e. EU Cloud and AI Development Act).
Tillagan er komin fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 5. júní 2026](#). Markmið hennar er að þrefalda afkastagetu gagnavera í ESB á næstu fimm til sjö árum og miðar tillagan jafnframt að því að styðja við stefnu ESB um innleiðingu gervigreindar í lykil atvinnugreinum og í opinberri þjónustu (e. Apply AI Strategy), sbr. umfjöllun um þá stefnu í [Vaktinni 24. október 2025](#).
Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: MNH, IRN)
- **Gervigreindaráætlun** (e. [AI Continent Action Plan](#)).
Áætlunin hefur verið birt. Með henni er stefnt að því ESB verði í fararbroddi er kemur að þróun og hagnýtingu gervigreindar. Hluti af áætluninni mun fela í sér uppbyggingu á svonefndum gervigreindarverksmiðjum - AI Factories- sem eiga að efla samkeppnishæfni Evrópu á sviðinu. Einnig á að innleiða *Apply AI* stefnu til að hraða nýtingu gervigreindar í ólíkum geirum. Jafnframt verður lögð áhersla á bættan aðgang að gögnum, m.a. með *Cloud and AI Development Act*, til að styðja nýsköpun og sjálfbæran vöxt á sviði stafrænna mála. Fjallað var um málið í [Vaktinni 2. maí 2025](#), sbr. einnig umfjöllun [Vaktarinnar 24. október 2025](#) um stefnumótun um innleiðingu gervigreindar í atvinnulífi og vísindum.
Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
(Málefnasvið: MNH, IRN)
- **Löggjafartillaga um Evrópska rannsóknarsvæðið** (e. European Research Area Act).
Tillagan er ekki komin fram en fyrir liggur að markmið hennar verður að efla rannsóknir og nýsköpun innan ESB.
Málið verður metið þegar nánari upplýsingar um efni hennar liggja fyrir og þegar löggjafartillagan hefur verið lögð fram með tilliti til mögulegrar forgangsroðunar.
(Málefnasvið: MNH)
- **Skammtafræðiáætlun** (e. [Quantum Strategy of EU](#)).
Áætlunin hefur verið lögð fram. Stefnumótunin nær yfir alla þætti þróunar og nýtingu skammtatækni, allt frá frumrannsóknum og uppbyggingu innviða til öruggrar dulkóðunar, nýsköpunar og markaðssetningar. Markmið stefnunnar er að tryggja tæknilega getu og sjálfstæði ESB á þessu sviði um leið og stuðlað er að efnahagslegum vexti, nýsköpun og aukinni alþjóðlegri samkeppnishæfni. Fjallað var um málið í [Vaktinni 25. júlí 2025](#).
Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
(Málefnasvið: MNH, ATRN)
- **Löggjafartillaga um geimstarfsemi** (e. [Space Act](#)).
Tillagan hefur það að markmiði að tryggja öruggan, sjálfbæran og samkeppnishæfan geimmarkað. Fjallað var um málið í [Vaktinni 25. júlí 2025](#), sbr. einnig umfjöllun um EES/EFTA-álit um málið í [Vaktinni 8. maí 2026](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: MNH, IRN)

- **Áætlun um lífhagkerfið (e. [Bioeconomy Strategy](#)).**

Áætlunin miðar að því að hraða umskiptum yfir í samkeppnishæft og kolefnishlutlaust hringrásar- og lífhagkerfi. Í áætluninni eru kynntar fjórar meginstoðir sem er ætlað að styrkja evrópska líftækni, draga úr hindrunum og styðja við hraðari þróun nýrra lausna: hraðari nýsköpun og einfaldara regluverk, uppbyggingu lykilmarkaða fyrir lífefni og líftæknivörur, sjálfbæra og trausta nýtingu lífmassa og aukið alþjóðlegt samstarf, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 5. desember 2025](#). Áætlunin byggir á eldri stefnum frá 2012 og 2018 og er framhald af þeirri stefnumörkun um framtíð lífvísinda sem fjallað var um í [Vaktinni 11. júlí 2025](#), þar sem sett var fram það markmiðið að gera Evrópu að eftirsóknarverðum vettvangi fyrir lífvísindi og líftækni á heimsvísu. Löggjafarþakki um líftækniiðnað sem fjallað er um hér síðar tengist áætluninni og styður við markmið hennar. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að reglugerð um visthönnun (e. Ecodesign for Sustainable Products Regulation, ESPR) og reglugerð um umbúðir og umbúðaúrgang (e. Packaging and Packaging Waste Regulation, PPWR) verði aðlagðar, uppfærðar og styrktar til að styðja við markmið lífhagkerfisins, sbr. umfjöllun um þau mál hér að neðan. Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: URN, ATRN, HRN, MNH o.fl.)

- **Áætlun um að hætta öllum orkuinnflutningi frá Rússlandi (e. [Roadmap towards ending Russian energy imports](#)).**

Áætlunin er komin fram. Fyrir liggur hins vegar að áætlunin mun ekki snerta sérstaka hagsmuni Íslands enda er orkuinnflutningur frá Rússlandi til Íslands ekki til staðar. Fjallað var um málið í [Vaktinni 16. maí 2025](#).
(Málefnasvið: URN)

- **Löggjafartillaga um stöðvun á innflutningi á rússnesku gasi og olíu (e. [Gradual phase-out of Russian gas and oil imports into the EU](#)).**

Tillögunni er ætlað að fylgja eftir framangreindri áætlun um að hætta öllum orkuinnflutningi frá Rússlandi. Ísland flytur ekki inn gas eða olíu frá Rússlandi, sbr. umfjöllun að ofan. Fjallað var um málið í [Vaktinni 27. júní 2025](#) og [5. desember 2025](#).
(Málefnasvið: URN)

- **Áætlun um aukna framleiðslugetu á vistvænu eldsneyti (e. [Sustainable Transport Investment Plan](#)).**

Áætlunin er komin fram sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. nóvember 2025](#) og er markmið hennar að stuðla að aukinni framleiðslu á vistvænu flugvélaeldsneyti og vistvænu eldsneyti fyrir siglingar. Nægjanlegt framboð á vistvænu eldsneyti á samkeppnishæfu verði skiptir miklu máli fyrir flug, þ.m.t. tengiflug, og rekstur alþjóðaflugvallarins í Keflavík sem og fyrir og siglingar til og frá Íslandi. Vegna legu landsins er talið að málið kunni að vera þýðingarmikið fyrir Ísland. Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.
(Málefnasvið: IRN, URN)

- **Löggjafartillögur um breytingar á áður samþykktu regluverki um kolefnishlutleysi bílaflotans árið 2035 sem miði að því að gera þróun á þessu sviði tækniháða** (e. [Automotive package](#)).

Tillögurnar eru komnar fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#), og er þar lagt til að reglur um orkuskipti bifreiða og aðgerðir sem ætlað að styðja við bifreiðaframleiðslu innan ESB verði uppfærðar, í því skyni að auka sveigjanleika evrópskra bifreiðaframleiðenda við framkvæmd orkuskipta í samræmi við markmið ESB um kolefnishlutleysi árið 2050.

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: IRN,URN)

- **Tillaga að nýrri löggjöf um hringrásarhagkerfið** (e. Circular Economy Act)

Tillagan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að meginmarkmið hennar verði að styðja við myndun sameiginlegs markaðar með úrgang og hráefni til endurvinnslu og setja samræmd viðmið hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur (e. end of waste).

Málið verður metið þegar nánari upplýsingar um efni hennar liggur fyrir og þegar löggjafartillagan hefur verið lögð fram með tilliti til mögulegrar forgangsroðunar.

(Málefnasvið: URN)

- **Aðgerðapakki á sviði efnaiðnaðar** (e. [Chemicals Industry Package](#)).

Aðgerðarpakinn hefur verið kynntur og er þar annars vegar um að ræða [aðgerðaráætlun](#) og hins vegar [löggjafartillögur](#) um einföldun regluverks á málefnasviðinu (e. Chemicals Omnibus). Fjallað var um málið í [Vaktinni 11. júlí 2025](#).

Er álitið að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: URN, ATRN)

- **Stefnumótun um notkun gagna og gagnasafna** (e. [Data Union Strategy](#)).

Stefnumótunin hefur verið kynnt og hefur hún það að markmiði að gera ESB leiðandi í gagnadrifnu hagkerfi með öruggri, sanngjarnri og skilvirkri miðlun og notkun gagna.

Álitið er að hagsmunir Ísland af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: MNH, FOR)

- **Löggjafapakki um líftækniðnað** (e. [European Biotech Act](#)).

Framkvæmdastjórn ESB lagði 16. desember 2025 fram fyrri hluta löggjafarpakka á sviði líftækni með sérstakri áherslu á líftækni á sviði heilbrigðis, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#) um nýjan heilbrigðisaðgerðapakka framkvæmdastjórnarinnar. Pakinn samanstendur annars vegar af tillögu að reglugerð um ramma til að efla líftækni og lífframleiðslu innan Evrópusambandsins á sviði heilbrigðis (e. [European Biotech Act I](#)) og hins vegar tillögu að tilskipun um breytingar á regluverki um erfðabreyttar lífverur og vinnslu líffæra fyrir ígræðslu. Reglugerðartillögunni er ætlað að styrkja samkeppnishæfni Evrópu á sviði heilbrigðislíftækni, styðja við þróun nýrra meðferða og greininga og auðvelda þróun og markaðssetningu líftæknilausna á þessu sviði, meðal annars með einföldun regluverks, bættri samhæfingu leyfisferla og auknum fjárfestingum. Tillagan [að tilskipun um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og meðferð líffæra fyrir ígræðslu](#) er ætlað að styðja við nýsköpun og tryggja öryggi. Tillögurnar byggja á stefnumótun um lífhagkerfið (Bioeconomy Strategy) sem fjallað er um hér að framan.

Hagsmunir Íslands af málinu kunna að vera talsverðir, einkum með tilliti til nýsköpunar í lífvísindum, rannsókna- og þróunarstarfsemi og aðgengis að nýjum líftæknilausnum á

sviði heilbrigðis. Mikilvægt er að tryggja að íslensk fyrirtæki og rannsóknaraðilar geti tekið þátt í þeim samstarfs- og stuðningsúrræðum sem kunna að fylgja löggjöfinni og að sjúklingar á Íslandi hafi greiðan aðgang að nýjum líftæknilausnum og meðferðum sem þróaðar eru innan Evrópu.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: HRN, ATRN, URN)

- **Löggjafartillaga um endurskoðun á tilskipun um opinber innkaup** (e. Revision of the Public Procurement Directive)

Tillagan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að endurskoðunin muni m.a. taka mið af breyttum aðstæðum og áskorunum í alþjóðamálum auk þess sem horft verði til einföldunar á regluverki. Framkvæmdastjórnin horfir til þess að hægt verði að gera evrópskum vörum hærra undir höfði en öðrum vörum í opinberum útboðum á tilteknum vörum eða þjónustu. Í því ljósi er mikilvægt að tryggja að litið verði á allt EES-svæðið við mat á því hvað teljist vera evrópskt. Sjá m.a. umfjöllun um EES/EFTA-álit um áform um endurskoðunina í [Vaktinni 27. júní 2025](#).

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: FJR)

- **Löggjafartillaga um nýjan samkeppnishæfnissjóð** (e. [European Competitiveness Fund](#))

Tillagan er hluti af áætlunum ESB um auka samkeppnisfærni og nýsköpun í Evrópu og er ætlað að hvetja til nýsköpunar og hagnýtingar nýrrar tækni. Forgangssvið sjóðsins birtast í eftirfarandi fjórum stefnugluggum:

- 1) Hrein umskipti og afkolun í iðnaði
- 2) Heilsa, líftækni, landbúnaður og lífhagkerfi
- 3) Forysta í stafrænni tækni
- 4) Viðnámsþróttur, öryggi, varnariðnaður og geimur

Málið hefur tengingu við mótun á næstu langtíma fjármálaáætlun ESB fyrir tímabilið 2028 – 2034 sem og þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB á næsta áætlunartímabili 2028 – 2034 sem nú er einnig í mótun á vettvangi ESB, sbr. umfjöllun um nýja langtíma fjármálaáætlun ESB hér að neðan.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista, samhliða nýrri langtíma fjármálaáætlun ESB, á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: MNH, ATRN)

- **Samræmd umgjörð evrópskra prófgráða** (e. Joint European degree) **og aðgerðir til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á hæfni og prófgráðum milli aðildarríkja** (e. [Skills Portability Initiative](#)).

Málið er komið fram og er því ætlað að greiða leiðina fyrir þróun, upptöku og innleiðingu á samræmdum evrópskum prófgráðum. Fjallað var um málið í [Vaktinni 16. maí 2025](#). Málið er hluti af færniátaki ESB (e. Union of Skills) sbr. umfjöllun um þá stefnu hér að neðan.

Er álitð að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: MNH)

- **Stefnumörkun um evrópskar hafnir** (e. EU Ports Strategy)

Stefnan hefur verið lögð fram. Markmið stefnunnar er að styrkja samkeppnishæfni, sjálfbærni, viðnámsþol og öryggi hafna í ESB. Um 75% af vöruviðskipum ESB við önnur ríki eiga sér stað með skipaflutningum, þannig fara um 3,4 milljarðar tonna af vörum um hafnir sambandsins árlega og um 395 milljónir farþega. Kemur fram að hafnasvæði hafi og séu að umbreytast í starfsstöðvar fyrir margvíslega iðnaðarstarfsemi og er talið brýnt að auka afkastagetu þeirra, stafvæðingu og öryggi um leið og gripið sé til aðgerða til að stuðla að afkolun á hafnarsvæðum.

Fjallað var um stefnuna í [Vaktinni 13. mars 2026](#).

<https://oeil.secure.europarl.europa.eu/oeil/en/document-summary?id=1772385>. Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.

(Málefnasvið: IRN)

- **Stefnumörkun um málefni siglinga og siglingatengds iðnaðar** (e. EU Industrial Maritime Strategy).
Í orðsendingunni kemur fram að markmið stefnunnar sé að stuðla að aukinni samkeppnishæfni, nýsköpun og forystu í tækniþróun í evrópskum iðnaði tengdum siglingum. Fjallað var um stefnumörkunina í [Vaktinni 13. Mars 2026](#).
Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
- **Endurskoðun almennu hópundanþágureglugerðarinnar um ríkisaðstoð** (e. General Block Exemption Regulation)
Framkvæmdastjórn ESB efndi til opins samráðs 2025 vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á almennu hópundanþágureglugerðinni um ríkisaðstoð (e. General Block Exemption Regulation). Endurskoðunin hefur það að markmiði að einfalda ríkisaðstoðarreglur og draga úr stjórnsýslubyrði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og iðngreinar sem hafa strategíska þýðingu fyrir ESB. Reglugerðin heimilar aðildarríkjum að veita ákveðnar tegundir ríkisaðstoðar án fyrirfram samþykkis framkvæmdastjórnarinnar að uppfylltum skilyrðum og auðveldar m.a. veitingu ríkisaðstoðar til rannsókna og þróunar, grænnar orkuframleiðslu og til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fjallað var um málið í [Vaktinni 25. júlí 2025](#), sbr. einnig umfjöllun í [Vaktinni 12. september 2025](#).
Lagt verður mat á endurskoðunina með tilliti til forgangsroðunar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefnasvið: ATRN o.fl.)
- **Tilmæli um valkvæða sjálfbærniupplýsingagjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtækja** (e. [voluntary sustainability reporting standard to ease burden on SMEs](#)).
Tilmælunum er ætlað að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að bregðast við fyrirspurnum um sjálfbærniupplýsingar frá stórum fjármálastofnunum og fyrirtækjum. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru hvött til að styðjast við tilmælin m.a. til að auðvelda aðgengi þeirra að sjálfbærri fjármögnun. Tilmælin ber að setja í samhengi við Omnibus I löggjafarpakkann og viðamikil áform framkvæmdastjórnar ESB um einföldun regluverks. Fjallað var um málið í [Vaktinni 12. september 2025](#).
Lagt verður mat á málið með tilliti til hagsmuna Íslands þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um afdrif sjálfbærnitilskipana ESB þar sem gildistöku hefur verið frestað.
Málefnasvið: ATRN, URN.
- **Aðgerðapakki um uppbyggingu raforkuinnviða** (e. [European Grids Package](#)).

Aðgerðaráætlunin hefur verið lögð fram, sjá umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

Markmið aðgerðanna er að styrkja og nútímavæða flutningskerfi raforku með endurnýjun og stækkun og mæta þannig áskorunum sem snúa að orkuöryggi og samkeppnishæfni atvinnulífs í ESB. Aðgerðaráætlunin miðar að stórfelldri uppfærslu og samhæfingu orkuflutninga með m.a. áherslu á hraðari leyfisferlum og nýjum reglum um kostnaðarskiptingu og áætlunargerð. Mun m.a. breyta tilskipun um endurnýjanlega orkugjafa (RED) og fela í sér enduskoðun á TEN-E (Trans-European Energy Infrastructure) reglugerðinni.

Hagsmunir Íslands af löggjafartillögunni eru álitnir almennir.

(Málefnasvið: URN)

- **Löggjafartillaga um 28. lögsagnarumdæmið fyrir nýsköpunarfyrirtæki** (e. 28th Regime for Innovative Companies).

Hinn 18. mars 2026 lagði framkvæmdastjórn ESB fram löggjafartillögu um hið svonefnda 28. lögsagnarumdæmi fyrir fyrirtæki (e. EU's 28th regime corporate legal framework) sem einnig er kynnt undir heitinu „ESB hf.“ (EU Inc.). Tillagan felur í sér að lögfest verði ný sameiginleg, samræmd og valfrjáls reglubók á sviði fyrirtækjaréttar til að einfalda stofnun, rekstur og slit fyrirtækja óháð því hvar þau ákveða að starfa og fjárfesta á innri markaðnum og er hið nýja regluverk ekki hvað síst hugsað til einföldunar fyrir nýsköpunar- og tæknifyrirtæki. Sjá nánari umfjöllun um tillöguna í [Vaktinni 27. mars 2026](#).

Vera kann að væntanleg löggjöf geti falið í sér álitafni er snúa að tveggja stoða kerfi EES-samningsins og er af þeim sökum talið rétt að færa málið forgangslista vegna mögulegra sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: ATRN)

- **Löggjafartillaga um nýsköpunarstarfsemi** (e. European Innovation Act).

Löggjafartillagan er ekki komin fram. Með tillögunni verður leitast við að styðja tæknilega þætti í iðnaði og atvinnulífi og styrkja þannig strategískt sjálfræði ESB. Meginmarkmið tillögunnar verður að auka rannsóknir og þróun háþróaðra efna og upptöku þeirra í atvinnustarfsemi, auka framleiðslugetu og framboð þeirra, auka sjálfbærni og hringrásarhagkerfi tengd háþróaðum efnum og hraða leyfisferlum og minnka reglubyrði tengdum háþróaðum efnum. Búist er við að tillagan verði lögð fram á fjórða ársfjórðungi 2026.

Lagt verður mat á tillöguna með tilliti til forgangsroðunar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: MNH, ATRN)

- **Löggjafartillaga um miðstöð mikilvægra hráefna** (e. Critical Raw Materials Centre).

Löggjafartillagan er ekki komin fram. Framkvæmdastjórn ESB áformar að stofna svonefnda miðstöð mikilvægra hráefna (e. Critical Raw Materials Centre) sem verður ætlað að tryggja framboð og byggja upp birgðir af nauðsynlegum jarðmálum fyrir evrópskan iðnað á borð við hreina tækni, bílaaiðnað og varnarmál.

Helstu hlutverk miðstöðvarinnar eru meðal annars að fylgjast með virðiskeðjum, samræma sameiginleg innkaup hráefna og koma á fót reglulegri birgðasöfnum til að auka iðnaðarlegt sjálfræði (e. industrial sovereignty) og draga úr hæði við birgja utan ESB.

Áformin eiga rót sína í samstarfinu í kringum reglugerðina um mikilvæg hráefni (e. Critical Raw Materials Act), sem miðar að því að styrkja viðnámsþrótt og öryggi virðiskeðja hráefna innan ESB.

Búið er við að tillagan verði lögð fram á öðrum ársfjórðungi 2026. Lagt verður mat á tillöguna með tilliti til forgangsþróðunar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: ATRN og URN)

- **Stefnumótun um eflingu rannsóknar- og tækniinnviða í ESB** (e. A European Strategy on Research and Technology Infrastructures)

Markmið stefnunnar er að styrkja innviði í ESB á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni með því að byggja upp samhæfða, aðgengilega og sjálfbæra innviði þar sem mikilvægi stafrænna lausna, gervigreindar og gagnadrifinna aðferða við nýtingu innviða er undirstrikuð. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 24. október 2025](#).

Hagsmunir Íslands af löggjafartillögunni eru álitnir almennir.

(Málefnasvið: MNH, URN)

- **Löggjafartillaga um líftækniðnað** (e. European Biotech Act II).

Framkvæmdastjórn ESB hefur boðað að leggja fram löggjafartillögu árið 2026 á sviði líftækni. Tillagan er framhald af löggjafarpakka um líftækni sem lagður var fram í desember 2025 og fjallað er um hér að framan og er ætlað að ná út fyrir heilbrigðislíftækni og taka til líftækniviskerfisins. Megininntak tillögunnar er iðnaðar- og samkeppnislöggjöf, nýsköpun og rannsóknir með snertingu við löggjöf á sviði umhverfisgæða og loftslagsmála og mun tillagan því m.a. ná til iðnaðarlíftækni (e. industrial biotech), hringrásahagkerfisins, lífhagkerfis og lífframleiðslu.

Málið verður metið nánar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um efni tillögunnar og þegar hún hefur verið birt.

(Málefnasvið: ATRN og URN)

- **Löggjafartillaga um skammtatækni** (e. Quantum Act)

Tillagan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að markmið hennar verði að styrkja stafrænt fullveldi ESB, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 7. nóvember 2025](#) um opið samráð um efni væntanlegrar tillögu.

Lagt verður mat á tillöguna með hliðsjón af hagsmunagæslu þegar tillagan er komin fram.

(Málefnasvið: MNH, IRN)

- **Löggjafartillaga um evrópskar vörur** (e. European Product Act)

Löggjafartillagan er ekki komin fram. Framkvæmdastjórn ESB hefur boðað endurskoðun á lykilregluverki á sviði vörulöggjafar ESB til að mæta áskorunum tengdum stafvæðingu og sjálfbærni:

1. Uppfærsla á nýja lagarammanum um markaðssetningu á vörum (e. New legislative framework for marketing of products) frá 2008 (markaðseftirlit, faggilding, samræmismat, CE-merkið, staðlar). Helstu breytinga sem má vænta:

- a. **Efling markaðseftirlits.** Bætt vernd gegn óöruggum vörum, sérstaklega þeim sem seldar eru á netinu og styrktar valdheimildir markaðseftirlitsyfirvalda.
- b. **Stafræn vöruskrá (e. Digital Product Passport).** Nýja reglugerðin um vistvæna vöruhönnun (ESPR) mun skylda framleiðendur til að nota nýja samræmda og stafræna vöruskrá — Hún mun innihalda upplýsingar um sjálfbærni,

hringrásareiginleika og samræmi vörunnar á einum stað. Þetta mun gera upplýsingar aðgengilegar fyrir neytendur, framleiðendur og stjórnvöld.

c. Uppfærð reglugerð um byggingavörur (e. Construction Products Regulation).

d. Uppfærðar reglur um netsölu.

e. Bætt CE-merking.

2. Uppfærsla reglugerðarinnar um markaðseftirlit og samræmi vara.

3. Uppfærsla staðlareglugerðarinnar.

- a. Stefnt að því að hraða staðlastarfi og gera það móttækilegra fyrir þörfum stefnumótunar ESB og aðgengilegra fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Búið er við að löggjafartillagan verði lögð fram á þriðja ársfjórðungi 2026. Hagsmunir Íslands af löggjafartillögunni eru álitnir almennir.

(Málefnasvið: ATRN)

• **Löggjafartillaga um breytingar á reglum um póstpjónustu (e. EU Delivery Act - update of rules on postal services)**

Tillagan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að hún muni fela í sér endurskoðun á löggjöf um póstpjónustu til þess að koma til móts við breytingar og nýjungar við bréfa- og pakkasendingar.

Málið verður metið nánar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um efni tillögunnar og þegar hún hefur verið birt.

(Málefnasvið: IRN)

• **Aðgerðaáætlun um rafvæðingu (e. Electrification action plan, including heating and cooling)**

Stefnan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að hún muni fela í sér stefnumótandi áætlun til að auka hlut raforku í notkun endurnýjanlegrar orku, einkum í byggingum, samgöngum og iðnaði. Aðgerðaráætlunin tengist hreiniðnaðarstefnunni og aðgerðaráætluninni um bætt aðengi að orku á viðráðanlegu verði. Helstu áherslur eru að samræma kerfislægar hindranir rafvæðingar, styðja við rafvæðingu og samræma raforkuframleiðslu, raforkunet og eftirspurn í byggingum og iðnaði.

Málið verður metið nánar þegar stefnan hefur verið birt.

(Málefnasvið: URN)

• **Stefnumótun ESB um upphitun og kælingu (e. Heating and cooling Strategy).**

Stefnan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að stefnumótunin sé ein af lykilstoðum orkuskipta ESB og miði að því að afkoma upphitun og kælingu í byggingu og iðnaði og tengist aðgerðaráætlun um rafvæðingu. Markmiðið er að tryggja hreinni, ódýrari og öruggari orku, einkum með rafvæðingu, fjarvarma, varmadælum og betri samþættingu rafkerfisins. Aðgerðaráætlun um jarðvarma, sem fjallað er um hér að framan, er hluti af stefnumótun ESB um upphitun og kælingu.

Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið í samráði við Umhverfis- og orkustofnun veitti formlega endurgjöf í samráðsgátt ESB um væntanlega stefnu ESB um upphitun og kælingu þegar hún var í mótun. Auk stjórnvalda sendu sex íslenskir haghafar inn umsögn um málið, sjá nánar umfjöllun hér að framan og í [Vaktinni 24. október 2025](#) um endurgjöf Íslands til ESB um stefnumótun á sviði jarðvarmanýtingar.

Málið verður metið nánar þegar stefnan hefur verið birt.

(Málefnasvið: URN)

- **Löggjafartillaga um aukið orkuöryggi** (e. Strengthening energy security)

Búist er við að tillagan verði lögð fram 2026. Tillagan snýr að heildarendurskoðun á öryggisramma ESB um orku, bæði gas og rafmagn, og á að vera svar við breyttri pólitískri heimsmynd og tæknilegu umhverfi til að tryggja að orkuinnviðir ESB standist nýjar áskoranir.

Ísland hefur ýmislegt fram að færa til að auka orkuöryggi og stuðla að fjölbreytni orkugjafa með þeirri þekkingu sem Ísland býr yfir varðandi nýtingu jarðvarma, sbr. m.a. umfjöllun [Vaktarinnar 24. október 2025](#) um endurgjöf Íslands til ESB um stefnumótun á sviði jarðvarmanýtingar.

Gert er ráð fyrir að hagsmunir Íslands af væntanlegri tillögu séu almennir en verða metnir nánar þegar tillagan liggur fyrir.

(Málefnasvið: URN)
- **Löggjafartillaga um uppfærslur á eftirlits- og stjórnunarkerfi orku- og loftslagsmála** (e. Update of the governance of the Energy Union and Climate Action including the phase-out of fossil fuels subsidies)

Búist er við að tillagan verði lögð fram á 4. ársfjórðungi 2026. Tillagan mun uppfæra núverandi reglugerð um eftirlits- og stjórnunarkerfið (Governance Regulation), sem er grunngerð um orku- og loftslagsstefnu, landsáætlanir, skýrslugjöf á sviði orkumála og framfylgd markmiða ESB fyrir 2030. Auk þess mun tillagan fela í sér áform um að afnema niðurgreiðslur á jarðefnaeldsneyti.

Hagsmunir Íslands af tillögunni verða metnir þegar tillagan liggur fyrir.

(Málefnasvið: URN)
- **Löggjafarpakki á sviði orkumála** (e. Energy Union package for the decade ahead).

Búist er við að löggjöfin verði lögð fram 2026. Markmið breytinga á orkulöggjöfinni verður m.a. að lækka orkuverð til almennings og fyrirtækja og auka orkuöryggi og orkusjálfstæði ESB.

Hagsmunir Íslands af tillögunni eru metnir almennir en verða metnir þegar tillagan liggur fyrir.

(Málefnasvið: URN)
- **Löggjafartillaga um einföldun regluverks á sviði orkumála** (e. Omnibus to simplify energy product legislation).

Búist er við að löggjafartillagan verði lögð fram 2026. Hún mun hafa það að markmiði að einfalda reglur um orkumerkingar og betri orkunýtni/orkuskilvirkni vara, draga úr stjórnsýslubyrði og styðja við samkeppnishæfni.

Hagsmunir Íslands af tillögunni eru metnir almennir.

(Málefnasvið: URN)
- **Löggjafarpakki á sviði loftslagsmála** (e. Climate package for the decade ahead).

Málið er ekki komið fram en lagt verður mat á það með tilliti til hagsmunagæslu þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: URN)
- **Stefnumótun um sjálfbæra ferðaþjónustu** (e. European strategy on sustainable tourism).

Framkvæmdastjórn ESB vinnur nú að stefnu ESB um sjálfbæra ferðapjónustu. Markmiðið er að samþætta hagræn, félagsleg og umhverfisleg sjónarmið og stuðla að viðnámsþrótti í ferðapjónustubransanum, grænni ferðapjónustu og stafvæðingu ásamt því að draga úr ágangi á ferðamannastaði, styrkja fjölbreytta samgöngumöguleika og auka færni starfsfólks. Búið er við að stefnan verði lögð fram á öðrum ársfjórðungi 2026. Stefnan mun byggja á [Umbreytingaráætluninni fyrir ferðapjónustu](#) frá 2022 (e. Transition Pathway for Tourism), sem skilgreinir aðgerðir til að styðja við græna og stafræna umbreytingu. Hagsmunir Íslands af tillögunni eru metnir almennir.
(Málefnasvið: ATRN, URN)

- **Löggjafartillaga um einföldun regluverks á sviði skattamála** (e. Omnibus on taxation). Tillagan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að hún muni fela í sér umbætur á tilskipun um samvinnu stjórnvalda (e. Directive on Administrative Cooperation) og endurmati á tilskipun um aðgerðir gegn skattundanskotum (e. Anti-Tax Avoidance Directive). Framkvæmdastjórnin mun einnig taka til skoðunar samspil tilskipunar um lágmarksskatta (e. Minimum Tax Directive) við aðra löggjöf um skattamál. Reglur um skattlagningu eru utan gildissviðs EES-samningsins og ekkert hefur komið fram sem gefur til kynna að áformaðar breytingar gætu með öðru móti haft áhrif á þátttöku Íslands á innri markaðnum. Hagsmunir Íslands af tillögunni eru metnir almennir.
(Málefnasvið: FJR)
- **Löggjafartillaga um breytingar á reglum um réttindi hlutafjäreigenda** (e. Update of rules on shareholder rights). Tillagan er liður í innleiðingu stefnu um sparnaðar- og fjárfestingasamband ESB (e. Savings and Investment Union), sbr. umfjöllun um stefnuna í [Vaktinni 21. mars 2025](#). Í verkáætlun framkvæmdastjórnarinnar 2026 er greint frá því að endurskoða eigi reglur um réttindi hluthafa (Shareholders rights directive SRD II). Verkefnið hefur það markmið að auðvelda fjárfestingar yfir landamæri og bæta heildarstarfsemi fjármálamarkaða innan Evrópusambandsins. Tillagan mun hafa að markmiði að nútímavæða, auka gagnsæi og styrkja réttindi hluthafa og gera ESB meira aðlaðandi fyrir fyrirtæki og fjárfestingar til að styrkja samkeppnishæfni. Hagsmunir Íslands af tillögunni eru metnir almennir.
(Málefnasvið: ATRN, FRN)
- **Löggjafartillaga um breytingar á reglum um evrópska áhættufjárfestingarsjóði** (e. Update of the European venture capital funds Regulation). Tillagan er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að hún muni fela í sér breytingar sem miða að því að bæta rekstrarskilyrði evrópskra áhættufjárfestingarsjóða og auka samkeppnishæfni þeirra, með það að markmiði að styðja við nýsköpunarfyrirtæki í ESB. Markmiðið er að gera umgjörð um evrópska áhættufjárfestingarsjóði einfaldara og hagkvæmara. Þannig geti sjóðirnir betur nýtt stærðarhagkvæmni og aukið framboð fjármögnunarkosta fyrir nýsköpun innan ESB. Áltíð er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: FJR)

- **Löggjafartillaga um breytingar á málsmeðferðarreglum í samkeppnismálum** (e. [Update of antitrust procedural rules](#)).

Tillagan hefur ekki verið lögð fram. Framkvæmdastjórnin vinnur nú að uppfærslu á málsmeðferðarreglum samkeppnismála, sbr. reglugerð nr. 1/2003. Búist er við því að í forgrunni verði stafvæðing á meðhöndlun gagna, hröðun málsmeðferðar ásamt skýrslutökum og friðhelgi lögmanna sem vinna innan fyrirtækja. Búist er við að löggjafartillagan verði lögð fram á þriðja ársfjórðungi 2026.

Hagsmunir Íslands af tillögunni eru metnir almennir.

(Málefnasvið: ATRN)

- **Stefnumótun um gæði lagasetningar** (e. [A Simpler, Clearer and Better Enforced EU Rulebook](#)).

Stefnumótunin er komin fram en markmið hennar er að stuðla að einfaldari og skýrari reglum innan ESB og bættri framkvæmd þeirra, sbr. nánari umfjöllun í [Vaktinni 8. maí 2026](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: DMR)

Stefnuáætlun um aukið fjármálalæsi (e. [Financial Literacy Strategy](#)).

Stefnuáætlun um aukið fjármálalæsi var lögð fram 30. september 2025. Hún á að gera íbúa ESB betur í stakk búna til að skilja áhættu og fjárfestingartækifæri og geta þannig virkjað sparnað sinn betur. Áætlunin byggir á fjórum stoðum; i) um samhæfingu og bestu framkvæmd, ii) um upplýsingamiðlun og fræðslu, iii) um fjármögnun aðgerða sem auka fjármálalæsi, þ. á m. rannsókna og iv) um mat á árangri og áhrifum. Um stefnuáætlunina var fjallað í [Vaktinni 10. október 2025](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: FJR)

Tilmæli um sparnaðar- og fjárfestingarreikninga (e. [Blueprint for Savings and Investment Accounts, SIAs](#))

Framkvæmdastjórnin lagði fram tilmæli um sparnaðar- og fjárfestingarreikninga samhliða stefnuáætlun um aukið fjármálalæsi, 30. september 2025. Markmið tilmælanna er að auka úrval fjárfestingakosta fyrir borgara ESB með mismunandi áhættu- og ávöxtunarmöguleikum. Reikningarnir eiga að auðvelda almennum fjárfestum að fjárfesta í fjármagnsmarkaðsgerningum. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar miða að því að slíkir reikningar verði í boði hjá fjármálapjónustufyrirtækjum sem fá til þess heimild og er mælt með að þeim fylgi skattfríðindi og einfölduð skattskil til að auka aðgengi að þeim. Fjallað var um tilmælin í [Vaktinni 10. október 2025](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: FJR)

Aðgerðir til að stuðla að aukinni þátttöku í viðbótarlífeyrissparnaði (e. [Proposal to Boost Supplementary Pensions](#))

Framkvæmdastjórnin kynnti aðgerðir til að auka þátttöku borgara ESB í viðbótarlífeyrissparnaði 20. nóvember 2025. Markmið þeirra er að auka lífeyrissparnað almennings til viðbótar við hið opinbera og almenna lífeyriskerfi og auka þannig líkur á að sem flestir hafi tryggar og fullnægjandi tekjur á efri árum. Lagt er til að aðildarríki ESB komi á fót sjálfkrafa skráningu einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnað,

lífeyrisupplásingakerfi verði bætt og stjórnvöld komi sér upp mælaborði um lífeyrissparnað. Í aðgerðapakkanum eru tvær löggjafartillögur, önnur um breytingu á tilskipun ESB um starfstengda eftirlaunasjóði (e. institutions for occupational retirement provisions, IORP II) og hin um breytingu rá reglugerð um sam-evrópska lífeyrisafurð (e. pan-european personal pension product, PEPP). Um aðgerðirnar var fjallað í [Vaktinni 5. desember 2025](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: FJR)

Aðgerðapakki sem miðar að fullri samþættingu á fjármálamarkaði (e. [Capital Markets Integration Package](#))

Framkvæmdastórnin lagði fram umfangsmikinn [aðgerðapakka](#) sem ætlað er að draga úr hindrunum og virkja möguleika innri markaðarins fyrir fjármálaþjónustu til fullnustu 4. desember 2025. Tillögurnar eru lykilþáttur í stefnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar um sparnaðar- og fjárfestingarsambandið (e. Savings and Investment Union, SIU). Þrátt fyrir umbætur liðinna ára þykja fjármálamarkaðir ESB enn að mörgu leyti sundurleitir og grunnir. Ýmsu er talið ábótavant sem kemur niður á samkeppnishæfni og veldur því að skilvirkni og möguleg stærðarhagkvæmni fer forgörðum. Í pakkanum er að finna [orðsendingu](#) til Evrópuþingins og ráðherraráðs ESB um frekari samþættingu fjármagnsmarkaða og eftirlits í ESB og þrjár löggjafartillögur. Þar er um að ræða [tillögu að tilskipun](#) um frekari samþættingu fjármagnsmarkaða og eftirlits í ESB (breytir þremur öðrum gerðum) og [tillögu að reglugerð um sama efni](#) (sem breytir 14 reglugerðum) ásamt [tillögu að reglugerð um endanlegt uppgjör](#). Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

Vera kann að væntanleg löggjöf kunni að fela í sér álitaefni sem snúa að tveggja stöða kerfi EES-samningsins og er að þeim sökum talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málaefnasvið: FJR)

- **Áætlun leiðtogaráðs ESB um samkeppnishæfni: Ein Evrópa, einn markaður** (e. [One Europe, One Market](#))

Áætluninni er ætlað að styrkja samkeppnishæfni, viðnámsþrótt og strategískt sjálfræði ESB. Í áætluninni er sjónum beint að tilteknum málefnasviðum þar sem aðgerða er talin þörf, svo sem á sviði einföldunar regluverks, dýpri samþættingar á innri markaðinum, enduriðnvæðingu ESB, nýsköpun og minnkun hæðis ESB, lægri orkukostnaði og afkolun og greiðari fjárfestingum. Í áætlun leiðtogaráðsins kemur fram að stefnt skuli að því að verkþáttum áætlunarinnar verði lokið á árinu 2026 og í síðasta lagi fyrir lok árs 2027. Sjá nánari umfjöllun um áætlunina í [Vaktinni 8. maí 2026](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.

(Málefnasvið: ATRN o.fl.)

- **Löggjafartillögur um einföldun ferðabókana**. ([One journey, one ticket, full rights](#))

Um er að ræða þrjár tillögur, þ.e. [tillögu um ferðabókanir með fleiri en einum samgöngumáta](#) (e. multimodal booking), [tillögu um útgáfu fjölþátta lestarfarmiða](#) (e. Rail ticketing) og loks [tillögu um réttindi farþega með fjölþátta farmiða](#) (e. Protection of passengers with single ticket). Tillögunum er ætlað að einfalda gerð ferðaáætlana og bókun farmiða fyrir ferðir innan ESB, lengri ferðir og ferðir sem ná yfir landamæri og taka

til fleiri en eins ferðaleggjar eða ferðamáta. Fjallað var um tillögurnar í [Vaktinni 22. maí 2026](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: IRN)

- **Aðgerðapakki til að styrkja fullveldi ESB á sviði tæknimála og gervigreindar** (e. [Tech sovereignty package](#))

Aðgerðapakinn var birtur 3. júní 2026 og samanstendur hann af tveimur löggjafartillögum, þ.e. tillögu að nýrri reglugerð um hálfleiðara (e. CHIPS 2.0 Act) og tillögu að reglugerð um þróun skýja- og gervigreindarlausna (e. Cloud and AI Development Act), auk tveggja stefnumótunarskjala, þ.e. orðsendingu um tæknilegt fullveldi og opinn hugbúnað (e. Communication on technological sovereignty and EU Open Source Strategy) og vegvísi um stafræna umbreytingu og notkun gervigreindar í orkumálum (e. Strategic Roadmap for Digitalisation and AI in the Energy Sector).

Markmið aðgerðanna er eins og áður segir að styrkja tæknilegt fullveldi ESB en sambandið þykir mjög háð erlendum birgjum er kemur að stafrænum tæknivörum og tölvugetu.

Aðgerðapakinn byggir m.a. á áætlun ESB um uppbyggingu og hagnýtingu gervigreindar, sbr. umfjöllun um þá áætlun í [Vaktinni 2. maí 2025](#), sbr. jafnframt leiðarvísi ESB um aukna samkeppnishæfni, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 31. janúar 2025](#) og efnahagsöryggisáætlun ESB, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 23. júní 2023](#).

Er talinn ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: IRN, MNH, URN)

Óafgreidd mál frá fyrra stefnumótunartímabili sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- **Löggjafartillaga um breytingu á tilskipun um stærð og þyngd ökutækja** (e. [Proposal for amending Council Directive 96/53/EC laying down for certain road vehicles circulating within the Community the maximum authorised dimensions in national and international traffic and the maximum authorised weights in international traffic](#))

Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 21. júlí 2023](#) en í henni er m.a. lagt til að hámarksþyngd vistvænna ökutækja verði aukin m.a. þar sem slík ökutæki eru jafnan þyngri en ökutæki sem knúin eru með jarðefnaeldsneyti.

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: IRN)

- **Tillaga að reglugerð um réttindi farþega í margmáta ferðum og tillaga að breytingu á reglugerð um eftirfylgni með réttindum farþega** (e. [Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on passenger rights in the context of multimodal journeys](#))

Tillögurnar voru lagðar fram árið 2023 en enn hefur ekki náðst niðurstaða um endanlegt efni þeirra. Fjallað var um tillögurnar í [Vaktinni 8. desember 2023](#).

Er álitið að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: IRN)

- **Tillaga að reglugerð um breytingu á reglum um réttindi flugfarþega.** (e. [Proposal for a REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL amending Regulation \(EC\) No 261/2004 establishing common rules on compensation and assistance to passengers in the event of denied boarding and of cancellation or long delay of flights and Regulation \(EC\) No 2027/97 on air carrier liability in respect of the carriage of passengers and their baggage by air](#))

Tillögurnar voru lagðar fram árið 2013, en ágreiningur var innan ráðherraráðsins sem leiddi til þess að vinna við þær stöðvaðist með hléum um langt skeið. Samkomulag náðist loks um efni tillögunar í júní 2026, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 3. júlí 2026](#). Niðurstaða um sameiginlega afstöðu náðist á síðasta ári og hafa tillögurnar verið til meðferðar í ráðinu og þinginu frá þeim tíma.

Er álitíð að hagsmunir Íslands séu almennir.

(Málefnasvið: IRN)

- **Breytingar á regluverki um áfallastjórnun banka og innstæðutryggingakerfi** (e. bank crisis management and deposit insurance framework, CMDI).

Pakkinn samanstendur af eftirfarandi fjórum breytingatillögum, þ.e.:

- [tillögu](#) um breytingar á tilskipun 2014/49/ESB að því er varðar gildissvið innstæðutrygginga, notkun innstæðutryggingasjóða, samstarf yfir landamæri og gangsæi;
- [tillögu](#) að breytingu á tilskipun 2014/59/ESB um tímanleg inn grip, skilyrði fyrir skilameðferð og fjármögnun skilaaðgerða;
- [tillögu](#) um breytingu á reglugerð (ESB) 806/2014 um tímanleg inn grip, skilyrði fyrir skilameðferð og fjármögnun skilaaðgerða;
- [tillögu](#) að breytingu á reglugerð (ESB) 806/2014 til þess að koma á fót Evrópskum innstæðutryggingasjóði.

Breytingunum er ætlað að styrkja reglur um rekstrarerfiðleika banka og innstæðutryggingar með áherslu á minni og meðalstóra banka, sbr. nánari umfjöllun í [Vaktinni 21. apríl 2023](#).

Er álitíð að hagsmunir Íslands af tillögunum séu almennir að meginstefnu en þó þurfi að fylgjast sérstaklega með breytingum sem pakkinn gæti haft í för með sér á forgangsröð kröfuhafa við slit innlánsstofnana, sbr. breytingar sem lagðar eru til á tilskipun um innstæðutryggingar en sú tilskipun hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn m.a. vegna sjónarmiða Íslands sem m.a. koma fram í álitum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 29. október 2014 um upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn og innleiðingu hennar hér á landi, sbr. einnig bréf utanríkismálanefndar Alþingis frá 25. nóvember 2014.

Er með hliðsjón af framangreindu talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: FJR)

- **Breytingar á regluverki um greiðslumiðlun** (e. payment services directive 3 og e. payment services regulation, PSD3/PSR).

Pakkinn samanstendur af tveimur breytingatillögum: [tillögu](#) að tilskipun um greiðsluþjónustu og rafeyrisþjónustu á innri markaðnum sem breytir tilskipun 98/26/EB og fellir niður tilskipanir 2015/2366/ESB og 2009/110/EB og [tillögu](#) að reglugerð um greiðsluþjónustu á innri markaðnum sem breytir reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Fjallað var um tillögurnar í [Vaktinni 7. júlí 2023](#) og 8. maí 2026.

Er álitíð að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefnasvið: FJR)

- **Löggjafartillaga um aðgang að fjárhagslegum gögnum** (e. [Framework for financial data access, FIDA](#))

Markmið tillögunnar er að auka neytendavernd á fjármálamörkuðum og efla samkeppni milli aðila sem bjóða stafræna greiðslubjónustu. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 7. júlí 2023](#) og 8. maí 2026.

Er álitíð að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefnasvið: FJR)

- **Stafræn evra** (e. Digital Euro)

Um er að ræða þrjár tillögur: [tillögu að reglugerð um evruseðla og -mynt sem löglegan gjaldmiðil](#); [tillaga að reglugerð um miðlun stafrænnar evru af hálfu greiðslubjónustufyrirtækja sem eru með aðsetur í aðildarríkjum sem hafa evru ekki sem gjaldmiðil og breytir reglugerð \(ESB\) 2021/1230](#); og [tillaga að reglugerð um að koma á fót stafrænni evru](#).

Með tillögunum er gert ráð fyrir að komið verði á fót nýju, stafrænu formi seðlabankafjár, samhliða evruseðlum og -mynt, sbr. nánari umfjöllun um málið í [Vaktinni 7. júlí 2023](#).

Verði tillögunar samþykktar þarf að huga að mögulegri skyldu og getu banka á EES-svæðinu, sem ekki eru í evruríki, til að taka við stafrænum evrum.

Álitíð er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefnasvið: FJR)

- **Endurskoðun á tollabandalagi og tollkerfi ESB** (e. [Union Customs Code](#))

Endurskoðunin byggir á tveimur megin stoðum:

- Nýrri tollaeftirlitsstofnun (e. EU customs authority) – áætlað að taki til starfa á árinu 2028
- Sameiginlegum tollagagnagrunni (e. EU customs data hub) – áætlað að verði fullu starfhæfur árið 2037

Markmiðið er að minnka byrði innflutningsaðila og bæta yfirsýn eftirlitsstjórnvalda. Gagnagrunnurinn mun leysa af hólmi núverandi tollkerfi í aðildarríkjum ESB. Nýja tollkerfið á að einfalda tollafgreiðslu og minnka reglubyrði inn- og útflutningsaðila um 25%. Þetta verður gert með því að hafa eitt notendaviðmót og koma í veg fyrir að gefa þurfi upp sömu upplýsingarnar oft en einu sinni. Í vefsölu verður það á ábyrgð söluaðila, ekki kaupandans, að skila réttum upplýsingum (ekki bara tollaupplýsingum) um vöruna til yfirvalda. Lágmarksfjárhæð til tollafgreiðslu (150 EUR) verður afnumin og tollaflokkum fækkað úr nokkrum þúsundum í 4 til að auðvelda tollafgreiðslu í vefsölu, sbr. nánari umfjöllun um málið í [Vaktinni 9. júní 2023](#) og [24. apríl 2026](#).

Álitíð er að hagsmunir Íslands af málinu kunni að vera sértækir enda þótt Ísland sé ekki aðili að tollabandalagi ESB og að boðaðar breytingar séu ekki EES-tækar, a.m.k. ekki nema að hluta. Hagsmunirnir gætu falist í afmörkuðum hluta fyrirbyggjandi tillagna, t.d. þeim er varða nýtt tollakerfi og mögulega þátttöku Íslands í því.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista vegna sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: FJR o.fl.)

- **Stefna og löggjafartillögur um aukna neytendavernd fyrir almenna fjárfesta** (e. Retail investment strategy, RIS)

Pakkinn samanstendur af tveimur tillögum: [tillögu sem breytir reglugerð \(ESB\) nr. 1286/2014 er varðar nútímavæðingu lykilupplýsingaskjals](#); og [tillögu að breytingu á tilskipun 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2014/65/ESB og \(ESB\) 206/97 er varðar fjárfestareglur sambandsins](#).

Markmið stefnunnar er að skapa fjárfestingarumhverfi í ESB sem styður við aukna þátttöku almennra fjárfesta (þ.e. þeirra sem ekki eru fagfjárfestar) á fjármagnsmörkuðum sambandsins með því að breyta lykilupplýsingaskjölum og efla fjárfestavernd, sbr. nánari umfjöllun um málið í [Vaktinni 26. maí 2023](#).

Er álitíð að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: FJR)
- **Löggjafartillaga um endurskoðun lyfjalöggjafar ESB** (e. [Pharmaceuticals reform for more accessible, affordable and innovative medicines](#))

Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að bæta og jafna framboð og aðgengi að lyfjum á viðráðanlegu verði til hagbóta fyrir neytendur á innri markaði ESB, auk þess að styðja við nýsköpun og efla samkeppnishæfni evrópsks lyfjaiðnaðar á sama tíma og framleiðendum lyfja verður gert að lúta strangari umhverfiskröfum. Evrópuþingið og ráðið náðu bráðabirgðasamkomulagi um málið í desember 2025 og er formleg samþykkt þess nú í undirbúningi. Fjallað var um málið í [Vaktinni 26. maí 2023](#) og [30. janúar 2026](#). Tillögurnar fela m.a. í sér heimild fyrir notkun rafrænna fylgiseðla með lyfjum í stað pappírseðla en eins og fjallað var um í [Vaktinni 4. nóvember 2022](#) hefur Ísland beitt sér markvisst fyrir því um áráð að notkun slíkra rafrænna seðla yrði heimiluð og segja má að Ísland hafi átt ríkt frumkvæði að því að breytingatillaga í þessa veru hefur nú litið dagsins ljós. Auk augljósra jákvæðra umhverfisáhrifa þá getur slík heimild sérstaklega þjónað hagsmunum lítilla markaðssvæða eins og Íslands þar sem heimildin lækkar kostnað við markaðssetningu lyfja og þá einkum á litlum markaðssvæðum (málsvæðum). Er tillagan þannig sérstaklega til þess fallin að stuðla að fjölbreyttara lyfjaúrvali á slíkum svæðum. Samhliða löggjafartillögunni sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér tilmæli um baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi, sbr. einnig umfjöllun um þau tilmæli í [Vaktinni 26. maí 2023](#). Um er að ræða alvarlega heilbrigðisógn og munu stjórnvöld fylgjast vel með ráðstöfunum ESB á því sviði samhliða eftirfylgni með löggjafartillögunni og á grundvelli samstarfs við ESB á sviði heilbrigðismála almennt.

Með hliðsjón af framangreindu var talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: HRN)
- **Tillaga að nýrri tilskipun um grænar umhverfisfullyrðingar** (e. [Green Claims Directive](#)).

Með tillögunni eru lagðar til reglur um notkun grænna fullyrðinga við markaðssetningu vöru og þjónustu sem eiga að tryggja að umhverfisfullyrðingar fyrirtækja séu áreiðanlegar, samanburðarhæfar og sannreynanlegar. Markmiðið er að vernda neytendur með því að krefjast þess að fyrirtæki rökstyðji umhverfisfullyrðingar sínar með traustum, vísindalegum aðferðum. Fjallað var um málið í [Vaktinni 24. mars 2023](#) og [27. júní 2025](#).

Er álitíð að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: ATRN, URN)
- **Löggjafartillögur um um bætt gæði og framboð æxlunarefna í land- og skógrækt**

(e. [Proposal for a Regulation on the production and marketing of forest reproductive material](#) and a [Regulation on the production and marketing of plant reproductive material](#)).

Löggjafartillögurnar miða að því að setja samræmdar reglur um framleiðslu og markaðssetningu á ræktunarefni úr skógum annars vegar og æxlunarefni platna hins vegar, með það að markmiði að tryggja hágæða, heilbrigð og rekjanleg fræ og plöntur fyrir skógrækt og aðra ræktun, stuðla að réttu vali platna og tjáa á réttum stöðum og styrkja sjálfbærni, líffræðilegan fjölbreytanleika og loftslagsaðlögun. Tillögurnar eru hluti af aðgerðarþakka ESB um aukna sjálfbærni við nýtingu náttúrulegra jarðgæða, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og aðlögun vistkerfa að loftslagsbreytingar. Fjallað var um málið í [Vaktinni 7. júlí 2023](#) og í [Vaktinni 19. desember 2025](#), sbr. einnig umfjöllun í [Vaktinni 19. júní 2026](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: URN, ATRN)

- **Löggjafartillaga um breytingu á rammatilskipun um úrgang** (e. [amending Directive 2008/98/EC on waste](#))

Í tillögunni er lagt til að innleidd verði skylda á framlengdri framleiðendaábyrgð fyrir textíl auk þess sem sett er krafa á ríki að innleiða aðgerðaráætlun gegn matarsóun. Fjallað var um málið í [Vaktinni 7. júlí 2023](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: URN)

- **Löggjafartillaga um samræmda aðferðafræði við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda í flutningastarfsemi** (e. [The accounting of greenhouse gas emissions of transport services](#))

Fjallað var um málið í [Vaktinni 21. júlí 2023](#) í tengslum við umfjöllun um græna vöruflutninga, sbr. einnig umfjöllun í [Vaktinni 21. nóvember 2025](#) um samkomulag um efni hennar.

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: URN, IRN)

- **Löggjafartillaga um hönnun, framleiðslu og endurnotkun og endurvinnslu ökutækja** (e. [Circularity requirements for vehicle design and on management of end-of-life vehicles](#))

Tillagan felur í sér nýtt regluverk fyrir ökutæki og hringrásarhagkerfið. Nýmælin í tillögunni snúa m.a. að framlengdri framleiðendaábyrgð á ökutækjum. Fjallað var um málið í [Vaktinni 21. júlí 2023](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tilskipuninni séu almennir.

(Málefnasvið: URN, IRN)

- **Reglugerðir um endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna- rafeldsneyti** (e. [Renewable Fuels of Non-Biological Origin - RFNBO](#)).

Í samræmi við tilskipun um endurnýjanlega orku (e. Renewable Energy Directive – RED) hefur ESB sett framkvæmdareglugerðir til nánari útfærslu, en sérstaklega má nefna reglugerðir (ESB) 2023/1184 og 2023/1185. Meðal annars eru sett viðmið fyrir hvaða raforka er notuð til að framleiða rafeldsneyti flokkast sem endurnýjanleg, en til þess að

rafeldsneyti teljist endurnýjanlegt þarf rafeldsneytið að vera framleitt með raforku sem er flokkuð sem endurnýjanleg.

Reglurnar skulu gilda óháð því hvort eldsneytið sé framleitt innan eða utan Evrópusambandsins. Miklir hagsmunir eru fólgnir í því að við upptöku á umræddum gerðum og sé tekið tillit til sérstöðu Íslands þegar kemur að raforkuframleiðslu og nýtingu jarðvarma m.a. þegar kemur að því hvaða raforka flokkast sem endurnýjanleg. Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN)

- **Aðgerðaráætlun um jarðvarma** (e. *Geothermal action plan*).

Hafin er vinna við stefnumótun og gerð aðgerðaráætlunar um nýtingu jarðvarma á vettvangi ESB, sbr. m.a. [ályktun ráðherraráðs ESB](#) um málið og umfjöllun [Vaktarinnar 24. október 2025](#). um endurgjöf Íslands um stefnumótun á sviði jarðvarmanýtingar.

Aðgerðaráætlunin er hluti af stefnumörkun ESB um upphitun og kælingu.

Aðgerðaráætlun um jarðvarma verður sett til þess að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050, draga úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti, tryggja samkeppnishæfni og skapa aðgang að viðráðanlegri endurnýjanlegri orku fyrir heimili og atvinnulíf. Lögð er áhersla á að virkja alla tiltæka endurnýjanlega orkugjafa og flýta fyrir uppbyggingu þeirra. Það á ekki að setja nýja löggjöf heldur fara yfir hvernig núverandi löggjöf virkar og ef þörf er þá að styrkja hana, bæta og aðlagða. Til staðar er alhliða regluverk sem styður við orkuskiptin og hefur skapað meðbyr fyrir hreinni upphitun og orku frá jarðvarma, m.a. RED, hönnun raforkumarkaðarins, orkunýtni, orkunýtni bygginga og NZIA. Stefnumörkunin og aðgerðaráætlunin munu styðja við markmið ESB og hraða innleiðingu þessara gerða. Aðgerðaráætlun um jarðvarma, á að bæta aðgengi að gögnum, hraða leyfisveitingum, nýta þekkingu úr jarðolíu- og gasgeiranum, efla nýsköpun og áhættulækkun og tryggja betri fjármögnunarmöguleika. Markmiðið er að nýta þá miklu jarðhitagetu sem Evrópa býr yfir og hraða orkuskiptum á hagkvæman og öruggan hátt. Gert er ráð fyrir áætlunin verði kynnt 2026.

Með hliðsjón af mikilvægi jarðvarmanýtingar á Íslandi og sérþekkingu á því sviði er talið rétt að setja stefnumótunarvinnuna á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.

(Málefnasvið: URN)

- **Reglugerð um umbúðir og umbúðaúrgang** (Regulation on Packaging and Packaging Waste – PPWR)

[Reglugerð \(ESB\) 2025/40](#) tók gildi 11. febrúar 2025 í ESB en kemur til framkvæmda 18 mánuðum síðar eða þann 12. ágúst 2026. Bíður reglugerðin nú upptöku í EES-samninginn. Reglugerðin miðar að því að gera umbúðir sjálfbærari og draga úr magni umbúðaúrgangs í ESB. Markmiðið er að takast á við aukningu á umbúðaúrgangi sem myndast í ESB, samræma innri markaðinn fyrir umbúðir og efla hringrásarhagkerfið þannig að umbúðageirinn verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2050.

Er nú unnið að mótun afleiddra gerða sem framkvæmdastjórnin mun setja með stoð í nýju reglugerðinni. Með hliðsjón af smæð íslenska markaðarins og dreifbýlis er talið að kröfur reglugerðarinnar geti orðið meira íþyngjandi á Íslandi en almennt á við um markaði á meginlandinu. Fjallað var um málið í [Vaktinni 2. desember 2022](#) og í [Vaktinni 15. mars 2024](#), sbr. einnig umfjöllun í [Vaktinni 24. apríl 2026](#).

Með vísan til framangreinds er talið rétt að færa málið á forgangslista vegna hagmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.
(Málefnasvið: URN, ATRN o.fl.)

4.2 Nýir tímar í varnar- og öryggismálum Evrópu

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Hvítbók um varnarmál og endurvopnunaráætlun ESB** (e. [White Paper on the Future of European Defence](#) and ReArm Europe Plan/Readiness 2030)
Hvítbókin hefur verið lögð fram sem og endurvopnunaráætlun ESB, sbr. umfjöllun í Vaktinni [7. mars](#) og [21. mars 2025](#).
Um er að ræða stefnumótunaráætlun sem talin er ástæða til að færa á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir bæði með hliðsjón af mögulegum auknum tvíhliða samskiptum Íslands og ESB í málaflokknum sem og með vísan til sérstakrar áherslu núverandi ríkisstjórnar á öryggis- og varnarmál almennt.
(Málefnasvið: UTN)
- **Viðbúnaðaráætlun ESB** (e. [Preparedness Union Strategy](#)).
Áætlunin hefur verið lögð fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 4. apríl 2025](#). Áætlunin og stefnumótunin sem í henni felst tekur til eflingar viðbúnaðar vegna mögulegs krísuástands sem upp getur komið á mismunandi sviðum og af mismunandi orsökum svo sem af völdum loftslagsbreytinga, farsóttar o.s.frv.
Um er að ræða stefnumótunaráætlun sem talin er ástæða til að færa á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir bæði með hliðsjón af mögulegum auknum tvíhliða samskiptum Íslands og ESB í málaflokknum sem og með vísan til sérstakrar áherslu ríkisstjórnar á almannavarnir og öryggis- og varnarmál.
(Málefnasvið: DMR, UTN)
- **Löggjafartillaga um mikilvæg og lífsnauðsynleg lyf** (e. [Critical Medicines Act](#))
Tillagan hefur verið birt, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. mars 2025](#), sbr. einnig umfjöllun í [Vaktinni 22. maí 2026](#). Markmið tillögunnar er að vinna gegn skorti mikilvægra lyfja til viðbótar þeim aðgerðum sem þegar er unnið að í tengslum við endurskoðun lyfjalöggjafar ESB sem er við það að ljúka auk þess sem tillögunni er ætlað að styðja við framangreinda viðbúnaðaráætlun ESB.
Í ljósi þess að lyfjaskortur og takmarkað úrval lyfja er viðvarandi viðfangsefni örmarkaða eins og Íslands eru líkindi fyrir því að Ísland geti haft sérstakra hagsmuna að gæta í málinu. Sjá einnig umfjöllun um EES/EFTA-álit um málið í [Vaktinni 8. maí 2026](#).
Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að málið verði fært á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.
(Málefnasvið: HRN, (DMR))
- **Stefna um stuðning við læknisfræðilegar mótvægisaðgerðir gegn lýðheilsuógnum** (e. [Strategy to support medical countermeasures against public health threats](#)).
Stefnan er komin fram og miðar hún að því að hraða þróun og framleiðslu á bóluefnum, mótefnum, greiningarþúnaði og öðrum úrræðum sem geta skipt sköpum í alvarlegum áföllum. Jafnframt er lögð sérstök áhersla á rannsóknir og þróun, nýsköpun og samstarf

milli ríkja, vísindasamfélagsins og fyrirtækja. Stefnan er hluti af viðbúnaðarstefnu ESB (e. Preparedness Union Strategy). Fjallað var um málið í [Vaktinni 12. september 2025](#).
Um er að ræða stefnumótunaráætlun sem talin er ástæða til að færa á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir m.a. með hliðsjón af viðræðum við ESB um aðild Íslands að HERU, Neyðar- og viðbragðsskrifstofu ESB á sviði heilbrigðismála.
(Málefnasvið: HRN, (DMR))

- **Birgðastöðuáætlun ESB** (e. [EU Stockpiling Strategy](#))
Stefnan er komin fram en markmið hennar er að tryggja að aðildarríkin hafi tiltækar lífsnauðsynlegar birgðir þegar neyðarástand skapast. Hún tekur til lyfja og lækningavara en einnig til eldsneytis, vatns og matvæla. Stefnan er hluti af viðbúnaðarstefnu ESB (e. Preparedness Union Strategy). Fjallað var um málið í [Vaktinni 12. september 2025](#).
Um er að ræða stefnumótunaráætlun sem talin er ástæða til að færa á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir m.a. með hliðsjón af viðræðum við ESB um aðild Íslands að HERU, Neyðar- og viðbragðsskrifstofu ESB á sviði heilbrigðismála.
(Málefnasvið: HRN, (DMR))
- **Stefna um innri öryggismál ESB** (e. [New European Internal Security Strategy](#))
Með stefnunni er leitast við að bregðast við því flókna og óstöðuga umhverfi í öryggismálum sem nú er uppi og leitað nýstárlegra og markvissra lausna, sbr. nánari umfjöllun í [Vaktinni 4. apríl 2025](#).
Um er að ræða stefnumótunaráætlun sem talin er ástæða til að færa á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir með vísan til aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu og tvíhliða samstarfs á sviði löggæslu og öryggismála og með vísan til sérstakrar áherslu ríkisstjórnar á öryggismál almennt.
(Málefnasvið: DMR, UTN)
- **Löggjafartillaga um ólögmæta skotvopnasölu** (e. [Firearms Trafficking Directive](#)).
Tillagan er komin fram. Markmið hennar er einkum að stuðla að samræmingu og skilvirkni löggæslu í baráttunni gegn brotum tengdum ólöglegum skotvopnum. Fjallað var um málið í [Vaktinni 13. mars 2026](#).
Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefnasvið: DMR)
- **Aðgerðaráætlun um netöryggi sjúkrahúsa og annarra veitenda heilbrigðisþjónustu** (e. [Action plan on the cybersecurity of hospitals and healthcare providers](#)).
Aðgerðaráætlunin var lögð fram í janúar 2025, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 31. janúar 2025](#)
Markmið áætlunarinnar er að verja heilbrigðisgeirann gegn hverskonar netógnum og -árásum og tryggja öruggara umhverfi bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk.
Heilbrigðisgeirinn er sá iðnaður sem hefur verið einna mest útsettur fyrir netárásum síðastliðin misseri.
Álitið er, að svo stöddu, að hagsmunir Íslands af áætluninni séu almennir.
(Málefnasvið: HRN, IRN)
- **Löggjafartillaga um sameiginlega nálgun við endursendingar á fólki í ólögmætri för** (e. [New common approach on returns](#)).
Tillagan var lögð fram í mars 2025, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. mars 2025](#). Markmið hennar er að auka skilvirkni og einfalda málsmeðferð við endursendingar útlandinga í

ólögmætri dvöl og samhæfa regluverk aðildarríkja Schengen-samstarfsins í þessum efnum. Tillagan, sem er í formi reglugerðar, er ætlað að koma í stað gildandi brottvísunartilskipunar ESB (e. Return Directive) frá árinu 2008 sem hefur verið innleidd í íslenska löggjöf.

Ísland hefur fylgst vel með og tekið þátt í mótun þessarar Schengen-gerðar innan ráðherraráðsins sem samþykkti afstöðu sína til hennar í desember 2025. Tillagan er nú til umræðu innan Evrópuþingsins og fer síðan í þríhliða viðræður.

Með vísan tilþátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og eðli og forsögu málsins þykir rétt að færa málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli annarra sjónarmiða.

(Málefna svið: DMR)

- **Stefna um málefni fólksflutninga** (e. [European Asylum and Migration Management Strategy](#)).

Stefnan hefur verið lögð fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#). Meginmarkmið stefnunnar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir ólöglega fólksflutninga, í öðru lagi að vernda fólk sem flýr stríð og ofsóknir og koma í veg fyrir misnotkun kerfisins og í þriðja lagi að laða að hæfileikaríkt fólk til aðildarríkja ESB til að efla nýsköpun og samkeppnishæfni sambandsins. Þá er í stefnunni hvatt til þess að stafræn tækni og gervigreind verði nýtt til fullnustu í stjórnsýslu málefna flóttá- og farandfólks. Lögð er áhersla á eflingu alþjóðlegra samskipta á sviði fólksflutninga, öflug ytri landamæri ESB, sanngjarnt verndarkerfi, skilvirkar endursendingar og viðtökur og hreyfanleika hæfileikaríks vinnuafls.

Um er að ræða stefnumótunaráætlun sem talin er ástæða til að færa á sérstakan vöktunarlista fyrir slíkar áætlanir með vísan til aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu. (Málefna svið: DMR)

- **Stofnun nýs varnarmálasjóðs** (e. [European Defence Fund](#))

Árið 2021 var European Defence Fund (EDF) áætlunin tekin upp í EES-samninginn - þó eingöngu með þátttöku Noregs þar sem Ísland og Liechtenstein sóttust ekki eftir aðild að sjóðnum. Helstu markmið EDF fram til ársins 2027 eru:

- að auka samvinnu milli fyrirtækja, þ.m.t. lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og rannsóknaraðila innan Evrópu
- að fjárfesta í þróun á varnargetu
- að aðstoða evrópsk fyrirtæki við þróun á nýstarlegri og samhæfðri tækni á sviði varnarmála.

Í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu voru tvær skammtímaáætlanir settar á laggirnar, annars vegar ASAP, sem hafði það að markmiði að efla evrópska framleiðslugetu á sviði skotfæra, og hins vegar EDIRPA, sem studdi við sameiginleg útboð Evrópuríkja á hergögnum. Báðar áætlanirnar voru teknar upp í EES-samninginn með undanþáguákvæðum fyrir Ísland og Liechtenstein og runnu sitt skeið fyrir árslok 2025. Þeim er nú fylgt eftir með nýrri skammtímaáætlun til ársins 2027, European Defence Industrial Programme (EDIP), sem hóf göngu sína í byrjun árs 2026 – einnig án þátttöku Íslands og Liechtenstein. Markmið EDIP er að:

- styrkja samkeppnishæfni evrópsks hergagnaiðnaðar
- tryggja framleiðslu og framboð á hergögnum
- efla samstarf við Úkraínu um björgun, enduruppbyggingu og nútímavæðingu hergagnaiðnaðar landsins.

Líkt og fjallað er um síðar í skjalinu hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur að umfangsmeiri fjárveitingum til eflingar evrópsks hergagnaiðnaðar og -framleiðslu í næsta fjárhagsramma sambandsins fyrir tímabilið 2028-2034. Mun það m.a. hafa áhrif á samstarfsáætlanir á sviðum samkeppnishæfni og rannsókna, sem til skoðunar er að taka inn í EES-samninginn fyrir árið 2028. Því er talin ástæða til að fylgjast vel með framvindu málsins á vettvangi ESB. Sjá til hliðsjónar

Með hliðsjón af framangreindu er talin ástæða til að færa málið á forgangslista með vísan til sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: UTN, MNH)

- **Stefnumótun ESB í fíkniefnamálum** (e. [EU Drugs Strategy and Action Plan against drug trafficking](#)).

Stefnan hefur verið lögð fram og fylgir henni [aðgerðaáætlun](#) til að sporna við fíkniefnasmygli, auk [reglugerðartillögu](#) um eftirlit með forefnum fíkniefna. Stefnumótunin er hluti af stefnuáætlun ESB um innri öryggismál (e. ProtectEU) sbr. umfjöllun um þá áætlun að framan. Stefnan leggur áherslu á að bæta viðbragð gegn fíkniefnaógn, verndun lýðheilsu, baráttu gegn skipulagðri brotastarfsemi og aukna samvinnu, m.a. við þriðju ríki, félagasamtök og einkageirann. Fjallað var um málið í [Vaktinni 19. desember 2025](#). Er álitíð að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: DMR, HRN)

- **Aðgerðaáætlun gegn hryðjuverkastarfsemi** (e. [Counter-Terrorism Agenda](#))
- Áætlunin hefur verið birt, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 13. mars 2026](#), en þar eru lagðar línur um hvernig styrkja megi sameiginleg viðbrögð aðildarríkjanna við síbreytilegri hryðjuverkaógn og ofbeldisfullri öfgahyggju. Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að auka framsýni og viðnámsþrótt ESB á þessu sviði í því skyni að efla öryggi fólks, m.a. á netinu, og styrkja samstarf við alþjóðlega aðila og samstarfsríki.
- Álitíð er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
- (Málefnasvið: DMR, UTN)

- **Nýtt miðlægt samskiptakerfi fyrir stjórnvöld sem sinna öryggismálum, m.a. vegna skipulagðrar glæpastarfsemi** (e. [European Critical Communication System](#)).
- Unnið er að því að koma á fót nýju miðlægu samskiptakerfi fyrir stjórnvöld sem sinna öryggismálum í aðildarríkjum ESB. Kerfið á m.a. að tengja samskiptanet lögregluyfirvalda, almannavarna og viðbragðsaðila til að tryggja hnökralaus neyðarsamskipti og hreyfanleika framkvæmdaraðila innan Schengen-svæðisins.
- Með hliðsjón af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er talin ástæða til að setja áætlanir ESB í þessum málaflokki á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
- (Málefnasvið: DMR)

- **Stefna ESB um vegabréfsáritanir** (e. [EU Visa Policy Strategy](#)).
- Stefnan var birt í janúar 2026. Er þetta í fyrsta sinn sem ESB setur fram heildstæða stefnu í málaflokknum. Markmið hennar er að tryggja stefnumiðaða framkvæmd sem styður við langtímahagsmuni ESB, m.a. með því að gera sambandið betur í stakk búið til að takast á við aukinn hreyfanleika fólks svo sem vegna svæðisbundins óstöðugleika o.fl. Þá miðar stefnan að því að gera Evrópu öruggari, samkeppnishæfari, skilvirkari og áhrifameiri á alþjóðavísu. Sem aðili að Schengen-samstarfinu hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja samræmdri stefnu ESB við útgáfu vegabréfsáritana. Af því leiðir að Ísland fylgir sömu

reglum og ESB um útgáfu vegabréfsáritana og gerir tvíhliða samninga með hliðsjón af samningum ESB um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana, samninga um vegabréfsáritanafrelsi og samninga um endurviðtöku útlendinga sem ekki hafa heimild til dvalar á Schengen-svæðinu. Fjallað var um stefnuna í [Vaktinni 30. janúar 2026](#). Með hliðsjón af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og í ljósi þess að Ísland hefur verið meðal ríkja sem hafa beitt sér fyrir endurbótum á stefnunni þykir rétt að eftirfylgni með málinu verði sett á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli annarra sjónarmiða.
(Málefnasvið: DMR, UTN)

- **Aðgerðaáætlun um öryggi sæstrengja** (e. [EU Action Plan on Cable Security](#))
Aðgerðaáætlunin hefur verið birt, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. mars 2025](#). Sjá einnig umfjöllun í [Vaktinni 13. febrúar 2026](#) um mögulegan sæstreng frá Evrópu um Ísland til Asíu.
Með hliðsjón af legu Íslands og þeirri staðreynd að landið er nær alfarið háð sæstrengjum er kemur að fjarskiptum við útlönd er talið rétt að færa áætlunina á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.
(Málefnasvið: IRN, UTN, (DMR), FJR)
- **Löggjafartillaga um einföldun á regluverki vegna innkaupa á varnar- og öryggistengdum vörum og kerfum** (e. [Simplifying defence and sensitive security procurement](#))
Löggjafartillagan hefur ekki verið lögð fram. Framkvæmdastjórnin vinnur að endurskoðun tilskipunar um innkaup á varnar- og öryggistengdum vörum og kerfum 2009/81/EC með það að markmiði að einfalda stjórnarsýslu og minnka reglubyrði. Búið er við að löggjafartillagan verði lögð fram á þriðja ársfjórðungi 2026. Tillagan verður metin með hliðsjón af hagsmunagæslu þegar hún verður birt.
(Málefnasvið: ATRN, FJR, UTN, DMR)
- **Áætlun um uppbyggingu forskots á hernaðarlega mikilvægum sviðum** (e. [Qualitative Military Edge programme](#))
Áætlunin hefur ekki verið birt. Lagt verður mat á hana með tilliti til hagsmunagæslu þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefnasvið: UTN)
- **Stefnumótun um sameiginlegan markað og tæknigrunn á sviði varnarmála** (e. [Communication on the Defence Single Market: EU technological base fit for future](#)).
Stefnumótunin hefur ekki verið birt. Lagt verður mat á hana með tilliti til hagsmunagæslu þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefnasvið: UTN)
- **Aðgerðaáætlun um uppbyggingu sameiginlegs geimvarnarkerfis** (e. [European Space Shield – action plan](#)).
Stefnumótunin hefur ekki verið birt. Lagt verður mat á hana með tilliti til hagsmunagæslu þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefnasvið: UTN, IRN)

- **Löggjafartillaga um eflingu á starfsemi Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu, Frontex** (e. Strengthening Frontex).

Tillagan er ekki komin fram en markmið hennar er að styrkja Frontex, m.a. með þrefaldri fjölgun í stöðuliði stofnunarinnar (e. Standing Corps) og auka hlutverk Frontex á sviði endursendinga. Töluverð umræða um framtíð Frontex átti sér stað haustið 2025 innan ráðherraráðsins og hafa flest aðildarríki ESB og samstarfsríki Schengen, þ. á m. Ísland, lagt áherslu á mikilvægi þess að allar breytingar taki mið af rekstrarlegum þörfum þeirra. Fyrst þurfi að ræða framtíðarhlutverk og verkefni stofnunarinnar áður en möguleg fjölgun í stöðuliði stofnunarinnar kemur til skoðunar. Þá hefur Ísland undirstrikað mikilvægi þess að slík fjölgun taki mið af getu hvers aðildarríkis og að stofnunin einbeiti sér að aðstoð við stjórnun ytri landamæra Schengen-svæðisins og endursendingar, m.a. samskipti við þriðju ríki.

Tillagan verður metin með hliðsjón af hagsmunagæslu og þá sérstaklega með hliðsjón af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu þegar hún hefur verið birt.

(Málefnasvið: DMR)

- **Löggjafartillaga um stafvæðingu á hinu sameiginlega evrópska endursendingarkerfi** (e. Digitalisation of the return process).

Tillagan er ekki komin fram en markmiðið er að stafvæða kerfi og ferla aðildarríkjanna varðandi endursendingu, endurviðtöku og enduraðlögun ríkisborgara þriðju ríkja. Tillagan verður metin með hliðsjón af hagsmunagæslu og þá sérstaklega með hliðsjón af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu þegar hún hefur verið birt.

(Málefnasvið: DMR)

- **Löggjafartillaga um nútímavæðingu á reglum til að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi** (e. Modernised rules to combat organised crime).

Tillagan er ekki komin fram en markmiðið er að nútímavæða regluverk sambandsins sem snýr að skipulagðri brotastarfsemi. Tillagan verður metin með hliðsjón af hagsmunagæslu og þá sérstaklega með hliðsjón af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu þegar hún hefur verið birt.

(Málefnasvið: DMR)

- **Löggjafartillaga um eflingu á starfsemi Löggæslustofnunar Evrópu, Europol** (e. Strengthening Europol).

Tillagan er komin fram og var fjallað um hana í [Vaktinni 3. júlí 2026](#). Helstu breytingar sem lagðar eru til á reglugerð um Europol eru eftirfarandi:

- *Skilvirkari og öruggari upplýsingaskipti*: Lagðar eru til breytingar sem miða að sjálfvirkari og hraðari miðlun upplýsinga sem mun gera aðildarríkjunum kleift að vinna saman að rannsóknum í rauntíma. Europol mun koma á fót öruggri og sjálfstæðri skýjalausn ásamt sameiginlegu gagnarými (e. Police Shared Data Space), þar sem rannsóknaraðilar geta unnið saman að meðferð mála.
- *Öflugri rekstrarstuðningur við aðildarríkin*: Lagt er til að stuðningsskrifstofur Europol verða settar á fót í aðildarríkjunum og skipaðar lögreglumönnum sem áður hafa starfað hjá Europol. Þetta á að tryggja betri nýtingu á stuðningi og og þeim úrræðum sem Europol hefur til ráðstöfnunar, meðal annars á sviði gagnagreiningar.
- *Miðstöð tækni og nýsköpunar*: Lagt er til að sett verði á fót miðstöð tækni og nýsköpunar sem mun hafa það hlutverk að greina tæknilegar þarfir löggæslufirvalda

auk þess sem miðstöðinni er ætlað að styðja fjárfestingar aðildarríkjanna í sameiginlegum rannsóknum og þróun.

- Lagðar eru til breytingar sem ætlað er að styðja við öflugra samstarf Europol við stofnanir og aðila innan ESB, einkum við Eurojust og Embætti saksóknarans ESB (e. EPPO).
- Þá eru lagðar til breytingar sem miða að eflingu alþjóðlegs samstarfs við samstarfsríki til að takast sameiginlega á við alþjóðlega glæpastarfsemi yfir landamæri.

Ísland á ekki beina aðild að Europol og er á grundvelli gildandi regluverks skilgreint sem þriðja ríki. Ísland hefur á hinn bóginn gert samstarfssamning við stofnunina og er á þeim grunni svokallaður aðgerðaraðili (e. operational third party) sem veitir takmarkaðan aðgang að gagnagrunnum stofnunarinnar og aðgerðum hennar. Í ljósi þess hafa samstarfsríki Schengen, þ.e. Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein, lagt áherslu á mikilvægi þess að auka samstarf við Europol til að draga úr veikleikum á Schengen-svæðinu þegar kemur að innri öryggismálum. Þessar áherslur eru m.a. í samræmi við [stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar](#) um að taka fast á skipulagðri glæpastarfsemi og [stefnu dómsmálaráðuneytisins um aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi](#), þar sem ein lykilaðgerð lýtur að því að auka vægi og þátttöku Íslands í starfi Europol m.a. á grundvelli Schengen-samstarfsins.

Í tillögunni er að finna kafla um samstarf við þriðju ríki og alþjóðastofnanir. Í 93. gr. tillögunnar er fjallað um samstarf Europol og samstarfsríkja Schengen. Með ákvæðinu er lagt til að í samstarfssamningum ríkjanna við Europol sé hægt að kveða á um aukin upplýsingaskipti og aðgang að gagnagrunnum auk þátttöku í tilteknum stjórnarnefndum, skipun tengslafulltrúa o.fl. Í tillögunni er lagt til að samstarfsríkjum Schengen muni standa til boða möguleiki á nánara samstarfi við Europol en almennt gildir um þriðju ríki, þar sem Schengen-ríkin bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda öryggi á Schengen-svæðinu vegna afnáms persónubundins eftirlits á innri landamærum ríkjanna. Með vísan til framangreinds, aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu og sérstakrar áherslu ríkisstjórnar á skipulagðri brotastarfsemi er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnað: DMR)

Óafgreidd mál frá fyrra stefnumótunartímabili sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- **Rafræn auðkenning við ferðir til og frá Schengen-svæðinu** (e. EU Digital Travel application)
Hinn 8. október 2024 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tvær löggjafartillögur um rafræna auðkenningu við ferðir til og frá Schengen-svæðinu. Markmið tillagnanna er að auðvelda og auka öryggi landamæraeftirlits á svæðinu. Í tillögunum tveimur er annars vegar lagt til að komið verði á sameiginlegu regluverki um stafvæðingu skilríkja, einkum vegabréfa og nafnskírteina, (COM(2024)671) og hins vegar að gefið verði út sérstakt stafrænt ferðaforrit (e. EU Digital Travel application) vegna ferðalaga til og frá Schengen-svæðinu (COM(2024)670), sbr. umfjöllun um tillögurnar í Vaktinni [8. nóvember 2024](#). Fyrirgreinda gerðin er merkt sem EES-tæk og er í viðeigandi rýni. Síðargreinda gerðin telst til þróunar á Schengen-regluverkinu og er því skuldbindandi fyrir Ísland að innleiða. Er álitð að hagsmunir Íslands af tillögunum séu almennir.
(Málefnað: DMR)

- **Löggjafartillaga um skilgreiningu og beitingu reglunnar um öruggt þriðja ríki** (e. [Safe third country concept](#)).

Með tillögunni er stefnt að því að auðvelda beitingu reglunnar um öruggt þriðja ríki við málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Markmið tillögunnar er að auka skilvirkni við úrlausn slíkra umsókna og léttu álagi af verndarkerfum aðildarríkjanna að teknu fullu tilliti til réttinda einstaklinga. Fjallað var málið í [Vaktinni 30. maí 2025](#) og [19. desember 2025](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: DMR, UTN)

4.3 Stuðningur við samfélög og velferðarkerfi

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Ný aðgerðaráætlun til innleiðingar á félagslegri réttindastoð ESB** (e. [A new action plan to implement the European Pillar of Social Rights](#)).

Áætlunin er í vinnslu, sbr. til hliðsjónar umfjöllun [Vaktarinnar 18. nóvember 2022](#) um félagslega réttindastoð ESB. Gert er ráð fyrir að markmið aðgerða verði að ná fram aukinni atvinnuþátttöku, auknu framboði menntunar og minnkandi fátækt á grundvelli félagslegu réttindastoðarinnar.

Lagt verður mat á áætlunina með hliðsjón af forgangsröðun þegar hún hefur verið lögð fram.

(Málefnasvið: FRN)

- **Vegvísir um sköpun vandaðra starfa** (e. [Quality jobs roadmap](#))

Vegvísirinn hefur verið lagður fram. sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

Vegvísirinn byggir m.a. á tillögum sem fram koma í skýrslum [Letta](#) og [Draghi](#) um sameiginlega markaðinn og samkeppnishæfni ESB til framtíðar. Gæðastörf og nægileg laun eru talin forsenda þess að auka framleiðni og styrkja samkeppnishæfni ESB og berjast gegn fátækt. Unnið er að undirbúningi löggjafar á þessu sviði og er þess vænst að tillaga verði lögð fram í lok árs 2026.

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: FRN)

- **Stefnumótun um aukna færni vinnuaflds - færniátak** (e. [Union of Skills](#)).

Stefnumótunin hefur verið birt, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#), en með henni eru kynntar ýmsar aðgerðir sem hafa það að markmiði að bæta úr skorti á starfsfólki með rétta hæfni. Þegar hafa verið settar fram tvær aðgerðaráætlanir á grundvelli færniátaksins auk þess sem fleiri eru boðaðar. Þ.e. annars vegar aðgerðaráætlun um grunnfærni (e. Action Plan on Basic Skills) sem ætlað er að bæta grunnfærni í læsi, stærðfræði, vísindum, stafrænni þekkingu og borgaralegum gildum, tryggja endur- og símenntun fyrir alla og laða að fólk frá þriðju ríkjum með rétta hæfni og hins vegar menntastefnu á sviði verkfræði, stærðfræði, raunvísinda og náttúruvísinda, sbr. umfjöllun hér að neðan. Um er að ræða víðtæka og þverlæga stefnumótunaráætlun sem jafnframt er ein af meginstöðum hreinatvinnustefnu ESB sem fjallað er um að framan. Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.

(Málefnasvið: MRN, FRN, MNH)

- **Menntastefna á sviði verkfræði, stærðfræði, raunvísinda og náttúruvísinda** (e. [STEM Education Strategic Plan](#))

Stefnumótunin hefur verið birt, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#).

Ísland er þátttakandi í Evrópska menntasvæðinu (e. European Education Area) og er m.a. af þeim sökum talin ástæða til að fylgjast vel með stefnum og áætlunum á þessu sviði auk þess sem eitt af áherslumálum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að auka áherslu á læsi og íslenskukennslu sem tengist markmiðum um grunnfærni. Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: MNH, MRN)
- **Stefna fyrir starfsmenntun, starfspjálfun og símenntun** (e. European Strategy for Vocational Education and Training).

Þetta er hluti af þeim stefnum sem eru boðaðar í *Union of Skills*. Með stefnunni er ætlunin að gera starfsmenntun, starfspjálfun og símenntun aðgengilegri og meira aðlaðandi til að tryggja framboð vandaðrar menntunar sem getur lagað sig að þörfum atvinnulífsins hverju sinni.

Stefnan verður metin og greind með tilliti til mögulegrar forgangsröðunar þegar hún er komin fram. (Málefnasvið: MRN, MNH, FRN, HRN)
- **Stefnuáætlun ESB í neytendamálum til ársins 2030** (e. [Consumer Agenda 2025-2030 and action plan for consumers in the Single Market](#)).

Starfsskráin hefur verið lögð fram en helstu markmið stefnunnar eru að efla traust neytenda, tryggja skýrar reglur, efla eftirlit og minnka stjórnsýslubyrði fyrirtækja. Aðgerðir sem boðaðar eru, er ætlað að stuðla að aukinni samkeppnishæfni, félagslegu réttlæti og sjálfbærum vexti innan ESB. Búið er við að löggjafartillaga um stafræna sanngirni (Digital Fairness Act) sem ætlað er að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í stafrænu umhverfi með ósanngjarni stjórnun, persónusniðnum auglýsingum og ávanabindandi hönnun, sem er þáttur í innleiðingu stefnunnar, verði lögð fram síðar á tímabilinu, sbr. nánar umfjöllun í [Vaktinni 5. desember 2025](#).

Sjá í þessu samhengi umfjöllun í [Vaktinni 14. febrúar 2025](#) um örugg og sjálfbær netviðskipti.

Um er að ræða víðtæka stefnumótunaráætlun og er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: ATRN)
- **Nýr sáttmáli um félagslegt samráð** (e. [Pact for European Social Dialogue](#)).

Sáttmállinn hefur verið birtur, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 4. apríl 2025](#), en markmið hans er að styrkja hlutverk aðila markaðarins í hverskonar stefnumörkun á sviði vinnumarkaðar og félagsmála. Settar eru fram aðgerðir af beggja hálfu í þessu skyni. Á grundvelli sáttmálans vinna aðilarnir nú sameiginlega að undirbúningi löggjafar um gæðastörf. Með þessu er ætlunin að tryggja gæðastörf og inngildinguna og stuðla þannig að auknu viðnámspoli evrópskra vinnumarkaða samhliða félagslegu réttlæti. Er álitíð er að hagsmunir af málinu séu almennir. (Málefnasvið: FRN)
- **Stefna um aðgerðir gegn fátækt** (e. EU Anti-Poverty Strategy).

Stefnan hefur verið birt. Lögð er áhersla á að tryggja gæðastörf fyrir alla vinnufæra, tryggja aðgengi að grunnþjónustu og framfærslustuðningi og samræmdar aðgerðir stjórnvalda, vinnumarkaðarins og samfélagsins með beinu samráði við fólk sem býr við fátækt.

Sérstök áhersla er lögð á rjúfa vítahring fátæktar með því að bæta aðstæður barna. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir þykir lítið hafa áunnist á síðastliðnum árum í því að draga úr barnafátækt. Því er nú lögð enn frekari áhersla á að börn hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun, skólamáltíðum, sálfélagslegum stuðningi og vernd gegn misnotkun m.a. með styrkingu svonefndrar barnaverndarábyrgðar (e. European Child Guarantee). Jafnframt er stefnt að því að bæta stöðu fjölskyldna meðal annars með bættu aðgengi að leikskólum. Fjallað var um málið í [Vaktinni 8. maí 2026](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir m.a. með tilliti til þess að aðgerðir gegn fátækt eru meðal helstu áherslumála í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

(Málefnasvið: FRN)

- **Aðgerðaáætlun um húsnæði á viðráðanlegu verði** (e. [European Affordable Housing Plan](#)).

Áætlunin hefur verið birt og miðar hún að því að bregðast við vaxandi skorti á vönduðu og sjálfbæru íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði með margvíslegum aðgerðum. Hluti stefnunnar felst í [rýmkuðum ríkisaðstoðarreglum](#) til uppbyggingar húsnæðis en einnig er boðuð einföldun regluverks á sviði byggingariðnaðar. Þá er boðuð frekari lagasetning á sviði skammtímaleigu til að bregðast við skorti á leiguhúsnæði í borgum. sjá. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#), sbr. einnig umfjöllun í [Vaktinni 8. maí 2026](#). Er þetta er í fyrsta sinn sem ESB markar stefnu í þessum málaflokki enda hefur verið lítið svo á að húsnæðismál væru alfarið á forræði aðildarríkjanna sjálfra. Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir, m.a. með tilliti til stefnuýfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem boðaðar eru margvíslegar aðgerðir til að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði þar sem m.a. er gert ráð fyrir breytingu á reglum um skammtímaleigu og einföldun regluverks á sviði mannvirkja og húsnæðismála, (Málefnasvið: FRN)

- **Aðgerðaráætlun gegn neteinelti** (e. [Action plan against cyberbullying](#)).

Áætlunin hefur verið birt og miðar hún að því að efla vernd barna og ungmenna á netinu og tryggja samræmdar aðgerðir og viðbrögð í aðildarríkjunum. Í áætluninni er lögð áhersla á skýra og sameiginlega skilgreiningu á neteinelti, þ.e. að neteinelti sé endurtekin eða viðvarandi hegðun á stafrænum vettvangi sem miðar að því að niðurlægja, útiloka eða skaða börn og ungmenni. Fjallað var um áætlunina í [Vaktinni 13. febrúar 2026](#). Er álitid að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: MRN)

- **Stefna ESB í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2026 - 2030** (e. [LGBTIQ+ Equality Strategy 2026-2030](#)).

Stefnan hefur verið birt og markmið hennar er að efla frelsi, fjölbreytni og vernd gegn mismunun, ofbeldi og einelti á öllum sviðum samfélagsins þvert á aðildarríki ESB. Fjallað var um málið í [Vaktinni 10. október 2025](#).

Er talin ástæða til að færa málið á forgangslista á grundvelli annarra sjónarmiða, samhliða nýjum leiðarvísi um réttindi kvenna.

(Málefna svið: DMR, FRN)

- **Löggjafartillaga um ný viðmiðunarmörk um hættuleg efni á vinnustað** (e. [protection of workers with new chemical exposure limits](#)).
Lagðar eru til breytingar á tilskipun um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað þar sem lögð eru til ný viðmiðunarmörk fyrir tiltekin hættuleg efni. Fjallað var um málið í [Vaktinni 12. september 2025](#).
Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefna svið: FRN, URN)
- **Löggjafartillögur um breytingar á netöryggislöggjöf** (e. [Cybersecurity Act](#) og [NIS2](#)).
Tillagan er komin fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#). Lagðar eru til ný netöryggisgerð sem miða að því að tryggja að nettengdar vörur á innri markaðnum uppfylli netöryggiskröfur. Hins vegar eru lagðar til breytingar á NIS2 tilskipuninni sem ætlað er að auka lagalegan skýrleika og draga úr stjórnsýslubyrði og kostnaði.
Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefna svið: IRN)
- **Löggjafartillaga um verktaka- og byggingaþjónustu** (e. [Construction Services Act](#)).
Tillagan er ekki komin fram en henni er ætlað að styðja við frjálsa för varnings og stuðla þannig að auknu framboði húsnæðis. Lagt verður mat á tillöguna þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefna svið: FRN)
- **Stefnumótun um stuðning við afskekktustu svæðin innan ESB** (e. [Strategy for outermost regions](#)).
Stefnan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefna svið: IRN)
- **Stefnumótun um samheldni og stuðning við svæði á austurlandamærum ESB** (e. [Communication on Eastern border regions](#)).
Stefnan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefna svið: IRN)
- **Stefnumótun um samheldni og stuðning við eyja- og strandsamfélög** (e. [Communication on islands and coastal communities](#)).
Stefnan er komin fram. Um er að ræða tvær stefnumótunaráætlanir, annars vegar um [eyjasamfélög](#) og hins vegar um [strandhéruð](#) og er þetta í fyrsta sinn sem sett er fram heildstæð stefna um þessi efni á vettvangi ESB. Stefnumótunin er þverlæg og tekur til málefna svo sem á sviði efnahagsmála, fjarskiptamála, samgöngumála, orku- og umhverfismála, lýðfræðilegra þátta og öryggismála.
Fram kemur að flestar eyjar innan ESB glími við sameiginlegar áskoranir sem hafi áhrif á efnahagslega stöðu þeirra og lífsgæði íbúa, svo sem vegna landfræðilegrar einangrunar, aukins flutningskostnaðar, lítilla sundurleitra markaða og auk þess sem efnahagslíf þeirra er oft á tíðum mjög háð tilteknum atvinnuvegum eins og ferðaþjónustu auk þess sem margt annað er nefnt.

Strandhéroð glími einnig mörg hver við áþekkar áskoranir svo sem vegna loftslagsbreytinga, mengun sjávar og taps á líffræðilegum fjölbreytileika í hafinu sem hafi áhrif á efnahagsvöxt þeirra og seiglu, þá hafi árstíðabundin efnahagsstarfsemi einnig oft á tíðum áhrif sem geti leitt til efnahagslegs óstöðugleika.

Í orðsendingu um eyjasamfélög er meðal annars vikið að viðskiptakerfi ESB með loftslagsheimildir, ETS-kerfinu, og reglum um vistvænt eldsneyti. Er í því sambandi m.a. vikið að heimildum í núverandi regluverki til að veita slíkum samfélögum tilteknar undanþágur eða ívilnanir, auk þess sem tekið er fram að við endurskoðun á umræddum reglum, en tillögur þar að lútandi eru væntanlegar í júlí, verði sérstaklega hugað að sérstöðu slíkra samfélaga með tilliti til samgangna og samkeppnishæfni þeirra. Fjallað var um málið í [Vaktinni 19. júní 2026](#).

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: IRN, URN, ATRN, MNH)

- **Löggjafartillaga um sköpun vandaðra starfa** (e. Quality Jobs Act).

Löggjafartillagan er ekki komin fram, en á grundvelli vegvísis um gæðastörf er unnið að löggjafartillögunni í samvinnu við aðila markaðarins. Gert er ráð fyrir því að í tillögunni verði m.a. fjallað um notkun gervigreindar á vinnustöðum, bætt og samræmt vinnueftirlit og keðjuábyrgð í undirverktöku.

Lagt verður mat á málið þegar löggjafartillagan kemur fram.

(Málefnasvið: FRN)

- **Stefnumótunarpakki á sviði menntamála** (e. Education package).

[Aðgerðaáætlun varðandi grunnfærni](#) var kynnt snemma árs 2025. Á grundvelli aðgerðaráætlunarinnar verða tilraunaverkefni styrkt af ERASMUS á þessu ári. Ákvörðun um aðgerðir ræðst af niðurstöðum verkefnanna.

European School Alliances sem– er ætlað að styðja við “mobility” nemenda og kennara og samvinnu skóla og skólayfirvalda, er sömuleiðis hluti af stefnumótunarpakkanum og verður einnig tilraunaverkefni á árinu 2026.

Hagsmunir Íslands af málinu eru almennir og snúa að samstarfi um Evrópska menntasvæðið og þátttöku í ERASMUS.

(Málefnasvið: MRN, MNH)

- **Löggjafarpakki á sviði frjáls flæði vinnuaflds** (e. Fair labour mobility package).

Stefnan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Áhersla er á að auðvelda frjálsa för launafólks og tryggja sanngjörn vinnuskilyrði og framfylgd reglna auk þess að einfalda reglur og framkvæmd með aukinni áherslu á stafræna þróun.

(Málefnasvið: FRN)

- **Löggjafartillaga um einföldun regluverks gagnvart borgurum ESB** (e. Citizens omnibus).

Tillagan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: DMR)

- **Stefnumörkun um kynslóðajafnrétti** (e. [Intergenerational fairness strategy](#)).

Stefnumótunin var kynnt í mars 2026 og er markmið hennar að efla vægi

langtímahugsunar í stefnumörkun ESB og styrkja aðkomu ungs fólks við ákvarðanatöku

og stuðla þannig að betra samstarfi milli kynslóða, sbr. nánari umfjöllun um stefnuna í [Vaktinni 13. mars 2026](#).

Talið er að hagsmunir Íslands af stefnumörkuninni séu almennir.

(Málefnasvið: DMR)

- **Stefnumótun um bættan aðgang barna að grunnþjónustu** (e. Strengthening of the Child Guarantee).

Stefnan er ekki komin fram en kallað hefur verið eftir tillögum í samráðsgátt ESB.

Markmið stefnunnar er að bæta aðgengi allra barna að grunnþjónustu og draga þannig úr fátækt barna og rjúfa kynslóðafátækt. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: MRN, DMR)

Óafgreidd mál frá fyrra stefnumótunartímabili sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- **Endurskoðun reglugerðar um samræmingu almannatrygginga**, (Proposal for a REGULATION amending Regulation (EC) No 883/2004 on the coordination of social security systems and regulation (EC) No 987/2009 laying down the procedure for implementing Regulation (EC) No 883/2004.)

Samkomulag hefur nú loks náðst um tillöguna sem hefur verið á forgangslista ríkisstjórnarinnar frá því að hún var lögð fram í árslok 2016. Helstu breytingar snúa að rétti til atvinnuleysisbóta og útflutningi bóta, reglur um hvaða ríki beri ábyrgð á langtímaumönnun eru skýrðar sem og reglur um aðgengi einstaklinga sem eru efnahagslega óvirkir að félagslegum bótum. Gerðar eru kröfur um að tilkynnt sé fyrirfram um útsenda starfsmenn og þeir þurfa að hafa verið tryggðir í því ríki sem sendir þá. Gert er ráð fyrir auknu samstarfi aðildarríkjanna m.a. með rafrænum upplýsingakerfum (EESSI) Um 20% vinnuafis á Íslandi eru innflytjendur og gæti breyting á reglum um atvinnuleysisbætur því haft umtalsverð fjárhagsleg áhrif. Fjallað var um málið í [Vaktinni 24. apríl 2026](#).

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: FRN)

- **Samræmd stafræn flutningstilkynning vegna útsendra starfsmanna** (Single digital declaration Portal for posted workers)

Tillagan miðar að því að léttu reglubyrði af fyrirtækjum með því að einfalda ferlið við tilkynningarnar og gera þær skilvirkari. Þá er henni ætlað að auka gagnsæi og greiða fyrir eftirliti með því að farið sé að ákvæðum tilskipunar um útsenda starfsmenn auk þess að auðvelda útsendum starfsmönnum að gæta réttar síns, þar sem gert er ráð fyrir því að þeir geti fengið afrit af skráðum upplýsingum sem þá varða úr gagnagáttinni. Sjá umfjöllun í [Vaktinni 6. desember 2024](#), sbr. einnig umfjöllun [Vaktarinnar 3. júlí 2026](#) um samkomulag um efni tillögunar.

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: FRN)

- **Evrópskur hæfileikabrunnur** (Proposal for a REGULATION ESTABLISHING AN EU TALENT POOL)

Tillaga er komin fram og er hún hluti af færniátaki ESB (e. Union of Skills, sbr. umfjöllun að framan). Tilgangurinn er að liðka fyrir ráðningu 3ju ríkis borgara til ríkja ESB og bæta þannig úr skorti á vinnuafli auk þess sem reglugerðinni er ætlað að liðka fyrir löglegum fólksflutningum til Evrópu. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 24. nóvember 2023](#), sbr. einnig umfjöllun [Vaktarinnar 5. desember 2026](#) um samkomulag um efni tillögunnar. Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: FRN)

- **Löggjafartillaga um bætt starfsskilyrði fólks í starfsþjálfun** ([Traineeships Directive](#))
Tillagan hefur það markmið að bæta starfsskilyrði fólks í starfsþjálfun og lækka atvinnuleysistölur á meðal ungmenna. Fjallað var um málið í [Vaktinni 19. apríl 2024](#) og [5. desember 2025](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.

(Málefnasvið: FRN, MRN, MNH)

4.4 Viðhald lífsgæða: landbúnaður, fæðuöryggi, vatn og náttúra

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Löggjafartillaga um breytingu á loftslagslöggjöf ESB** (e. [European Climate Law amendment](#)).
Með tillögunni er lagt til að markmiðið um 90% samdrátt í nettó losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2040, miðað við losun árið 1990, verði lögfest. Tillagan er liður í að fylgja eftir markmiðum Parísarsamkomulagsins og stefnuáherslum framkvæmdastjórnarinnar fyrir tímabilið 2024–2029. Fjallað var um málið í [Vaktinni 11. júlí 2025](#) og [19. desember 2025](#).

Tillagan hefur tengingu við tvíhliða samstarf Íslands og ESB á sviði loftlagsmála, sbr. umfjöllun í kafla 5.8 og þykir rétt, á þeim grundvelli, að færa málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu, á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN)

- **Framtíðarsýn fyrir evrópskan landbúnað og matvælaframleiðslu** (e. [Vision for Agriculture and Food](#)).
Orðsendingin um stefnumótunina hefur verið lögð fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. mars 2025](#).

Hagsmunir Íslands af framgangi framangreindrar stefnumótunar eru metnir almennir með tilliti til forgagnsröðunar vegna hagsmunagæslu.

(Málefnasvið: ATRN)

- **Einföldun á almennu landbúnaðarstefnu sambandsins** (e. [CAP simplification package](#)).
Núverandi landbúnaðarstefna gildir frá 2023–2027. ESB vinnur nú að endurskoðun stefnunnar fyrir næsta tímabil 2028–2034 með áherslu á einföldun, aukinn sveigjanleika s.s. varðandi umhverfisvernd og auknum stuðningi við unga bændur vegna nýliðunar í greininni. Endurskoðunin mun gerast í skrefum og kallar á breytingar á nokkrum gerðum sem heyra undir almennu landbúnaðarstefnu sambandsins. Fyrsti tillögupakkinn var kynntur 14. maí 2025 sem hluti af einföldun regluverks sem ESB er að fara í almennt (e. Omnibus III) en þar er m.a. fjallað um einföldun á greiðslukerfi til bænda, einföldun umhverfiskrafna og eftirlits og aukin og skilvirkari stuðning við bændur vegna áfalla s.s.

vegna veðurs, flóða o.þ.h., sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 21. nóvember 2025](#) um samkomulag um tillögunar. Aðgerðirnar byggja einkum á nýrri stefnu framkvæmdastjórnarinnar um framtíðarsýn í landbúnaði og matvælaframleiðslu sem fjallað er um hér að framan en sú stefna byggði aftur á skýrslu sem unnin var að beiðni framkvæmdastjórnar ESB og kom út í september í fyrra um framtíð landbúnaðar í ESB (e. Strategic dialogue on the future of the EU agriculture) en fjallað var um þá skýrslu í [Vaktinni 11. október 2025](#).

Hagsmunir Íslands af framgangi framangreindrar stefnumótunar eru metnir almennir með tilliti til forgangsroðunar vegna hagsmunagæslu.
(Málefnasvið: ATRN)

- **Sáttmáli um málefni hafsins** (e. [Ocean Pact](#)).

Sáttmálinn hefur verið birtur en í skjalinu eru stefnur og aðgerðaráætlanir ESB í málefnum hafsins teknar saman með heildstæðum hætti og þær samræmdar. Sáttmálinn hefur að geyma fjölda tillagna sem snúa að verndun, endurheimt og sjálfbærri nýtingu hafsins og tengdra vistkerfa, eflingu samkeppnishæfni ESB í bláa hagkerfinu og um auknar fjárveitingar á málefnasviðinu til verkefna víða um heim. Þá er gert ráð fyrir að á grundvelli stefnunnar, og með hliðsjón af henni, verði stefnur m.a. á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, skipaflutninga, ferðaþjónustu og orkumála endurskoðaðar. Fjallað var um málið í [Vaktinni 27. júní 2025](#), sbr. einnig umfjöllun um orðsendingu framkvæmdastjórnar ESB um vöktun hafsins í [Vaktinni 5. júní 2026](#).

Um er að ræða víðtæka stefnumótunaráætlun og er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
(Málefnasvið: ATRN, URN, UTN)

- **Stefnuáætlun um viðnámsþol vatns** (e. [European Water Resilience Strategy](#)).

Stefnan hefur verið birt og felur hún í sér víðtæka stefnumótun um vatnsvernd, hringrás vatns, vatnsöryggi og hvernig skapa megí samkeppnishæfan vatnsiðnað. Lögð verður áhersla á stjórnunarhætti og framkvæmd, innviði, fjármál og fjárfestingar. Stefnan mun hafa tengingu við aðrar vatnsgerðir ESB en þar ber helst að nefna vatnatilskipunina og fráveitutilskipunina. Fjallað var um málið í [Vaktinni 27. júní 2025](#).

Um er að ræða víðtæka stefnumótunaráætlun og er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
(Málefnasvið: URN, ATRN)

- **Aðgerðaáætlun um aðlögun vegna loftslagsbreytinga** (e. [European integrated framework for climate resilience](#)).

Áætlunin er ekki komin fram en gert er ráð fyrir að þar verði leitað leiða til að auka viðnámsþrótt og viðbúnað ESB við öfgum í veðurfari vegna loftslagsbreytinga og vernda efnahag ESB og samfélagsins fyrir afleiðingum náttúruhamfara eins og flóðum, þurrkum, gróðureldum og stormum. Með áætluninni er m.a. stefnt að því að tryggja reglulega uppfærslu loftslagsáhættumats, bættu hönnunarstaðla til að auka viðnámsþrótt mikilvægra innviða og margt fleira.

Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir.
(Málefnasvið: URN)

- **Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í iðnaði, sjóflutningum o.fl.** (e. [Emissions Trading System – ETS Industry, maritime and more](#)).

Tilskipun um breytingu á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir vegna staðbundins iðnaðar, sjóflutninga og nýs viðskiptakerfis vegna bygginga, vegasamgangna og smærri iðnaðar (ETS2) var tekin upp í EES-samninginn haustið 2023. Fjallað var um málið í [Vaktinni 13. janúar 2023](#). Í tilskipuninni eru endurskoðunarákvæði sem snúa m.a. að sjóflutningum og mögulegum ákvörðunum um alþjóðleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á vettvangi Alþjóða Siglingamálastofnunarinnar (e. International Maritime Organization – IMO) og mögulegri endurskoðun á þyngdarviðmiði skipa sem falla undir ETS-kerfið. Auk þess eru ákvæði sem snúa að því að tilskipunin skuli endurskoðuð og rýnd með tilliti til hættu á kolefnisleka í iðnaði, þróun á kerfi um kolefnisjöfnunargjald við landamæri (CBAM), mögulegrar útvíkkunar kerfisins til sorpbrennslu ásamt fleiru. Einnig er mælt fyrir að framkvæmdastjórn ESB skuli skoða sérstaklega tengingu við verkefni er snúa að nýsköpun, lággjafatækni, föngun og geymslu kolefnis, endurnýjanlegri orku o.fl.

Ísland tekur fullan þátt í ETS-kerfinu og má því gera ráð fyrir að allar breytingar sem lagðar eru til á kerfinu geti haft áhrif á Ísland. Í sumum tilfellum geta áhrifin orðið meira íþyngjandi fyrir Ísland, eins og dæmin sanna, m.a. vegna landfræðilegrar legu Íslands og mikilvægi sjóflutninga og vegna þess að Ísland nýtir nú þegar endurnýjanlega orkugjafa í miklum mæli sem aftur dregur úr framtíðarmöguleikum til að draga úr losun sem fellur undir kerfið. Til grundvallar mögulegum tillögum að breytingum á kerfinu er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn ESB vinni reglulega og leggi fram skýrslur og áhrifamat á kerfinu. Mikilvægt er að fylgjast með og tryggja að fullnægjandi og sambærilegar upplýsingar um stöðu og oft á tíðum sérstöðu Íslands liggi til grundvallar við slíkt mat. Þess er vænst að framkvæmdastjórn ESB birti tillögur sínar um endurskoðun á kerfinu sumarið 2026 og hefur náðið verið fylgst með undirbúningi við mótun þeirra tillagna, sbr. m.a. umfjöllun [Vaktarinnar 21. nóvember 2025](#).

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.
(Málefnasvið: URN, IRN, ATRN)

- **Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í flugi (e. [Emissions Trading System – ETS Aviation](#)).**

Ítarlega hefur verið fjallað um málið í Vaktinni við fjölmörg tilefni, sbr. m.a. í [Vaktinni 26. maí 2023](#). Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn haustið 2023 með sérstakri efnislegri aðlögun fyrir Ísland sem hefur það að markmiði að jafna samkeppnisstöðu fyrir tengiflug um Keflavíkurflugvöll yfir N-Atlantshafið, en fyrir liggur að vegna landfræðilegrar legu Íslands myndi gerðin, að óbreyttu, hafa umtalsvert meiri áhrif á samkeppnisstöðu Keflavíkurflugvallar sem tengiflugvallar en aðra tengiflugvelli í Evrópu.

Er brýnt að áfram verði fylgst vandlega með áhrifum ETS-regluverksins í heild sinni, sér í lagi hvað varðar flug en einnig hvað varðar siglingar, og þá einnig með framkvæmd og þróun regluverks um kröfur um vistvænt flugvélaeldsneyti, sbr. umfjöllun hér að neðan, en vænta má að örar breytingar verði á kerfinu á næstu árum, sbr. boðaða endurskoðun árið 2026, sbr. einnig umfjöllun hér að framan um ETS-kerfið í sjóflutningum, iðnaði o.fl. Sjá umfjöllun í [Vaktinni 11. júlí 2025](#) um umsögn íslenskra stjórnvalda um framkvæmd ETS-kerfisins, sbr. og umfjöllun [Vaktarinnar 21. nóvember 2025](#) um starfshóp Stjórnarráðsins vegna endurskoðunar á ETS-kerfinu, sem og umfjöllun [Vaktarinnar 27. mars 2026](#) um ETS-kerfið og orkukrísuna.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefнасvið: URN, IRN)

- **Stefnumótun á sviði búfjárhalds og dýravelferðar** (e. Livestock strategy including elements on animal welfare).
Stefnan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefнасvið: ATRN)
- **Löggjafartillaga um uppfærslu á reglum um óréttláta viðskiptahætti á sviði matvæla** (e. Update of rules on unfair trading practices in the food chain).
Stefnan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefнасvið: ATRN)
- **Stefnumótun og framtíðarsýn á sviði sjávarútvegs og fiskeldis til ársins 2040** (e. Vision 2040 for fisheries and aquaculture).
Stefnan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefнасvið: ATRN)
- **Löggjafartillaga um málefni hafsins** (e. Ocean Act).
Tillagan er ekki komin fram en fyrir liggur að hún mun taka mið af stefnumótun um málefni hafsins sem fjallað er um hér að framan í skjalinu. Lagt verður mat á tillöguna þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.
(Málefнасvið: ATRN og URN)

Óafgreidd mál frá fyrra stefnumótunartímabili sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- **Löggjafartillaga um breytingar á reglugerð um ráðstafanir til að vernda fiskistofna gegn ósjálfbærum veiðum** (e. Proposal for a REGULATION on certain measures for the purpose of the conservation of fish stocks in relation to countries allowing non-sustainable fishing).
Með tillögunni er lagt til að skerpt verði á heimildum ESB til að beita þvingunaraðgerðum gegn ríkjum sem talin eru ósamvinnuþýð (e. failure to cooperate) er kemur að ráðstöfunum til að vernda fiskistofna gegn ósjálfbærum veiðum, s.s. ef þau neita að eiga samráð, virða ekki verklag, svara ekki samningstilboðum eða taka ekki tillit til hagsmuna annarra ríkja, sbr. til hliðsjónar umfjöllun í [Vaktinni 20. desember 2024](#) og [13. júní 2025](#).
Með hliðsjón af mikilvægi sjávarútvegs á Íslandi er talin ástæða til að færa málið á forgangslista með vísan til sérstakra hagsmuna.
(Málefнасvið: UTN, ATRN)
- **Löggjafartillaga um nýja erfðatækni í landbúnaði** (e. Proposal for a REGULATION on plants obtained by certain new genomic techniques and their food and feed, and amending Regulation).
Með tillögunni er lagt til að heimiluð verði notkun á nýrri erfðatækni við ræktun plantna. Tillögunni er ætlað að styðja við markmið sambandsins um sjálfbæran landbúnað með því að heimila þróun plöntuafbrigða sem þola betur veðurbreytingar, sem eru ónæmar fyrir meindýrum, krefjast minni áburðar og skordýraeiturs og geti tryggt meiri uppskeru. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 7. júlí 2023](#) og [5. desember 2025](#) þegar samkomulag um efni tillögunar lá fyrir, og hefur tillagan nú verið samþykkt og birt.

Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: ATRN)

- **Löggjafartillaga um vöktun skóga** (e. [Forest Monitoring Framework](#))
Markmiðið með tillögunni er að auka og samræma upplýsingasöfnun um evrópska skóga og byggja upp alhliða þekkingargagnagrunn sem nýst geti aðildarríkjunum, skógareigendum og skógarstjórnendum til að bæta viðbrögð sín við vaxandi hættum sem steðja að skógum og styrkja viðnámsþol þeirra, sbr. nánari umfjöllun um málið í [Vaktinni 24. nóvember 2023](#).
Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: URN)
- **Löggjafartillaga um varnir gegn mengun yfirborðs- og grunnvatns** (e. [Water Framework Directive, the Groundwater Directive](#))
Markmið tillögunnar er að uppfæra umhverfisgæðakröfur fyrir efni sem valda mengun í yfirborðsvatni og grunnvatni, auðvelda framfylgd löggjafarinnar með einfaldari og samræmdari lagaumgjörð, tryggja öflugar og uppfærðar upplýsingar um ástand vatns og skapa sveigjanlegri ramma til að takast á við mengunarvalda sem eru í auknum mæli farnir að valda áhyggjum. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 4. nóvember 2022](#) og [26. september 2025](#).
Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: URN)
- **Löggjafartillaga um vöktun á jarðvegi** (e. [Soil Monitoring Law](#))
[Tilskipun \(ESB\) 2025/2360](#) er hluti af aðgerðarpakka ESB um aukna sjálfbærni við nýtingu náttúrulegra jarðargæða (e. more sustainable use of plant and soil natural resources). Tilskipunin er sett fram til að tryggja sömu vernd fyrir jarðveg og er fyrir vatn, lífríki sjávar og loftgæði. Markmiðið er að allur jarðvegur verði í heilbrigðu ástandi eigi síðar en 2050, í samræmi við markmið um núllmengun. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 7. júlí 2023](#).
Álitið er að hagsmunir Íslands af tillögunni séu almennir.
(Málefnasvið: URN)

4.5 Vernd lýðræðis og grunngilda ESB

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Áætlun um lýðræðisvarnir – Lýðræðisskjöldur ESB** (e. [European Democracy Shield](#)).
Áætlunin hefur verið birt en með henni er leitast við að finna leiðir til að bregðast við áskorunum og ógnum sem steðja að lýðræðinu, frjálsum kosningum og öðrum lýðræðislegum ferlum, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. nóvember 2025](#).
Talin er ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista yfir stefnumótunaráætlanir.
(Málefnasvið: DMR, FOR, MNH)
- **Stefnumótun um borgaralegt samfélag** (e. [EU Strategy for Civil Society](#)).
Stefnumótunin hefur verið birt en með henni er m.a. horft til þess hvernig unnt sé að stuðla að betri starfsskilyrðum fyrir félagasamtök sem berjast fyrir réttindum fólks og byggja þannig undir virkt lýðræði, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. nóvember 2025](#).
Áætlunin verður metin með hliðsjón af hagsmunagæslu þegar hún er komin fram.
(Málefnasvið: DMR)

- **Leiðarvísir um réttindi kvenna** (e. Roadmap for Women's Rights).

Leiðarvísirinn og sú stefnumótun sem í honum felst hefur verið birtur, sbr. umfjöllun í Vaktinni [7. mars](#) og [21. mars](#) 2025. Meðal þeirra mála sem lögð er áhersla á er barátta gegn kynbundnu ofbeldi og áreiti, réttur kvenna til vandaðrar heilbrigðisþjónustu, jöfn tækifæri á vinnumarkaði og þátttaka í stjórnmálastarfi.

Ástæða er talin til að setja eftirfylgni með leiðarvísinum á forgangslista á grundvelli annarra sjónarmiða. Ísland hefur náð góðum árangri í jafnréttismálum og er álitð að það sé í stöðu til að miðla af þekkingu sinni og reynslu á þessu sviði. Þá er barátta gegn kynbundnu ofbeldi eitt af áherslumálum í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

(Málefnasvið: DMR)

- **Endurskoðun reglugerðar um erlenda styrki** (e. Foreign Subsidies Regulation).

Framkvæmdastjórn ESB hefur efnt til opins samráðs um endurskoðun á reglugerð um erlenda styrki (e. Foreign Subsidies Regulation). Fjallað var um málið í [Vaktinni 12. september 2025](#). Sjá hér einnig til hliðsjónar umfjöllun [Vaktarinnar 30. janúar 2026](#) um leiðbeiningar um framkvæmd reglugerðar um erlenda styrki. Búist er við að skýrsla um endurskoðun reglugerðarinnar verði lögð fram á miðju ári 2026.

Lagt verður mat á málið með tilliti til forgangsroðunar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Málefnasvið: ATRN.

- **Löggjafartillaga um sanngjarnt netumhverfis** (e. Digital Fairness Act).

Tillagan er ekki komin fram en hún er ein af meginþáttunum í nýrri [neytendaáætlun ESB 2025-2030](#) (e. Consumer Agenda 2025-2030). Tillagan mun líklega taka á eftirfarandi þáttum til að vernda neytendur á netinu:

- *Blekkjandi hönnun* (e. *dark patterns*): Blekkjandi viðmótshönnun á borð við fölsuðum niðurtalningarklukkum, ruglingslegum spurningum eða villandi kökuborðum (e. cookie-banners).
- *Ávanabindandi hönnun*: Stafrænum vörum sem hvetja til ofnotkunar og valda því að neytendur verja meiri tíma og peningum en ætlað var, með sérstakri áherslu á vernd barna og ungmenna.
- *Ósanngjörn persónusnið og prófilar*: Misnotkun persónusniðs sem nýtir sér veikleika notenda í viðskiptalegum tilgangi.
- *Áhrifavaldamarkaðssetning*: Nýjar reglur til að koma í veg fyrir villandi markaðssetningu áhrifavalda á samfélagsmiðlum.
- *Stafrænir samningar*: Vandamál tengd stafrænum samningum, svo sem erfiðleikar við uppsögn áskrifta og sjálfvirkar endurnýjanir.
- *Ósanngjörn verðlagningartækni*: Svo sem „drip pricing“ (þegar viðbótarkostnaður bætist við í lok kaupferils) og breytilegri verðlagningu (dynamic pricing).
- *Gagnsæi reiknirit*: Aukið gagnsæi svo neytendur geti skilið hvernig gögn þeirra eru notuð í reikniritum sem hafa áhrif á ákvarðanatöku.
- *Vernd barna*: gegn skaðlegum starfsháttum og efni á netinu.
- *Framfylgd*: Eftirlit og samræmd beitinguneytendaverndarlöggjafar á innri markaðnum styrkt.

Búast má við að tillagan verði sett í samráðsgátt ESB sumarið 2026. Lagt verður mat á löggjafartillöguna þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: ATRN, IRN)

- **Löggjafartillaga um eflingu á starfsemi Refsivörslusamvinnustofnunar ESB** (e. [Strengthening Eurojust](#)).

Tillagan er komin fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 3. júlí 2026](#). Endurskoðunin er hluti af stefnuáætlun ESB um innri öryggismál (e. ProtectEU), sbr. umfjöllun um stefnuna í [Vaktinni 4. apríl 2025](#).

Á meðal helstu breytinga sem lagðar eru til í nýrri reglugerð erueftirfarandi:

- *Öflugri geta og rekstrarstuðningur*: Lagt er til að Eurojust geti haft frumkvæði að því að greina tengsl milli mála, meta þörfina á samhæfingu, aðstoða við úrlausn ágreinings um lögsögu og styðja innlend yfirvöld á fyrstu stigum máls.
- *Aukinn stuðningur vegna nýrra tegunda glæpa* (e. *emerging areas of crime*): Lagt er til að umboð Eurojust verði útvíkkað til að efla þátttöku stofnunarinnar í baráttunni gegn nýjum tegundum glæpa, svo sem netglæpum, brotum gegn takmarkandi ráðstöfunum ESB og kynbundnu ofbeldi.
- *Stjórnarhættir og ákvarðanatökufæri*: Tillagan miðar að því að einfalda ferla til að auka skilvirkni og hraða viðbrögðum í brýnum og flóknum málum sem upp koma.
- *Samþætt sakamálavinna ESB*: Lagðar eru til breytingar sem miða að því að efla samstarf Eurojust við Europol og Embætti evrópska saksóknarans. Nýju upplýsingakerfi er ætlað að auðvelda að greina upplýsingar og mál sem hafa þýðingu fyrir bæði Eurojust og Europol.
- *Efling alþjóðlegs samstarfs*: Heimilt verður að hefja samstarf við þriðju ríki fyrr en áður og samstarfið verður gert sveigjanlegra. Einnig verður auðveldara að koma á samstarfi þegar fjárhagslegar skuldbindingar eru nauðsynlegar eða þegar sendisaksóknarar koma til starfa hjá Eurojust.

Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.

(Málefnasvið: DMR)

- **Löggjafartillaga um breytingu á reglum um hljóð- og myndvinnslu** (e. [Update of rules on audiovisual media services](#)).

Tillagan er ekki komin fram. Lagt verður mat á málið þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: MNH)

- **Stefnumótun og löggjafartillaga um varnir gegn spillingu** (e. [Anti-corruption strategy](#)).

Málin hafa verið lögð fram og var fjallað um þau í [Vaktinni 5. maí 2023](#).

Álitið er að hagsmunir Íslands séu almennir.

(Málefnasvið: DMR, FOR)

- **Endurskoðun ráðstafana til að sporna gegn fjárhagssvikum** (e. [Review of the anti-fraud architecture](#)).

Málið er ekki komið fram. Lagt verður mat á það þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

(Málefnasvið: DMR)

- **Stefnumótun um jafnrétti kynjanna 2026 – 2030** (e. [Gender equality strategy 2026-2030](#)).

Stefnumótunin hefur verið birt. Í stefnunni eru kynntar aðgerðir sem ESB hyggst ráðast í til þess að hraða framþróun í jafnréttismálum og til að vernda réttindi kvenna og tryggja þátttöku allra kynja í samfélaginu. Fjallað var um málið í [Vaktinni 13. mars 2026](#).

Ástæða er talin til að setja eftirfylgni með stefnumótuninni á forgangslista á grundvelli annarra sjónarmiða, samhliða leiðarvísi um réttindi kvenna sem fjallað er um hér að framan. Ísland hefur náð góðum árangri í jafnréttismálum og er álitíð að það sé í stöðu til að miðla af þekkingu sinni og reynslu á þessu sviði.
(Málefnasvið: DMR)

- **Stefnumótun um réttindi fatlaðs fólks fram til ársins 2030** (e. [Enhancing the strategy for the rights of persons with disabilities up to 2030](#)).

Stefnumótunin hefur verið birt. Miðar áætlunin að því að styðja við rétt og getu fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs utan stofnana, bæta aðgengi þeirra að samgöngum og fjárfesta í hjálpartækjum og nýrri tækni, þar á meðal gervigreindarlausnum til þess að bæta lífsgæði þeirra, sbr. nánari umfjöllun í [Vaktinni 8. maí 2026](#).

Er álitíð að hagsmunir Íslands af stefnunni séu almennir.

(Málefnasvið: FRN)

4.6 Hnattrænt ESB: Nýtum styrkleikana og samstarfið

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Miðjarðarhafsáætlun ESB** (e. [Pact for the Mediterranean](#)).

Áætlunin hefur verið birt og en markmið hennar verður að efla og auka samskipti við þriðju ríki sem liggja að Miðjarðarhafinu. Fjallað var um áætlunina í [Vaktinni 24. apríl 2026](#).

Álitíð er að hagsmunir Íslands af áætluninni séu almennir.

(Málefnasvið: UTN)

- **Svartahafsáætlun ESB** (e. [EU strategic approach to the Black Sea/ Black Sea Strategy](#)).

Áætlunin er komin fram og er megin markmið hennar að auka stöðugleika í samskiptum við þriðju ríki sem liggja að Svartahafinu.

Er álitíð að hagsmunir Íslands af áætluninni séu almennir.

(Málefnasvið: UTN)

- **Stefnumótun um samskipti ESB og Indlands** (e. [Joint Communication on a new Strategic EU-India Agenda](#)).

Stefnumótunin hefur verið birt en með henni var m.a. lagður grunnur að viðræðum um fríverslunarsamning á milli ESB og Indlands, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#).

Er álitíð að hagsmunir Íslands af áætluninni séu almennir.

(Málefnasvið: UTN)

- **Stefnumótun í málefnum Austurlanda nær** (e. [Joint Communication on a Middle East strategy, including supporting the transition in Syria and Lebanon](#)).

Stefnumótunin er í vinnslu en markmið hennar er að varða leiðina um það hvernig ESB geti lagt sitt af mörkum til að ná friði og auka stöðugleika í Austurlöndum nær.

Lagt verður mat á stefnumótunina þegar hún liggur fyrir með tilliti til forgangsroðunar.

(Málefnasvið: UTN)

- **Ný efnahagsutanríkisstefna ESB** (e. [Economic Foreign Policy](#))

Framkvæmdastjórn ESB og utanríkisþjónusta ESB birtu í júní 2023 sameiginlegt [stefnuskjal um efnahagsöryggisáætlun ESB](#) (e. European economic security strategy), sbr. umfjöllun í [Vaktinni 23. júní 2023](#). Í desember 2025 var síðan lagt fram nýtt stefnuskjal á þessu sviði, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#). Er talin ástæða til að færa málið á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. (Málefnasvið: UTN, FJR)

Óafgreidd mál frá fyrra stefnumótunartímabili sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru m.a. eftirfarandi:

- **Löggjafartillaga um rýni beinna erlendra fjárfestinga.** (e. [Proposal for a regulation on the screening of foreign investments in the Union and repealing Regulation \(EU\) 2019/452 of the European Parliament and of the Council](#)).

Með tillögunni er stefnt að því að betrubæta sameiginlegan ramma aðildarríkja ESB um rýni erlendra fjárfestinga. Tillagan gerir ráð fyrir auknu samstarfi ESB-ríkja auk þess sem lagðar eru til þrjár meginbreytingar frá gildandi reglum: Í fyrsta lagi að öll aðildarríki ESB þurfi nú að hafa kerfi fyrir rýni erlendra fjárfestinga og að slík kerfi verði samræmdari en nú er. Í öðru lagi að skilgreindar verði fjárfestingar í strategískum geirum sem aðildarríkjum ESB beri að lágmarki skylda til að rýna. Í þriðja lagi að rýni erlendra fjárfestinga verði útvíkkuð til fjárfesta innan ESB en lúta í reynd stjórn einstaklinga eða fyrirtækja í ríkjum utan ESB, sbr. nánari umfjöllum málið í [Vaktinni 7. mars 2025](#), [16. maí 2025](#) og [19. desember 2025](#). Samkomulag náðist um afgreiðslu málsins í lok árs 2025. Fyrirséð er að reglugerðin getur haft áhrif á Íslandi, jafnvel þótt hún verði ekki talin falla innan efnissviðs EES-samningsins og því ekki EES-tæk. Mikilvægt er að tryggja að fjárfestar hvarvetna af EES-svæðinu búi við sömu reglur og verði ekki mismunað. Eins er mikilvægt að koma í veg fyrir að til verði viðskiptahindranir og aukinn stjórnsýslukostnaður á þeim grundvelli að litið sé á Ísland sem þriðja ríki í þessu samhengi.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: ATRN)

4.7 Árangur fyrir alla og undirbúningur fyrir framtíðina

Ný mál sem felld eru undir þennan þátt stefnumörkunarinnar eru eftirfarandi:

- **Ný langtíma fjármálaáætlun ESB 2028 – 2034** (e. [Post-2027 Multiannual Financial Framework proposals](#)) **og samstarfsáætlanir ESB** (e. EU programmes)

Tillögur að nýrri fjármálaáætlun ESB til sjö ára hafa verið lagðar fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 25. júlí](#) og [12. september 2025](#). Grundvallarbreytingar eru boðaðar á skipulagi og framkvæmd áætlana sem Ísland hefur átt aðild að á grundvelli EES-samningsins. Verður þeim fækkað úr tólf í sex og samhliða því verða tengsl milli stefnumótunar og verkefnafjármögnunar aukin til muna. Stærsta breytingin frá núverandi fyrirkomulagi felst í stofnun nýs Samkeppnishæfnissjóðs (e. European Competitiveness Fund) sem fjallað var um hér að framan. Rannsókn- og nýsköpunaráætlunin *Horizon Europe* verður áfram sjálfstæð áætlun, þó með verulegri samþættingu við Samkeppnishæfnissjóðinn. Þannig verða stefnuáherslur Samkeppnishæfnissjóðsins og *Horizon Europe* þær sömu. Með þessu hyggst ESB tryggja samfellu í fjármögnun, allt frá grunnrannsóknum til hagnýtingar og markaðssetningar.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar mótast verulega af stöðu ESB í alþjóðlegu samhengi, ófriði í álfunni og nýlegum áföllum, svo sem kórónuveirufaraldrinum. Rannsóknir með tvíþætt notagildi (e. *dual use*) verða framvegis styrktar af *Horizon Europe* og Samkeppnishæfnissjóðurinn verður að hluta nýttur til að efla evrópskan varnariðnað og örugga samskipta- og geimtækni. Almannaáætlunin *Union Civil Protection Mechanism (UCPM)* verður styrkt verulega til að auka samvinnu um forvarnir, undirbúning og viðbragð við náttúru- og heilsuvá sem og manngerðri hættu. Áætlun um innri markaðs- og tollamál (e. *Single Market and Customs programme - SMCP*) mun sameina stærstan hluta af núgildandi áætlun um innri markaðsmál (e. *Single Market Programme – SMP*), sem Ísland á aðild að, við áætlanir á sviði tolla, skatta og ráðstafana gegn fjársvikum. Ný áætlun, *AgoraEU*, mun sameina menningar- og kvikmyndaáætlunina *Creative Europe* við áætlun um borgaralega þátttöku, jafnrétti, réttindi og gildi (e. *Citizens, Equality, Rights and Values Programme - CERV*) - en Ísland stendur utan CERV á núgildandi tímabili. Þá mun sjálfboðaaætlunin *European Solidarity Corps* sameinast mennta-, æskulýðs- og ungmennaáætluninni *Erasmus+*, sem annars tekur litlum breytingum. Áhersla verður lögð á hreyfanleika og hæfniuppbyggingu á öllum skólastigum og sérlega horft til færiuppbyggingar innan mikilvægra námsgreina. Íslensk verkefni hafa hlotið styrki sem samanlagt hafa verið mun hærri í krónutölum en sem nemur kostnaði við þátttöku á undanförunum tímabilum. Sjá m.a. umfjöllun [Vaktarinnar 31. janúar 2025](#) og [21. nóvember 2025](#) um EES/EFTA-álit um þátttöku í samstarfsáætlunum ESB á tímabilinu 2028 – 2034. Til að unnt verði að viðhalda þeim framúrskarandi árangri er mikilvægt að fram fari ítarlegt hagsmunamat með aðkomu fjölda ráðuneyta. Greina þarf forsendur og tækifæri til áframhaldandi þátttöku og huga að nýliðun vegna nýrra samstarfssviða og hækkandi fjárframlaga. Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna. (Málefnasvið: MNH, FJR, ATRN, FRN, URN, UTN o.fl.)

- **Stefnumótun og umbætur sem talið er nauðsynlegt að ráðast í áður en til inntöku nýrra aðildarríkja kemur** (e. *An EU fit for enlargement: policy reviews and reforms*). Á vettvangi ESB er nú unnið að stefnumótun og undirbúningi umbóta sem talið er nauðsynlegt að ráðast í áður en til inntöku nýrra aðildarríkja kemur, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 8. nóvember 2024](#) og [7. nóvember 2025](#) um stækkunarstefnu ESB fyrir árið 2024 og 2025. Talið er rétt m.a. með vísan til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að setja málið á sérstakan vöktunarlista vegna stefnumótunaráætlana. (Málefnasvið: UTN)
- **Stefnumótun um veitingu mannúðaraðstoðar** (e. [Communication on humanitarian aid](#)). Málið hefur verið lagt fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 5. júní 2026](#), en samkvæmt henni er stefnt að því að ESB verði hér eftir sem hingað til áreiðanlegur samstarfsaðili og forustuafl í alþjóðlegu hjálparstarfi og mannúðaraðstoð. Álítið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir. (Málefnasvið: UTN)

- **Aðgerðaáætlun um viðnámsþrótt heilbrigðisþjónustu á heimsvísu** (e. [Global health resilience initiative](#)).
Málið er komið fram, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 22. maí 2026](#). Álitið er að hagsmunir Íslands af málinu séu almennir.
(Málefnavið: HRN, UTN)

4.8 Önnur tiltekin mál sem bíða upptöku í EES-samninginn

4.8.1 Mál þar sem m.a. kann að vera þörf á mikilvægum efnislegum aðlögunum

- **Tilskipun um orkunýtni bygginga** (e. [Energy Performance of Buildings Directive](#) - EPBD)
Í maí 2024 var samþykkt ný tilskipun um orkunýtni bygginga, sbr. umfjöllun um málið í [Vaktinni 8. desember 2023](#). Upprunaleg gerð ESB um orkunýtni bygginga er frá 2010 og fékk Ísland undanþágu frá þeirri gerð á sínum tíma með sérstakri aðlögun. Árið 2018 voru samþykktar breytingar gerðinni frá 2010 og var sú breytingagerð tekin upp í EES-samninginn 11. júlí 2025. Ísland fékk áframhaldandi undanþágu frá 2018 gerðinni. Með nýrri gerð sem vísað er til hér að framan eru gerðirnar frá 2010 og 2018 felldar úr gildi. Það er ljóst að Ísland mun ekki fá undanþágu frá 2024 gerðinni. Vinna þarf áhrifamat fyrir nýju tilskipunina og um leið setja fram hvers kyns aðlögun sé nauðsynleg fyrir Ísland við upptöku hennar í EES-samninginn. Væntingar eru um að áhrifamatið muni nýtast í viðræðum Íslands við framkvæmdastjórn ESB um mögulegar aðlaganir. Sjá til hliðsjónar umfjöllun [Vaktarinnar 19. desember 2025](#) um leiðbeiningar um framkvæmd tilskipunar um orkunýtni bygginga.
Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.
(Málefnavið: URN, FRN)
- **Reglugerð um kolefnisjöfnunargjald við landamæri** (e. [Carbon Border Adjustment Mechanism – CBAM](#))
Reglugerðin er hluti af *fit for 55* löggjafarþakka ESB og hefur það að markmiði að vinna gegn svonefndum kolefnisleka, þ.e. þegar hætta er á að kolefnisfrek starfsemi flytjist til þriðju ríkja þar sem ekki hefur verið gripið til aðgerða til að draga úr loftslagsáhrifum eða kolefniskostnaður er minni en innan ESB. Er CBAM m.a. hugsað sem mótvægisáðgerð þegar endurgjaldslaugar losunarheimildir fyrir staðbundinn iðnað innan ETS-kerfisins verði smám saman afnumdar á árunum 2026-2035. Reglugerðin gildir um vörur sem fluttar eru inn til ESB frá þriðju ríkjum og verða sett kolefnisjöfnunargjöld á ákveðna vöruflokka (sement, áburður, járn og stál, ál og vetni). Sjá nánari umfjöllun um reglugerðina í [Vaktinni 23. júní 2023](#).
Reglugerðin kom til framkvæmda í upphafi árs 2026 en aðlögunartímabil að henni stóð yfir frá 2023-2026. Vakta þarf vel þær framkvæmdagerðir sem verða settar á grundvelli CBAM reglugerðarinnar og gæta að því að hvergi í ferlinu verði til hindranir á útflutningi á íslenskum vörum svo sem áli. Einnig er mikilvægt að vakta sérstaklega þær breytingar sem framkvæmdastjórn ESB hefur nú þegar lagt til á CBAM-kerfinu, ásamt vinnu vegna uppfærslu á gerðinni sem er væntanleg árið 2026, sbr. m.a. umfjöllun [Vaktarinnar 19. júní 2026](#). Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN, FJR)

- **Reglugerð um vistvænt flugvélaeldsneyti** (e. [RefuelEU Aviation](#))

Í reglugerðinni eru settar fram kröfur um hvert skuli vera lágmarkshlutfall vistvæns eldsneytis í flugi. Reglurnar gilda frá 2025 og munu kröfur um hlutfall vistvæns eldsneytis síðan fara stigvaxandi á fimm ára fresti. Reglugerðin er íþyngjandi fyrir flugstarfsemi þar sem vistvænt eldsneyti er í dag margfalt dýrara en jarðefnaeldsneyti. Fjallað var um reglugerðina í [Vaktinni 5. maí 2023](#).

Gerðin hefur beina tengingu við framangreinda tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í flugi og þá aðlögun sem samið var um fyrir Ísland vegna endurgreiðslu á kostnaðarmun á vistvænu flugeldsneyti og þotueldsneytis. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN, IRN)

- **Reglugerð um breytingar á reglugerð um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt** (e. [Land-use, land-use change and Forestry - LULUCF](#))

Ísland ásamt Noregi hefur frá árinu 2019 átt í samstarfi við ESB um framkvæmd loftslagsskuldbindinga undir Parísarsamningnum þegar loftslagsgerðir ESB m.a. um samfélagslosun, sbr. umfjöllun hér að neðan, og landnotkun voru teknar upp í EES-samninginn. Árið 2023 var samþykkt breyting á LULUCF-reglugerðinni sem hluta af *Fit for 55* löggjafapakka ESB og í samræmi við uppfært markmið gagnvart Parísarsamningnum um 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030, en fjallað hefur verið um löggjafarpakkann í [Vaktinni](#) við fjölmörg tilefni undanfarin ár. Reglugerðin fjallar um skuldbindingar og uppgjörsgæslur vegna losunar og bindingar kolefnis vegna landnotkunar á tímabilinu frá 2021 til 2030. Aðildarríki fá samkvæmt uppfærðri reglugerð markmið um samdrátt í nettó losun frá LULUCF flokkum fyrir árið 2030. Um er að ræða stórt hagsmunamál fyrir Ísland þar sem leiða má líkur að því að hugsanlegar kröfur samkvæmt gerðinni verði hlutfallslega meira íþyngjandi á Íslandi vegna þess hve landið er stórt en fámennt. Útfærsla við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn getur þannig haft mikil áhrif á hverjar skuldbindingar Íslands verða er kemur að samdrætti í losun vegna landnotkunar til ársins 2030. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN)

- **Reglugerð um breytingar á reglugerð um samfélagslosun** (e. [Effort sharing Regulation - ESR](#))

Eins og áður segir hefur Ísland, ásamt Noregi, frá árinu 2019 átt í samstarfi við ESB um framkvæmd loftslagsskuldbindinga undir Parísarsamningnum þegar loftslagsgerðir ESB m.a. um samfélagslosun og landnotkun í samræmi við markmið um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 voru teknar upp í EES-samninginn. Árið 2023 samþykkti ESB breytingu á reglugerðinni sem hluta af *Fit for 55* löggjafapakka ESB í samræmi við uppfært markmið gagnvart Parísarsamningnum um 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030, en fjallað hefur verið um löggjafarpakkann í [Vaktinni](#) við fjölmörg tilefni

undanfarin ár. Reglugerðin fjallar um skuldbindingar og uppgjörsgætur vegna losunar sem eru á beinni ábyrgð ríkja, einnig kallað samfélagslosun. Helsta breytingin felst í því að nú er gert ráð fyrir að hvert ríki fái uppfært markmið fyrir árið 2030 og byggt á því uppfærða árlega losunarúthlutun (e. Annual Emissions Allocation – AEA) fyrir árin 2023-2030. Hagsmunir Íslands felast m.a. í því að tryggja að hlutdeild Íslands og árleg losunarúthlutun Íslands verði byggð á fullnægjandi forsendum og endurspegli þá möguleika sem Ísland hefur til að draga úr losun. Þá þarf að skoða upptöku gerðarinnar í EES-samninginn í samhengi við upptöku á LULUCF-breytingareglugerðinni, sbr. umfjöllun um þá gerð hér að framan. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn. Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnað: URN)

- **Vottunarramma vegna fjarlægingar og geymslu kolefnis (e. [Certification Framework Carbon Removals and Carbon Farming - CRCF](#))**

Með reglugerðinni er kveðið á um valfrjálstan vottunarramma fyrir aðferðir við varanlega kolefnisbindingu, kolefnisföngun með ræktun og kolefnisgeymslu í vörum, sbr. nánari umfjöllun um málið í [Vaktinni 1. mars 2024](#).

Gerðin er ekki merkt EES-tæk, en vegna loftslagsmarkmiða Íslands, fjölda verkefna á Íslandi sem byggja á kolefnisbindingu og vegna þess hvað gerðin tengist náið öðrum gerðum sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn er álitð að gerðin geti varðað sérstaka hagsmuni Íslands.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnað: URN)

- **Reglugerð um Félagslega loftslagssjóðinn (e. [Social Climate Fund - SCF](#))**

Með reglugerðinni er setur á fót svokallaður félagslegur loftslagssjóður sem mun starfa á tímabilinu 2026-2032, en með sjóðnum er ætlunin að styðja aðildarríkin í því að koma til móts við viðkvæm heimili, örfyrirtæki og viðkvæma notendur samgangna við að takast á við áhrif kolefnisverðlagningar. Fjallað var um málið í [Vaktinni 13. janúar 2023](#).

Gert er ráð fyrir að aðildarríkin leggi fyrir framkvæmdastjórnina félagslegar loftslagsáætlanir sem eiga að innihalda nýjar eða núverandi ráðstafanir og fjárfestingar til að takast á við áhrif kolefnisverðlagningar á viðkvæma aðila. Greiðslur úr sjóðnum til aðildarríkanna verða síðan inntar af hendi þegar viðeigandi samþykktum áföngum og markmiðum sem tilgreind eru í áætluninni hefur verið náð. Sjóðurinn er fjármagnaður með sölu losunarheimilda úr viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem Ísland tekur fullan þátt í. Ísland kemur því að fjármögnun félagslega loftslagssjóðsins í gegnum viðskiptakerfið og er mikilvægt við mat á mögulegri upptöku á gerðinni að tryggja sérstaklega hagsmuni Íslands þegar kemur að aðgengi Íslands að fjármagni úr sjóðnum. Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnað: URN, MNH, FRN o.fl.)

- **Reglugerð um stafræna markaði (e. [Digital Markets Act](#)).**

Reglugerð um stafræna markaði varðar starfsemi stórra og umfangsmikilla aðila (e. gatekeepers) sem reka stafræna vettvanga og miðar að því að tryggja aukna samkeppni á stafrænum mörkuðum með því að koma í veg fyrir að stórfyrirtæki misnoti markaðsstyrk

sinn og að auðvelda nýjum aðilum að koma inn á markaðinn. Gerðinni er ætlað að tryggja gagnsæja og sanngjarna viðskiptahætti gagnvart bæði fyrirtækjum og neytendum. Fjallað var um málið í [Vaktinni 18. nóvember 2022](#).

Í gerðinni felast álitafni tengd tveggja stoða eðli EES-samningsins sem varðar eftirlit og framkvæmd. EES/EFTA-ríkin vinna nú að gerð aðlagana m.t.t. upptöku hennar í EES-samninginn. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: ATRN)

- **Reglugerð um stafræna þjónustu** (e. [Digital Services Act](#)).

Reglugerð um innri markað fyrir stafræna þjónustu fjallar fyrst og fremst um milliliði (e. intermediaries) og stafræna vettvanga (e. digital platforms) og hefur að meginmarkmiði að vernda neytendur og grundvallarréttindi þeirra á netinu, auka gagnsæi og skýra ábyrgð aðila sem veita þjónustu á netinu og stuðla að samkeppni, nýsköpun og vexti. Fjallað var um málið í [Vaktinni 18. nóvember 2022](#).

Í gerðinni felast álitafni tengd tveggja stoða eðli EES-samningsins. EFTA-ríkin innan EES vinna nú að gerð aðlagana m.t.t. upptöku hennar í EES-samninginn. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: ATRN)

- **Reglugerð um kolefnishlutlausan iðnað** (e. [Net Zero Industry Act - NZIA](#)).

Reglugerðin mælir fyrir um aðgerðir til að styrkja kolefnishlutlausan iðnað og tækni og er liður í því að tryggja að ESB nái markmiðum sínum í loftslagsmálum og stuðla að orkuöryggi innan sambandsins. Reglugerðin kveður m.a. á um einfaldari og skilvirkari leyfisveitingarferla og forgang kolefnishlutlausra verkefna. Fjallað var um málið í [Vaktinni 24. mars 2023](#).

Um er að ræða svonefnda þverlæga gerð, þar sem hluti gerðarinnar fellur innan EES-samningsins og hluti utan hans og mun væntanlega þurfa bæði efnislegar og tæknilegar aðlaganir á gerðinni við upptöku hennar í EES-samninginn m.a. hvað varðar tengsl við þriðju ríki og þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í Evrópskum vettvangi um kolefnishlutleysi (Net-Zero Europe Platform). Þá er fyrir séð að reglugerðin muni ýta undir eftirspurn eftir áli sem er skilgreint sem strategískt mikilvægt hráefni og er ómissandi fyrir græn og stafræn umskipti, iðnað hvers konar og eru hagsmunir Íslands sem álútflytjanda í þeim skilningi jafnframt sérstakir. Þá þarf að hafa skilgreiningu á CO₂ frá jarðvarmavirkjunum í huga við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að setja málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN og ATRN)

- **Reglugerð um mikilvæg hráefni** (e. [Critical Raw Materials Act - CRMA](#)).

Með reglugerðinni eru m.a. lagðar til breytingar sem miða að því að draga úr stjórnsýslubyrði með einföldun leyfisveitingarferla og straumlínulögun aðfangakeðja fyrir verkefni sem tengjast mikilvægum hráefnum. Enn fremur er komið á fót sérfræðivettvangi sem mun hafa það hlutverk að veita ráðleggingar og samræma gerð viðskiptasamninga

og annarra samstarfssaminga ESB við þriðju ríki til að dreifa áhættu og tryggja aðfangakeðjur mikilvægra hráefna.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja framboð og aðgang að mikilvægum hrávörum innan ESB en nægt framboð ýmissa mikilvægra hráefna er nauðsynlegt vegna grænna og stafrænna umskipta, geimáætlunar ESB, varnarmála og svo mætti lengi telja. Fjallað var um málið í [Vaktinni 24. mars 2023](#), sbr einnig umfjöllun um aðgerðaráætlun um tryggara framboð mikilvægra hráefna í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

Um er að ræða svonefnda þverlæga gerð, þar sem hluti gerðarinnar fellur innan EES-samningsins og hluti utan hans og mun væntanlega þurfa bæði efnislegar og tæknilegar aðlaganir á gerðinni við upptöku hennar í EES-samninginn m.a. hvað varðar landfræðilegt gildissvið og tengsl við þriðju ríki. Þá er fyrirséð að reglugerðin muni ýta undir eftirspurn eftir áli sem er skilgreint sem strategískt mikilvægt hráefni og er ómissandi fyrir græn og stafræn umskipti, iðnað hvers konar og eru hagsmunir Íslands sem álútflytjanda í þeim skilningi jafnframt sérstakir. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: ATRN og URN)

- **Tilskipun um hreinsun skólps frá þéttbýli (e. [Urban Waste Water Treatment Directive](#)).**

Tilskipunin kemur í stað eldri tilskipunar frá 1991 sem þegar er hluti af EES-samningnum. Aðildarríki ESB eiga að innleiða gerðina í landslög eigi síðar en 31. júlí 2027. Síðan eru tímafrestir fyrir tiltekin ákvæði gerðarinnar, lengst til 2045. Markmið nýrrar tilskipunar er að vernda umhverfið gegn mengun skólps til viðbótar við að innleiða strangari reglur um hreinsun og víkka út gildissvið hennar þannig að hún nái til minni þéttbýlisstaða og fleiri mengunarefna, þar á meðal örmengunarefna og örplasts. Tilskipunin er hluti af stærri heildarstefnumörkun og aðgerðapakka ESB á sviði umhverfismála og öðrum aðgerðum sem miða að því að draga úr mengun í umhverfi. Þar á meðal má nefna aðgerðaáætlun um núllmengun (e. Zero Pollution action plan), samþættingu á kröfum vatnatilskipunarinnar, tilskipun um umhverfisgæðakröfur í vatni og tilskipun um grunnvatn, sem og væntanlegri stefnuáætlun um viðnámsþol vatns. Sjá nánari umfjöllun um málið í [Vaktinni 2. febrúar 2024](#).

Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn. Ljóst þykir að Ísland getur ekki samþykkt upptöku gerðarinnar í EES-samninginn án efnislegra aðlagana, sem m.a. tekur mið af dreifbýli, jarðfræði og viðtaka, og að kostnaður samfara henni verði að vera í samræmi við ávinning af væntanlegri innleiðingu. Þannig verður að halda íslenskum sérkennum á lofti og tryggja að kröfur séu tæknilega og efnislega raunhæfar. Mikilvægt er að vinna áfram náið með haghöfum á Íslandi vegna þessa undirbúnings. Reglur á sviði fráveitna hafa mikil áhrif á sveitarfélögin sem bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri þeirra. Þá hefur sveitarstjórnarvettvangur EES/EFTA-ríkjanna sent frá sér [álit/orðsendingu](#) um innleiðingu gerðarinnar, þar sem fram koma sjónarmið um hvað eigi að leggja áherslu á við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn. Eins hefur gerðin áhrif á aðra haghafa eftir atvikum, svo sem atvinnulífið þ. á m. lyfja- og snyrtivöruheirann.

Ljóst er að Ísland hefur mikla og sértæka hagsmuni þegar kemur að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og innleiðingu hennar í framhaldinu, þar sem framkvæmdagerðir verða einnig settar.

Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að færa málið á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN)

- **Reglugerð um stofnun Evrópsku peningapvættisstofnunarinnar** (e. [Regulation establishing the Authority for Anti-Money Laundering and Countering the Financing of Terrorism and amending](#))

Í lok maí 2024 samþykkti ESB reglugerð sem setti á fót Evrópsku

Peningapvættisvarnarstofnunina (AMLA) ásamt tveimur öðrum gerðum á sviði peningapvættisvarna. Stofnunin hóf störf 1. júlí 2025 og gert er ráð fyrir að gerðirnar verði komnar að fullu til framkvæmda í lok árs 2027. Með gerðunum er AMLA falið umfangsmikið beint eftirlit með völdum tilkynningarskyldum aðilum á fjármálamarkaði. Upptaka gerðanna í EES samninginn, með nauðsynlegum aðlögunum, er í forgangi og má gera ráð fyrir að horft verði til þeirrar tveggja stöða lausnar sem byggt var á við innleiðingu hins evrópska eftirlitskerfis á fjármálamarkaði, en hafa verður í huga að stjórnskipulag stofnunarinnar er frábrugðið að því leyti að ekki er gert ráð fyrir að aðildarríki eigi fulltrúa í framkvæmdastjórn stofnunarinnar (e. Executive board).

Með hliðsjón af framangreindu er málið fært á forgangslista á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: DMR, FJR)

- **Tilskipun um viðunandi lágmarkslaun** (e. [Directive on adequate minimum wages in the European Union](#))

Tilskipun um lágmarkslaun var samþykkt þann 4. október 2022. Tilskipunin miðar að því að tryggja viðunandi lágmarkslaun í Evrópu og stuðla í auknum mæli að því að laun séu ákveðin með frjálsum kjarasamningum. Danir höfðuðu mál fyrir Evrópudómstólnum þar sem þeir héldu því fram að ESB hefði farið út fyrir valdsvið sitt með setningu reglugerðarinnar, dómur Evrópudómstólsins liggur nú fyrir þar sem kröfum Dana var hafnað, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 21. nóvember 2025](#). Fyrir liggur nú að meta endanlega hvort gerðin falli undir EES-samninginn eða ekki.

Með hliðsjón af framangreindri stöðu málsins er talin ástæða til að færa málið á forgangslista á grundvelli annarra sjónarmiða.

(Málefnasvið: FRN, FJR)

- **Reglugerð um varnir gegn eyðingu skóga** (e. [Deforestation Regulation](#)).

Reglugerðin er hluti af viðtækari viðleitni ESB til að berjast gegn loftslagsbreytingum og stuðla að sjálfbærri neyslu, en með reglugerðinni eru settar hömlur á markaðssetningu vara á innri markaðnum ef hráefnið í vörurnar kemur frá ræktunarlandi sem áður var skógi vaxið en hefur verið rutt. Kemur reglugerðin í staðinn fyrir [eldri gerð](#) sama eðlis sem þó náði aðeins til viðskipta með timbur. Fjallað var um reglugerðina í [Vaktinni 25. október 2024](#), sbr. einnig umfjöllun [Vaktarinnar 19. desember 2025](#) um frestun á innleiðingu reglugerðarinnar.

Þar sem gerðin er þverlæg í þeim skilningi að hún fellur ekki að öllu leyti undir EES-samninginn er þess að vænta að efnislegra aðlagana verði þörf við upptöku gerðarinnar í samninginn sem nú er unnið að á vettvangi sameiginlegu EES nefndarinnar.

Er talið rétt að færa málið á forgangslista vegna hagsmunagæslu á grundvelli sérstakra hagsmuna.

(Málefnasvið: URN, ATRN)

4.8.2 Mál þar sem upptaka í EES-samninginn hefur tafist óhóflega

Sbr. til hliðsjónar umfjöllun um forgangsöröðun tafamála í kafla 2.3 að framan.

- **Gerðir sem varða erfðabreytt matvæli**

Elstu gerðirnar um erfðabreytt matvæli (GMO) sem enn hafa ekki verið teknar upp í EES-samninginn eru frá árinu 2003 en samtals bíða nú 11 gerðir á þessu sviði upptöku og varða þær m.a. erfðabreytt matvæli og fóður, rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurvara sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum. Er talin ástæða til að færa framangreind mál á forgangslista sem tafamál.
(Málefnasvið: ATRN)

- **Hagtölugerðir**

Um er að ræða ýmsar gerðir á sviði hagtalna sem varða t.d. endurupptöku á orku- og orkuverðstöðfræði og tölfræði um fólksflutninga og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Er talin ástæða til að færa umrædd mál á forgangslista sem tafamál.
(Málefnasvið: FOR)

- **Orkugerðir**

Undir samheitinu hreinorkugerðir eru gerðir um orkunýtni (EED), endurnýtanlega orku (e. Renewable Energy Directive, RED), orkunýtni bygginga (EPBD), eftirlits- og stjórnunarkerfi (e. Governance Regulation) og gerðir um raforkumarkaðsmál. EED, RED II og EPBD 2018 voru teknar upp í EES-samninginn í júlí 2025 en upptaka eftirlits- og stjórnunarkerfis gerðarinnar og gerða um raforkumarkaðsmál hefur tafist nokkuð og er unnið markvisst að upptöku þeirra í EES-samninginn. Er talin ástæða til að færa umrædd mál á forgangslista sem tafamál.
(Málefnasvið: URN)

5. Greining á helstu verkefnum sem snúa að tvíhliða samskiptum Íslands og ESB

Aðildarríki ESB eru meðal okkar nánustu bandalags- og samstarfsríkja. Þar eru einnig okkar mikilvægustu markaðir. Það er því stöðugt forgangsverkefni að Ísland vinni náið með og gæti ötulllega hagsmuna Íslands gagnvart sameiginlegum stofnunum þessara ríkja innan ESB. Grunnstoð þessara samskipta er vitaskuld hið nána samstarf EES/EFTA-ríkjanna við ESB í gegnum rekstur og framkvæmd EES-samningsins og þátttaka allra EFTA-ríkjanna í Schengen-samstarfinu. Auk þessa á Ísland í tvíhliða samskiptum við ESB, bæði á sjálfstæðum grunni en einnig eftir atvikum í samstarfi eða samvinnu við önnur ríki sem standa utan ESB, m.a. um viðskiptamál og margvísleg pólitísk málefni. Hér á eftir eru helstu þættir tvíhliða og marghliða samskipta Íslands og ESB, sem falla utan EES-samningsins, rakin í grófum dráttum og greind með áherslu á málefni sem helst eru í deiglu nú um stundir og ástæða þykir til að forgangsraða með hliðsjón af hagsmunagæslu, sbr. niðurstöður forgangsroðunar í 6. kafla.

Í lok umfjöllunar um hvern málaflokk tvíhliða samskipta er, líkt og í 4. kafla, tilgreint undir málefnasvið hvaða ráðuneytis eða ráðuneyta málin falla að meginstefnu, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

5.1 Landamæravarsla og innri öryggismál – Schengen-samstarfið

Ísland undirritaði samning um þátttöku í Schengen-samstarfinu í desember 1996, samhliða Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og kom samningurinn til framkvæmda í mars 2001. Öll

aðildarríki ESB eiga aðild að samstarfinu fyrir utan Írland og Kýpur sem og öll EFTA-ríkin. Schengen-samstarfið felst í grundvallaratriðum í tvennu. Annars vegar afnámi persónubundins eftirlits á innri landamærum Schengen-ríkja og hins vegar mótvægisáðgerðum sem felast einkum í samræmdum reglum um eftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins og samvinnu lögregluliða meðal þátttökuríkja, þ. á m. rekstri Schengen-upplýsingakerfisins, til að tryggja öryggi borgara á Schengen-svæðinu. Afnámi persónubundins eftirlits á innri landamærum Schengen-ríkja er ætlað að greiða fyrir frjálsri för fólks innan Evrópu sem fellur undir fjórfrelsi innri markaðar ESB.

Schengen-samstarfið hefur vaxið og umfang þess aukist umtalsvert undanfarin ár. Bæði hefur þátttökuríkjum þess fjölgað auk þess sem regluverk samstarfsins verður sífellt umfangsmeira og flóknara. Um leið eykst mikilvægi hagsmunagæslu Íslands og vinna henni tengdri. Sem aðili að Schengen-samstarfinu hefur Ísland greiðan aðgang að mótun nýrra Schengen-gerða allt frá því tillaga er lögð fram og rædd í sérfræðinganefndum upp í sendiráðunautafundi, stýrinefndir, sendiherrafundi og loks á ráðherrafundum.

Á meðal helstu mála á döfinni í Schengen-samstarfinu er innleiðing aðildarríkja á verndarsamkomulagi ESB (e. Pact on Migration and Asylum) frá júní 2024. Gerðirnar sem felast í samkomulaginu eiga að vera komnar að fullu til framkvæmda í júní 2026, sbr. nánari umfjöllun í Vaktinni [19. janúar 2024](#) og [28. júní](#) sama ár. Um afar umfangsmikla löggjöf er að ræða sem hefur það að markmiði að ná betri yfirsýn og stjórn á málefnum einstaklinga í ólögmætri för innan Schengen-svæðisins og að bæta og hraða málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Ákveðnar gerðir samkomulagsins teljast til þróunar á Schengen-regluverkinu og eru því skuldbindandi fyrir Ísland.

Auk framangreinds lagði framkvæmdastjórn ESB í mars 2025 fram löggjafartillögu um sameiginlegt evrópskt endursendingarkerfi. Fjallað var um tillöguna í [Vaktinni 21. mars 2025](#), sbr. einnig umfjöllun [Vaktarinnar 5. júní 2026](#) um samkomulag um efni hennar. Tillagan, sem er í formi reglugerðar, er ætlað að koma í stað gildandi brottvísunartilskipunar sambandsins frá árinu 2008 sem hefur verið innleidd í íslenska löggjöf. Markmið tillögunnar er að auka skilvirkni og einfalda málsmeðferð við endursendingar útlendinga í ólögmætri dvöl og samhæfa regluverk aðildarríkja í þessum efnum. Mikilvægt er að gætt sé að hagsmunum Íslands við áframhaldandi vinnu tillögunnar enda verður reglugerðin skuldbindandi fyrir Ísland, sbr. einnig umfjöllun um tillöguna í kafla 4.2 hér að ofan.

Á meðal annarra forgangsmála innan Schengen-samstarfsins er samhæfing stórra upplýsingatæknikerfa (e. interoperability) til að styrkja eftirlit á ytri landamærum svæðisins, sbr. umfjöllun um nýjan vegvísi í [Vaktinni 19. desember 2025](#). Um afar umfangsmikil upplýsingatæknikerfi er að ræða, m.a. komu- og brottfararkerfið (e. Entry/Exit System) og evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfið (e. ETIAS), með tilheyrandi flókna og kostnaðarsama innleiðingu. Þá er mikil vinna framundan við að auka varnir svæðisins gegn fjölþáttaógnum (e. hybrid threats), misnotkun á flótt- og farandfólki í pólitískum tilgangi (e. instrumentalisation), smygli á farandfólki, fíkniefnum og vopnum, styrkja almennt eftirlit á ytri landamærum, auka lögreglusamstarf og styrkja mikilvægar stofnanir ESB á sviði dóms- og innanríkismála, m.a. Europol og Frontex.

[Vinna er hafin](#) innan framkvæmdastjórnar ESB að breytingum á regluverki Europol. Markmiðið er að breyta Europol í raunverulega starfhæfa lögreglustofnun með tvöfaldan starfsmannafjölda, efla umboð stofnunarinnar og eftirlit með henni, styrkja þann stuðning sem Europol veitir aðildarríkjum og efla samstarf hennar við aðrar stofnanir á sviði dóms- og innanríkismála. Gert er

ráð fyrir að löggjafartillaga framkvæmdastjórnar ESB verði birt á öðrum ársfjórðungi 2026. Þó að ekki verði um Schengen-gerð að ræða hefur verið talið mikilvægt að gæta hagsmuna Íslands og hinna samstarfsríkja Schengen við mótun gerðarinnar. Undanfarin tvö ár hefur mikil vinna farið fram í Haag við að styrkja samstarf samstarfsríkja Schengen við stofnunina. Vilji stendur m.a. til þess fá reglugerðinni um Europol breytt til að veita samstarfsríkjunum aukinn aðgang að gagnagrunnum stofnunarinnar og fjölga landssérfræðingum sem eru lánaðir til starfa hjá stofnuninni (e. seconded national experts). Slíkt yrði mikið framfaraskref en eins og regluverkið er í dag eru samstarfsríkin skilgreind sem hvert annað þriðju ríki. Hagsmunagæslan í Brussel er hafin og heldur áfram á næsta ári.

Loks er vert að geta þess að Ísland á í fjölmörgum tvíhliða samningaviðræðum við ESB um aðild okkar að ýmsum gerðum, kerfum og stofnunum á sviði dóms- og innanríkismála. Má þar m.a. nefna viðræður um aukaaðild að stofnun ESB um alþjóðlega vernd (e. European Union Asylum Agency) og aðgang að evrópska upplýsingakerfinu um sakaskrár (e. European Criminal Records Information System) auk þess sem til skoðunar er aðkoma Íslands að framkvæmd regluverks ESB um stafræn sönnunargögn í sakamálum (e. e-Evidence).

(Málefnasvið: DMR, UTN)

5.2 Varnar- og öryggismál

Þróun varnarsamstarfs á vettvangi ESB hefur verið afar hröð á undanförunum misserum, og er ljóst að allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu 24. febrúar 2022 og sú gjörbreytta staða í varnar- og öryggismálum í álfunni sem skapast hefur í kjölfar innrásarinnar hefur flýtt mjög fyrir þeirri þróun. Þannig er ESB í vaxandi mæli farið að gera sig gildandi á sviði varnar- og öryggismála og mótað stefnu um hvernig það geti styrkt aðildarríkin til að efla hernaðarmátt sinn, m.a. með því að styðja við sameiginleg innkaup þeirra, styðja aðildarríkin í að fjárfesta í frekari hergögnum og tækniþúnað, aðstoða þau við að auka hreyfanleika og flutningagetu herafla þeirra og styrkja samræmingu og samhæfingu á liðsafla þeirra, sbr. nánari umfjöllun í [Vaktinni 21. mars 2025](#) um hvítbók um varnarmál og um endurvopnunaráætlun ESB, sbr. einnig m.a. áform ESB um nýjan varnarmálasjóð sem fjallað er um hér að framan í skjalinu.

Breyttar áherslur ESB á sviði varnarmála hafa ekki einvörðungu snúið að innri stefnumótun og skipulagi heldur einnig að tvíhliða samskiptum ESB við ríki utan sambandsins. Þáttur í því eru samstarfsyfirlýsingar eða -samningar um öryggis- og varnarmál en með þeim er hrint í framkvæmd tillögum í strategískri áætlun ESB sem samþykkt var af öllum aðildarríkjum ESB einungis fáum vikum eftir að árásarstríð Rússlands gagnvart Úkraínu braust út og nefnd er [Strategic Compass](#). Á grundvelli þessarar áætlunar hefur ESB nú þegar undirritað samstarfsyfirlýsingar við allmörg ríki, þ. á m. við Noreg, og eru fleiri slíkir yfirlýsingar í farvatninu, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 14. febrúar 2025](#) um þróun og stöðu varnarsamstarfs á vettvangi ESB. Íslands og ESB undirrituðu slíka yfirlýsingu 18. mars 2026, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 27. mars 2026](#).

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld fylgist vandlega með þróun stefnumótunar ESB í varnar- og öryggismálum og styrki samstarf við ESB á því sviði og er gert ráð fyrir að tvíhliða samstarf Íslands og ESB verði meðal mikilvægustu forgangsmála í hagsmunagæslu gagnvart ESB á næstu árum.

(Málefnasvið: UTN, DMR)

5.3 Utanríkisviðskipti

Utanríkisviðskiptastefna ESB byggir á eflingu frjálsra viðskipta og virðingu fyrir leikreglum alþjóða viðskiptakerfisins. ESB stendur hins vegar frammi fyrir því að vaxandi verndarstefna af hálfu annarra helstu efnahagsvelda heims skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja innan EES-svæðisins, og dregur úr virðingu fyrir leikreglum alþjóða viðskiptakerfisins. Framangreind þróun er talin rýra samkeppnishæfni atvinnulífs í ESB sem hefur aukið þrýsting á að ESB grípi til aðgerða til að vernda iðnað og atvinnulíf í ESB-ríkjunum. Utanríkisviðskiptastefna ESB fellur utan við gildissvið EES-samningsins en hins vegar er mikilvægt, nú sem aldrei fyrr, að fylgst sé vandlega með þróun utanríkisviðskiptastefnu ESB, enda kunna aðgerðir ESB á því sviði að hafa áhrif á aðgang íslenskra fyrirtækja að mörkuðum innan ESB.

Þá liggur fyrir að í [samningum](#) milli Íslands og ESB um tollkvóta sem gerður var í nóvember 2023 í tengslum við samning EES/EFTA-ríkjanna um framlög í Uppbyggingarsjóð EES á tímabilinu 2021-2028 er sérstakt ákvæði um heildarendurskoðun á viðskiptakjörum Íslands og ESB á samningstímanum, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 8. desember 2023](#).

Mikilvægt er að halda uppi sívirkri hagsmunagæslu gagnvart ESB á þessu viði og koma áherslum og afstöðu Íslands reglulega á framfæri við þá sem koma að mótun utanríkisviðskiptastefnu ESB. Einkum er mikilvægt að koma því á framfæri að aðgerðir sem ESB grípur til í því skyni að bregðast við utanríkisviðskiptastefnu og aðgerðum annarra ríkja leiði ekki til nýrra hindrana gagnvart íslenskum fyrirtækjum, svo sem á sviði tollamála, og er gert ráð fyrir að það verði á meðal mikilvægustu forgangsmála í hagsmunagæslu gagnvart ESB á næstu misserum, sbr. meðal annars umfjöllun [Vaktarinnar 21. nóvember 2025](#) um ákvörðun ESB um beitingu verndarráðstafana vegna innflutnings á málmblöndum, þ. á m. á kísiljárn.

(Málefnasvið: UTN, ATRN, FJR)

5.4 Beiting þvingunarráðstafanna

Á grundvelli EES-samstarfsins býður ESB EES/EFTA-ríkjunum að taka undir þvingunaraðgerðir sem áhrif hafa á innri markaðinn. Ísland hefur tekið undir og innleitt allar núgildandi þvingunaraðgerðir ESB, þ.m.t. alla þvingunaraðgerðarpakka ESB vegna innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Þvingunaraðgerðir ESB eru innleiddar í íslenskan rétt á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, að viðhöfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Alls framfylgir Ísland nú þvingunaraðgerðum gagnvart 30 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka og vegna efnavopna, alvarlegra mannréttindabrota og netárása.

Ísland hefur ekki beina aðkomu að ákvörðunum ESB um nýjar þvingunaraðgerðir eða tilnefningum á lista yfir aðila eða annað viðfang þvingunaraðgerða. Hins vegar fylgist Ísland náið með samtölum og viðræðum innan ESB um þvingunaraðgerðir og hefur m.a. undanfarið verið boðið að taka þátt í fundum ráðsins með aðildarríkjum og samstarfsríkjum um þvingunaraðgerðir (High Level Group on Union Restrictive Measures). Þá tekur Ísland þátt í samstarfi og samráði NB8 og N5 ríkja um þvingunaraðgerðir. Er talin ástæða til þess að Ísland styrki samstarf á þessu sviði enn frekar og leggi áherslu á að koma ávallt fram sem traustur og áreiðanlegur samstarfsaðili á þessu sviði þegar um er að ræða baráttu fyrir friði, mannréttindum og lýðræði.

(Málefnasvið: UTN)

5.5 Sjávarútvegsmál

EES-samningurinn nær hvorki til sjávarútvegs né landbúnaðar. Ýmis málefnasvið sem hafa nána tengingu við þessar atvinnugreinar eru þó á hinn bóginn hluti af samningnum, s.s. um matvælaeftirlit.

Í gildi eru nokkrir tvíhliða samningar milli Íslands og ESB á sviði sjávarútvegs. Fyrst ber að nefna [viðskiptasamning milli aðila frá 1972](#). Í bókun 6 við samninginn er kveðið á um tollfrelsi í viðskiptum með helstu tegundir sjávarafurða á milli aðila og tollkvóta á nokkrar tegundir. Í EES-samningnum, [bókun 9](#), er einnig fjallað um viðskipti með sjávarafurðir milli aðila. Þessir samningar veittu Íslandi u.þ.b. 95% viðskiptafrelsi með sjávarafurðir í útflutningi til ESB á árinu 1995 en með breyttri samsetningu útfluttra sjávarafurða frá Íslandi hefur þetta hlutfall farið minnkandi. Samningarnir kveða á um fullt viðskiptafrelsi með sjávarafurðir frá ESB til Íslands.

Í 115 gr. EES-samningsins er fjallað um Uppbyggingarsjóð EES. Í sömu grein er vísað til ráðstafana er varða landbúnað og sjávarútveg. Það er ástæðan fyrir því að rætt er um tollkvóta fyrir sjávarafurðir þegar samið er um framlög í Uppbyggingarsjóðinn á 7 ára fresti. Niðurstaðan varðandi tollkvótanna verður nýr viðauki við samninginn frá 1972.

Auk viðskiptasamnings með sjávarafurðir er í gildi tvíhliða fiskveiðisamningur milli Íslands og ESB frá 1992. Samkvæmt samningnum fékk Ísland 30.000 tonna veiðiheimildir í loðnu úr hlutdeild Grænlands úr loðnustofninum í skiptum fyrir 3.000 tonna veiðiheimildir í karfa við SA. Ísland. Samningurinn hefur verið óvirkur frá árinu 2011.

Loks er í gildi [samningur](#) á milli Íslands og ESB um samstarf á sviði sjávarútvegs frá 1993. Samningurinn kveður m.a. á um samstarf á sviði fiskveiðistjórnunar þ.m.t. sjálfbærni og gagnkvæm skilyrði vegna veiða hjá hvorum aðila um sig. Á árinu 2024 hófst vinna við gerð viljayfirlýsingar (e. memorandum of understanding - MOU) milli Íslands og ESB um víðtækt samstarf á sviði sjávarútvegs, s.s. á sviði sjálfbærni, rannsókna og þróunar, samstarfs í málum sem tengjast norðurskautssvæðinu, um líffræðilegan fjölbreytileika í hafinu, og um eftirlit, stjórnun og samstarf á sviði fiskeldis.

Í [samningum](#) milli Íslands og ESB um tollkvóta sem gerður var í nóvember 2023 í tengslum við samning EES/EFTA-ríkjanna um framlög í Uppbyggingarsjóð EES á tímabilinu 2021-2028 er eins og áður segir sérstakt ákvæði um heildarendurskoðun á viðskiptakjörum Íslands og ESB á samningstímanum, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 8. desember 2023](#).

(Málefnasvið: ATRN, UTN)

5.6 Landbúnaðarmál

Í viðskiptasamningi milli Íslands og ESB frá 1972, sem áður er vikið að, var einnig kveðið á um tollfrelsi með tiltekna landbúnaðarvörur, sbr. bókun 2 við samninginn. Árið 2001 var hins vegar gerður nýr viðskiptasamningur milli aðila um unnar landbúnaðarafurðir og árið 2007 enn annar samningur um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur og gildir samningurinn frá 1972, því nú einungis um sjávarafurðir.

Í EES-samningnum, [bókun 3](#), er einnig fjallað um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli aðila. Árið 2015 var gerður nýr tvíhliða samningur milli Íslands og ESB um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Sá samningur tók gildi 1. maí 2018 og var um að ræða pakka af þremur samningum, þ.e. [samning](#) um breytingar á bókun 3 við EES-samninginn um unnar landbúnaðarvörur, [samning](#) á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og [samning](#) um gagnkvæma

viðurkenningu á heitum landbúnaðarvara (e. GI) sem vísa til uppruna. Fyrri tveir samningarnir leystu af hólmi eldri samninga sem gerðir höfðu verið á sama grundvelli.

Gildandi samningar milli Íslands og ESB fela í sér víðtækt viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur á milli aðila. Þannig er fullt viðskiptafrelsi með unnar landbúnaðarvörur á milli aðila en enn eru tollar á viðkvæmum óunnum landbúnaðarvörum. Auk þess eru í gildi tollkvótar á innflutningi á helstu kjöttegundum frá ESB til Íslands ásamt skyri, smjöri og ostum. Á móti eru tollkvótar á útflutningi á íslensku lambakjöti, skyri, smjöri, osti, aliflugla- og svínakjöti frá Íslandi til ESB.

(Málefna svið: ATRN)

5.7 Heilbrigðismál

Samstarf Íslands og ESB á sviði heilbrigðismála tók miklum breytingum eftir að kórónuveirufaraldurinn braust út í byrjun árs 2020. Síðan þá hefur Ísland sóst eftir nánara samstarfi við ESB á þessu sviði og þá einkum á sviði neyðarviðbúnaðar vegna heilbrigðisógna. Þátttaka Íslands í samstarfi á þessu sviði hefur að ýmsu leyti verið felld undir EES-samningsins en einnig hafa tvíhliða viðræðum við ESB um þátttöku í samstarfi sem liggur utan samningsins átt sér stað og er þar einkum vísað til nýrrar Neyðar- og viðbragðsskrifstofu ESB á sviði heilbrigðismála (e. Health Emergency Preparedness and Response Authority - HERA). Formlegar samningaviðræður um þátttöku hófust í maí 2025. Sjá til hliðsjónar umfjöllun [Vaktarinnar 11. október 2024](#) og í [Vaktinni 30. maí 2025](#) og er gert ráð fyrir að framgangur þeirra viðræðna verði í forgangi vegna hagsmunagæslu á komandi misserum.

(Málefna svið: HRN)

5.8 Loftslagsmál

Ísland hefur um langt árabil átt í samstarfi við ESB á sviði loftslagsmála og verið nánir samstarfsaðilar við stefnumótun og innleiðingu regluverks í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar undir hatti Loftslagssamnings sameinuðu þjóðanna (UNFCCC).

Samstarf Íslands og ESB á sviði loftslagsmála er ýmist byggt á gerðum sem falla undir EES-samninginn eða eru taldar falla utan gildissviðs samningsins og getur það á tíðum verið matsatriði hvort einstakar ESB-gerðir á sviði umhverfismála falli undir EES-samninginn eða ekki. Gerðir sem varða viðskiptakerfi ESB með loftslagsheimildir (e. Emissions Trading System - ETS) hafa verið teknar upp í EES-samninginn frá árinu 2008 og taka EES/EFTA-ríkin fullan þátt í ETS-kerfinu. Hins vegar hafa aðrar ESB-gerðir vegna skuldbindinga í loftslagsmálum almennt verið taldar falla utan efnislegs gildissviðs EES-samningsins.

Árið 2015 gerðu Ísland og ESB með sér sérstakt [tvíhliða samkomulag](#) um sameiginlegar efndir á seinna skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar, 2013-2020, um 20% minnkun losunar til ársins 2020 miðað við árið 1990. Með þessu fyrirkomulagi þurfti ekki að semja um sérlausnir fyrir Ísland vegna losunar frá stóriðju á vettvangi Kýótó-bókunarinnar, vegna þess að ETS losun fellur undir EES-samninginn, en ekki samfélagslosun (ESR) eða losun og bindingar vegna landnotkunar (LULUCF).

Þegar kom að innleiðingu Parísarsamningsins var talið rétt að halda áfram samstarfi við ESB. Í lok árs 2019 urðu Ísland, ESB og Noregur ásátt um, með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2019](#), að stefna að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 40% til ársins 2030 miðað við árið 1990 og ná því markmiði með sameiginlegri framkvæmd. Í þessu fólst að megin loftslagsgerðir ESB vegna losunar er fellur ekki undir ETS-kerfið voru felldar inn í bókun 31 við EES-

samninginn í stað XX. viðauka samningsins (Umhverfismál) og innleiddar af Íslandi og Noregi. Þetta voru m.a. gerðir vegna samfélagslosunar (ESR) og losunar og bindingar vegna landnotkunar (LULUCF).

Nú standa yfir viðræður Íslands og Noregs við ESB um uppfærslu á loftslagssamstarfinu í samræmi við uppfærslu Íslands á loftslagsmarkmiði gagnvart Parísarsamningnum um 40% samdrátt í 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030 m.v. árið 1990. Ákvörðun ESB um uppfærslu losunarmarkmiðsins í 55% fyrir 2030 í stað 40% áður byggir á Græna sáttmálanum og aðgerðaáætlun undir hatti hans sem kallast „Fær í 55%“ (e. fit for 55) og er gert ráð fyrir þær viðræður verði í forgangi á næstu misserum.

Ísland líkt og önnur aðildaríki Parísarsamningsins ber að skila nýju loftslagsmarkmiði sem á að ná til ársins 2035 a.m.k. og er viðbúið að horft verði til mögulegs samstarfs við ESB í tengslum við það. Samkomulag náðist milli Evrópuþingsins og ráðherraráðs ESB um löggjafartillögu um lögfestingu á markmiðinu um 90% samdrátt í losun fyrir árið 2040 m.v. árið 1990 í desember 2025, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 19. desember 2025](#).

(Málefnað: URN)

5.9 Öryggisfjarskipti um gervihnetti

Þann 17. mars 2023 var [reglugerð ESB](#) um öryggisfjarskiptakerfi um gervihnetti (e. Infrastructure for Resilience, Interconnectivity and Security by Satellite - IRIS²) birt í stjórnartíðindum ESB. Samkvæmt reglugerðinni er markmiðið með uppbyggingu fjarskiptanets um gervihnetti að styrkja viðnámsþol þátttökuríkja við áföllum og tryggja stjórnvöldum áreiðanlegt fjarskiptakerfi sem m.a. styður við eftirlitskerfi stjórnvalda, vernd mikilvægra innviða, stjórnun á neyðarstund og við landvarnir. Miðað er við að fjarskiptanetið verði komið upp ekki síðar en 2030. Fjallað var um málið í [Vaktinni 29. september 2023](#).

Noregur hefur lagt mikla áherslu á þátttöku í áætluninni annars vegar til þess að vera í aðstöðu til að hafa áhrif á mótun kerfisins og til að tryggja stjórnvöldum aðgang að þjónustu þess þegar þar að kemur. Sömuleiðis muni kerfið tryggja netsambönd fyrir fjarlæggar byggðir og svæði sem hafa ekki aðgang að fjarskiptainnvíðum á landi. Þá vilja norsk yfirvöld tryggja norskum rannsóknastofnunum og fyrirtækjum á geimvísindasviði aðgang að verkefnum við þróun og uppbyggingu kerfisins. Aðild Noregs að Geimvísindastofnun Evrópu, ESA, styður auk þess við þetta markmið þeirra.

Á ríkisstjórnarfundum 8. september 2023 kynnti páverandi háskóla,- iðnaðar og nýsköpunarráðherra minnisblað um áætlunina og mögulega aðkomu Íslands að henni og Govsatcom-kerfis ESB. Govsatcom-kerfið, sem kveðið er á um í áðurnefndri reglugerð, snýr að uppbyggingu öruggs fjarskiptakerfis fyrir opinbera aðila, s.s. viðbragðsaðila, löggæslu, landhelgisgæslu o.s.frv. Kerfið kemur til með að nýta IRIS2 gervihnettina fyrir þjónustuna. Í framhaldi af minnisblaði ráðherra var ákveðið að hefja samtal við framkvæmdastjórn ESB um mögulega þátttöku Íslands í báðum þessum áætlunum og hófust formlegar viðræður við ESB í júní 2025 og lá efnislegt samkomulag um málið fyrir í lok síðasta árs, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 7. nóvember 2025](#). Samkomulag um aðild Íslands var síðan undirritað 26. mars 2026, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 27. mars 2026](#).

(Málefnað: IRN, MNH)

5.10 Norðurslóðamál

Í október 2021 [birti](#) ESB stefnu í málefnum norðurslóða. Í stefnunni er fjallað um með hvaða hætti ESB getur stutt við jákvæða og sjálfbæra þróun á norðurslóðum. Einkum er horft til umhverfis- og loftslagsþátta en einnig til þess að tryggja stöðugleika, frið og öryggi á norðurslóðum. Helstu aðgerðirnar sem ESB horfir til í framlagi sínu er að efla umræðu um málefni norðurslóða, að takast á við efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga á svæðinu með sjálfbærum hætti o.fl. ESB hefur gefið til kynna að það að það sé reiðubúið að leggja fram fjármagn til þessara aðgerða, m.a. í gegnum samstarfsáætlanir sambandsins. Ljóst er að mikilvægi norðurslóða fer sífellt vaxandi og þróun á alþjóðasviðinu hefur orðið til þess að beina kastljósinu enn frekar að svæðinu. Ísland hefur líkt og ESB mótað sér stefnu í málefnum norðurslóða, sjá nánar [hér](#). Aukin fókus hefur færst á málefni norðurslóða á síðustu misserum og samþykki Evrópuþingið m.a. ályktun um stefnu ESB í málaflokknum 26. nóvember 2025, sbr. umfjöllun [Vaktarinnar 5. desember 2025](#). Þá er unnið að mótun nýrrar stefnu í málaflokknum á vettvangi ESB og var m.a. efnt til [opins samráðs](#) um áherslur í þeirri stefnumótun, sbr. umfjöllun í [Vaktinni 30. janúar 2026](#). Er gert ráð fyrir að samstarf og samvinna við ESB í málefnum norðurslóða verði á meðal forgangsmála í hagsmunagæslu á komandi misserum og árum.

(Málefnasvið: UTN o.fl.)

6. Niðurstöður: Forgangslisti við hagsmunagæslu

Samkvæmt niðurstöðum greininga í 4. og 5. kafla:

6.1 Mál þar sem talið er að Ísland kunni að eiga sérstakra hagsmuna að gæta

- **Fjárfestingaáætlun um sjálfbærar samgöngur** (e. Sustainable Transport Investment Plan).
- **Löggjafartillaga um endurskoðun á tilskipun um opinber innkaup** (e. Revision of the Public Procurement Directive).
- **Tillaga um nýjan samkeppnishæfnissjóð** (e. European Competitiveness Fund) https://transport.ec.europa.eu/system/files/2023-07/COM_2023_445_0.pdf
- **Breytingar á regluverki um áfallastjórnun banka og innstæðutryggingakerfi** (e. bank crisis management and deposit insurance framework, CMDI).
- **Endurskoðun á tollabandalagi og tollkerfi ESB** (e. [Union Customs Code](#))
- **Endurskoðun lyfjalöggjafar ESB** (e. [EU's pharmaceutical legislation](#))
- **Reglugerðir um endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna- rafeldsneyti** (e. [Renewable Fuels of Non-Biological Origin - RFNBO](#))
- **Reglugerð um umbúðir og umbúðaúrgang** ([Regulation on Packaging and Packaging Waste – PPWR](#))

- **Löggjafartillaga um mikilvæg og lífsnauðsynleg lyf** (e. [Critical Medicines Act](#))
- **Stofnun nýs varnarmálasjóðs** (e. European Defence Fund)
- **Aðgerðaáætlun um öryggi sæstrengja** (e. [EU Action Plan on Cable Security](#))
- **Löggjafartillaga um samræmingu almannatrygginga**, ([Proposal for a REGULATION amending Regulation \(EC\) No 883/2004 on the coordination of social security systems and regulation \(EC\) No 987/2009 laying down the procedure for implementing Regulation \(EC\) No 883/2004.](#))
- **Löggjafartillaga um breytingu á loftslagslögum ESB** (e. European Climate Law amendment).
- **Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í iðnaði, sjóflutningum o.fl.** (e. [Emissions Trading System – ETS Industry, maritime and more](#))
- **Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í flugi** (e. [Emissions Trading System – ETS](#))
- **Löggjafartillaga um breytingar á reglugerð um ráðstafanir til að vernda fiskistofna gegn ósjálfbærum veiðum** (e. [Proposal for a REGULATION on certain measures for the purpose of the conservation of fish stocks in relation to countries allowing non-sustainable fishing](#))
- **Löggjafartillaga um rýni beinna erlendra fjárfestinga**. (e. [Proposal for a regulation on the screening of foreign investments in the Union and repealing Regulation \(EU\) 2019/452 of the European Parliament and of the Council](#))
- **Ný langtíma fjármálaáætlun ESB 2028 – 2035** (e. Post-2027 Multiannual Financial Framework proposals) **og samstarfsáætlanir ESB** (e. EU programmes)
- **Tilskipun um orkunýtni bygginga** (e. [Energy Performancy Building Directive – EPBD](#))
- **Reglugerð um kolefnisjöfnunargjald við landamæri** (e. [Carbon Border Adjustment Mechanism – CBAM](#))
- **Reglugerð um vistvænt flugvélaeldsneyti** (e. [RefuelEU Aviation](#))
- **Reglugerð um breytingar á reglugerð um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt** (e. [Land-use, land-use change and Forestry - LULUCF](#))
- **Reglugerð um breytingar á reglugerð um samfélagslosun** (e. [Effort Sharing Regulation - ESR](#))

- **Vottunarramma vegna fjarlægingar kolefnis** (e. [Carbon Removals and Carbon Farming Certification – CRCF](#))
- **Reglugerð um Félagslega loftslagssjóðinn** (e. [Social Climate Fund – SCF](#))
- **Reglugerð um stafræna markaði** (e. [Digital Markets Act](#)).
- **Reglugerð um stafræna þjónustu**. (e. [Digital Services Act](#)).
- **Reglugerð um kolefnishlutlausan iðnað** (e. [Net Zero Industry Act - NZIA](#)).
- **Reglugerð um mikilvæg hráefni** (e. [Critical Raw Materials Act - CRMA](#)).
- **Tilskipun um hreinsun skólps frá þéttbýli** (e. [Urban Waste Water Treatment Directive](#)).
- **Reglugerð um stofnun Evrópsku Peningaþvættisstofnunar** (e. [Regulation establishing the Authority for Anti-Money Laundering and Countering the Financing of Terrorism and amending](#))
- **Reglugerð um varnir gegn eyðingu skóga** (e. [Deforestation Regulation](#)).
- **Löggjafartillaga um iðnaðarhraðal** (e. [Industrial Accelerator Act](#)).
- **Löggjafartillaga um nýtt regluverk á sviði fjarskipta** (e. [Digital Networks Act](#)).
- **Löggjafapakki um líftækni iðnað** (e. [European Biotech Act](#)).
- **Löggjafartillaga um 28. lögsagnarumdæmið fyrir nýsköpunarfyrirtæki** (e. [28th Regime for Innovative Companies](#)).
- **Löggjafartillaga um eflingu á starfsemi Löggæslustofnunar Evrópu, Europol** (e. [Strengthening Europol](#)).
- **Áætlun um aukna framleiðslugetu á vistvænu eldsneyti** (e. [Sustainable Transport Investment Plan](#)).

6.2 Mál sem rétt þykir að forgangsraða á grundvelli annarra sjónarmiða

- **Ýmsar löggjafartillögur til einföldunar regluverks**, þar á meðal bandormstillögur (e. [Omnibus packages](#)), á mismunandi málefnasviðum eru boðaðar undir þessum þætti áætlunarinnar.
- **Löggjafartillaga um sameiginlega nálgun við endursendingar á fólki í ólögmati för** (e. [New common approach on returns](#)).
- **Endurbætur á vegabréfsáritunarstefnu ESB** (e. [EU Visa Policy Strategy](#)).
- **Leiðarvísir um réttindi kvenna** (e. [Roadmap for Women's Rights](#)).

- **Endurskoðun á stefnu ESB í málefnum hinsegin fólks** (e. strategy on LGBTIQ+ equality)
- **Tilskipun um viðunandi lágmarkslaun** (e. [Directive on adequate minimum wages in the European Union](#))
- **Stefnumótun um jafnrétti kynjanna 2026 – 2030** (e. [Gender equality strategy 2026-2030](#))

6.3 Mál þar sem upptaka í EES-samninginn hefur tafist óhóflega

- **Gerðir sem varða erfðabreytt matvæli**
- **Hagtölugerðir**
- **Orkugerðir**

6.4 Sérstök vöktun stefnumótunaráætlana

Samkvæmt niðurstöðum greininga í 4. kafla:

- **Leiðarvísir fyrir aukna samkeppnishæfni** (e. [Competitiveness Compass](#)).
- **Stefnumótun fyrir innri markaðinn** (e. [Single Market Strategy](#)).
- **Hreinatvinnustefna; vegvísir til aukinnar samkeppnishæfni og afkolunar** (e. [Clean Industrial Deal: A joint roadmap for competitiveness and decarbonisation](#)).
- **Aðgerðaáætlun um bætt aðgengi að orku á viðráðanlegu verði** (e. [Affordable Energy Action Plan](#)).
- **Stefna um sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og vöxt þeirra** (e. EU start-ups and scale-ups).
- **Stefnumótun um sparnaðar- og fjárfestingasamband ESB** (e. [Savings and Investment Union](#)).
- **Gervigreindaráætlun** (e. [AI Continent Action Plan](#)).
- **Skammtafræðiaáætlun** (e. [Quantum Strategy of EU](#)).
- **Áætlun um lífhagkerfið** (e. [Bioeconomy Strategy](#)).
- **Aðgerðaráætlun um jarðvarma** (e. [Geothermal action plan](#)).
- **Hvítbók um varnarmál og endurvopnunaráætlun ESB** (e. [White Paper on the Future of European Defence](#) and ReArm Europ Plan/Readiness 2030)
- **Viðbúnaðaráætlun ESB** (e. [Preparedness Union Strategy](#)).
- **Stefna um stuðning við læknisfræðilegar mótvægisaðgerðir gegn lýðheilsuógnum** (e. [Strategy to support medical countermeasures against public health threats](#)).
- **Birgðastöðuáætlun ESB** (e. [EU Stockpiling Strategy](#))

- **Stefna um innri öryggismál ESB** (e. [New European Internal Security Strategy](#))
- **Nýtt miðlægt samskiptakerfi fyrir stjórnvöld sem sinna öryggismálum, m.a. vegna skipulagðrar glæpastarfsemi** (e. European Critical Communication System).
- **Stefnumótun um aukna færni vinnuafls - Færniátak** (e. [Union of Skills](#)).
- **Menntastefna á sviði verkfræði, stærðfræði, raunvísinda og náttúruvísinda** (e. [STEM Education Strategic Plan](#))
- **Neytendastarfsskrá og aðgerðaáætlun um bætta stöðu neytenda á innri markaðinum** (e. Consumer Agenda 2025-2030, including an action plan for consumers in the Single Market).
- **Stefna um aðgerðir gegn fátækt** (e. EU Anti-Poverty Strategy).
- **Húsnæðisstefna ESB** (e. European Affordable Housing Plan).
- **Sáttmáli um málefni hafsins** (e. Ocean Pact).
- **Stefnuáætlun um viðnámsþol vatns** (e. European Water Resilience Strategy).
- **Aðgerðaáætlun um aðlögun vegna loftslagsbreytinga** (e. European integrated framework for climate resilience).
- **Áætlun um lýðræðisvarnir** (e. European Democracy Shield).
- **Ný efnahagsutanríkisstefna ESB** (e. Economic Foreign Policy).
- **Stefnumótun og umbætur sem talið er nauðsynlegt að ráðast í áður en til inntöku nýrra aðildarríkja kemur** (e. An EU fit for enlargement: policy reviews and reforms).
- **Stefnumörkun um evrópskar hafnir** (e. **EU Ports Strategy**)
- **Stefnumörkun um málefni siglinga og siglingatengds iðnaðar** (e. **EU Industrial Maritime Strategy**).
- **Áætlun leiðtogaáðs ESB um samkeppnishæfni: Ein Evrópa, einn markaður** (e. [One Europe, One Market](#))
- **Aðgerðapakki til að styrkja fullveldi ESB á sviði tæknimála og gervigreindar** (e. [Tech sovereignty package](#))
- **Stefnumótun um samheldni og stuðning við eyja- og strandsamfélög** (e. [Communication on islands and coastal communities](#)).
-

6.5 Mál sem varða tvíhliða samskipti Íslands og ESB

Samkvæmt niðurstöðum greininga í 5. kafla:

- **Samstarf í öryggis- og varnarmálum.**

- Landamæravarsla og innri öryggismál – Schengen-samstarfið.
- Hagsmunagæsla gagnvart ESB vegna mögulegra ráðstafanna í tollamálum.
- Samstarf við beitingu þvingunarráðstafanna í þágu friðar, lýðræðis og mannréttinda.
- Samningaviðræður milli Íslands og ESB um markaðsaðgang með sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir skv. endurskoðunarákvæði í samningi EES-EFTA ríkjanna við ESB um framlög í Uppbyggingarsjóð EES og um tollkvóta frá nóvember 2023.
- Samningaviðræður um nýtingu deilistofna og skiptingu veiðiheimilda í Norður-Atlantshafi. Aðrar þjóðir sem koma að þessum samskiptum eru Noregur, Færeyjar, Bretland og Grænland.
- Viðræður um þátttöku í heilbrigðissamstarfi sem liggur utan EES-samningsins, m.a. þátttaka Íslands í nýrri Neyðar- og viðbragðsskrifstofu ESB á sviði heilbrigðismála (e. Health Emergency Preparedness and Response Authority - HERA).
- Viðræður Íslands, Noregs og ESB vegna upptöku uppfærðra loftslagsgerða í EES-samninginn byggt á uppfærðu loftslagsmarkmiði gagnvart Parísarsamningnum úr 40% samdrátt í 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030 m.v. árið 1990. Ásamt viðræðum varðandi mögulegt samstarf eftir 2030.
- Viðræður um þátttöku Íslands í samstarfsáætlun ESB um öryggisfjarskipti um gervihnetti og samstarfsáætlun ESB um fjarskiptakerfi fyrir opinbera aðila.
- Samstarf við ESB í málefnum Norðurslóða.